


**skoðun** 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn
Út að borða








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. febrúar 2012
45. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Langt flug – lítil vinna

*Þorvaldur Davíð er kominn heim til að laga nokkrar setningar í Svartur á leik.*

**fólk** 30

## Við mótum framtíðina

*Heldur er að lifna yfir íslenskum þjóðarbúskap, skrifar Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.*

**skoðun** 13



## 34 titlar hjá Sigurði

*Fáir þekkja sigurvímuna betur en Keflvíkingurinn Sigurður Ingimundarson.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**ÚRKOMA N-TIL** Í dag verður víða fremur hægur vindur en hvassara á Vestfjörðum. Úrkoma norðan til en skúrir eða él SV-lands. Vægt frost N-til síðdegis en að 6 stigum sunnan til.

**VEÐUR** 4

# Stærsta einkavæðing Íslands

**Sjö félög hafa tilkynnt opinberlega að þau stefni að skráningu í Kauphöll Íslands. Þau eru öll, að hluta til eða öllu leyti, í eigu Landsbankans. Íslenska ríkið er langstærsti eigandi Landsbankans með 81% hlut.**

**VIÐSKIPTI** Horn fjárfestingafélag hf. verður skráð á hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands í lok mars eða byrjun apríl næstkomandi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Auk Horns er gert ráð fyrir að sex önnur félög muni óska eftir skráningu á markað á síðari hluta þessa árs eða á fyrri hluta þess næsta. Þau eru öll, beint eða óbeint, að hluta til eða öllu leyti í eigu Landsbankans. Landsbankinn er í 81 prósents eigu íslenska ríkisins. Virði eigna þessara félaga hleypur á hundruðum milljarða króna. Ljóst er að gangi öll söluáformin eftir mun verða um að ræða stærstu sölu eigna í eigu ríkisins sem farið hefur fram í Íslandssögunni.

**Félög á leið á hlutabréfamarkað**

| | |
|---|---|
| Horn fjárfestingafélag | í 100% eigu Landsbankans |
| Eimskip | 3,95% í eigu Horns fjárfestingafélags |
| Reginn fasteignafélag | 100% í eigu Landsbankans |
| Reitir | 29,6% í eigu Landsbankans |
| Advania | 79% í eigu FSÍ. Landsbankinn á 27,5% í FSÍ |
| N1 | 55% í eigu FSÍ. Landsbankinn á 27,5% í FSÍ |
| Landsbankinn | 81% í eigu íslenska ríkisins |

Horn er að fullu í eigu Landsbankans. Félagið á meðal annars um helmingshlut í Promens, sem er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu plastafurða, og 12,5 prósenta hlut í Eyri Invest, stærsta einstaka eiganda Marels. Búist er við því að næsta félag á eftir Horni til að skrá sig á markað verði Eimskip og að það muni gerast í lok september eða byrjun október. Horn á 3,95 prósenta hlut í Eimskipi.

Á meðal annarra fyrirtækja sem hafa tilkynnt um skráningaráform eru Reginn, fasteignafélag í 100 prósenta eigu Landsbankans, og Reitir, fasteignafélag sem Landsbankinn á 29,6 prósenta hlut í.

Þá hefur verið greint frá því opinberlega að eigendur Advania og olíurisans N1 hafi hug á því að skrá þau félög á markað. Búist er við því að það geti gerst seint í haust eða á fyrri hluta ársins 2013.

Framtakssjóður Íslands (FSÍ) á 79 prósenta hlut í Advania og um 55 prósenta hlut í N1. Stærsti einstaki eigandi FSÍ er Landsbankinn.

Þá lýstu bæði Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, því opinberlega yfir fyrir í lok síðasta árs að vilji væri til þess að skrá bankann á markað. Steinþór sagði í viðtali við Klinkið á Vísi.is í desember síðastliðnum að hann teldi það geta gerst á árinu 2012.

**- þsj / sjá Markaðinn**



**DAGAMUNUR** Sólin hefur látið sjá sig að undanförnu og skein glatt á þessar mæðgur í fjörunni við Gróttu. Daginn er sífellt að lengja og verður sólarupprás í dag klukkan 9.01 og sólsetur klukkan 18.22. Dagurinn verður því níu klukkustundir og 21 mínúta, en til samanburðar var dagurinn aðeins rétt rúmar sjö klukkustundir hinn 1. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rannsókn meistaranema:

## Neikvætt viðhorf til asískra kvenna algengt

**SAMFÉLAGSMÁL** Lítilsvirðing í garð asískra kvenna er áberandi í íslenskum fjölmiðlum, bókmenntum og kvikmyndum. Þetta er niðurstaða rannsóknar Cynthiu Trililani, meistaranema í menntunarfræðum í Háskóla Íslands.



CYNTHIA TRILILANI

Í viðtali við Fréttablaðið segir Cynthia að Íslendingar séu gjarnir á að alhæfa um asískar konur. Hún kveðst tala út frá eigin reynslu og vinkvenna sinna.

„Sérstaklega eru það karlmenn sem líta niður á asískar konur með dökkan húðlit. Ef ég fer í bæinn að skemmta mér fæ ég spurningar eins og: Hvað kostar?“

**- gun / sjá síðu 22**

Samningur íslensks sprotafyrirtækis auðveldar evrópskum lögreglumönnum lífið:

# Forrit finnur barnaníð í tölvum

**TÆKNI** Íslenskt fyrirtæki sem hannað hefur tölvuforrit sem nýtist lögreglu við rannsókn á ólöglegu myndefni hóf í gær samstarf við breskt fyrirtæki til að koma forritinu í notkun erlendis.

Forritið, sem hefur verið í þróun hjá Videntifier Technologies síðustu ár, ber kennsl á myndefni án þess að mannsaugað komi þar nærri. Með því að bera myndbönd sem lögregla finnur á tölvum brotamanna saman við gagnagrunn getur forritið þekkt ólöglegt myndefni og sparað lögreglu að fara yfir það.

Þá getur lögregla einnig komið sér upp gagnagrunni með ólöglegu efni, til dæmis efni sem sýnir ofbeldi gegn börnum, og notað forritið til að finna myndbönd sem áður hafa komið til lögreglu, segir Friðrik Ásmundsson, þróunarstjóri hjá Videntifier.

Forritið getur hlíft lögreglumönnum við það ógeðfellda verkefni að horfa á slík myndbönd upp að vissu marki.

Forritið var þróað í samstarfi við lögregluyfirvöld hér á landi, og hefur verið í notkun hér í tvö ár, segir Friðrik. Forritið hefur þegar verið selt til lögregluembætta í Bretlandi, og til stendur að koma því í notkun víðar í Evrópu.

**- bj**









## SPURNING DAGSINS



*Magnús, ertu ekki bara sáttur?*

Jú, ég er það. Þröngt mega sáttir sitja.

Magnús Pétursson er ríkissáttasemjari. 63 kjaradeilum var vísað til ríkissáttasemjara í fyrra og hafa málin aðeins einu sinni verið fleiri.

Bandaríkjamenn brenndu eintök af Kóraninum sem fangar höfðu notað:

# Afganar mótmæla bókabrennu

**AFGANISTAN, AP** Meira en tvö þúsund fokreiðir Afganar mótmæltu fyrir utan flugstöð Bandaríkjahers í Bagram, skammt norðan við höfuðborgina Kabúl.

Mennirnir voru óánægðir við að eintök af Kóraninum, hinni helgu bók múslima, hefðu verið brennd á báli ásamt ýmiss konar rusli í herstöðinni.

Yfirmaður í hernum segir að ákveðið hafi verið að brenna bækurnar vegna þess í þær var búið að skrifa ýmis skilaboð og athugasemdir með öfgakenndum boðskap. Bækurnar hafi verið í bókasafni fangelsis skammt frá, þar sem fangarnir hafi greinilega notað bækurnar til að skiptast á skilaboðum og breiða út öfgahugmyndir. Bókabrennan snerti hins vegar viðkvæmar taugar og vakti hörð viðbrögð.

Mótmælendurnir köstuðu grjóti, kveiktu í hjólbörðum og sumir skutu af byssum upp í loftið. „Drepist, drepist útlendingar," hrópuðu sumir. **- gb**



**MÓTMÆLI Á BAGRAM-FLUGVELLI** Maður heldur á brunnum Kórani, sem bandarískir hermenn eru sagðir hafa kveikt í. NORDICPHOTOS/AFP

Góð sala á nautakjöti 2011:

# Hver maður borðar 10 kíló

**LANDBÚNAÐUR** Landsmenn borðuðu samtals 3.134 tonn af nautakjöti á síðasta ári samkvæmt samantekt Landssambands kúabænda. Það þýðir að hver Íslendingur borðaði að meðaltali tæp tíu kíló af nautakjöti á árinu.

Stærstur hluti nautakjötsins var framleiddur hér á landi. Alls voru 434 tonn af nautakjöti flutt inn, tæplega 14 prósent af heildarmagninu. Stærstur hluti innflutningsins kom frá Hollandi, en einnig er mikið flutt inn frá Þýskalandi og Danmörku. **- bj**

# Hótar að fara fram á gjaldþrot Framsóknar

**Sýslumaður gerir árangurslaust fjárnám hjá Framsókn í Reykjavík sem skuldar 3,6 milljónir vegna auglýsinga í strætóskýlum. Eigandi skýlanna hefur tvær vikur til að krefjast gjaldþrotaskipta yfir félaginu. Hann hefur ekki gert upp hug sinn.**

**VIÐSKIPTI** Sýslumaðurinn í Reykjavík gerði árangurslaust fjárnám hjá Framsóknarflokknum í Reykjavík á mánudaginn fyrir viku að kröfu JCDecaux á Íslandi, sem á og rekur velflest strætóskýli í Reykjavík.

Flokkurinn birti auglýsingar í strætóskýlunum fyrir alþingiskosningarnar 2009 og skuldaði fyrirtækinu vegna þess 2,3 milljónir króna. Sú skuld stendur nú í 3,6 milljónum.



**EINAR HERMANNSSON**

Eftir fjárnámið árangurslausa hefur JCDecaux þrjár vikur til að fara fram á að flokksfélagið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Framkvæmdastjórinn, Einar Hermannsson, segist ekki vera búinn að ákveða hvort hann grípi til þess úrræðis.

„Ég er nú talsmaður samninga en það er náttúrulega ekki hægt að láta þá komast upp með þetta," segir Einar.

Flokkurinn hefur gert ágreining um skuldina og málið fór alla leið fyrir héraðsdóm sem dæmdi JCDecaux í vil. Framsóknarflokkurinn boðaði að málinu yrði vísað til Hæstaréttar en í millitíðinni ákvað fyrirtækið að verða sér úti um tryggingu fyrir greiðslunni með fjárnámi.

Þegar til kastanna kom mætti enginn frá Framsóknarflokknum til að vera viðstaddur fjárnámsgerðina hjá sýslumanni og því var það lýst árangurslaust.

„Þeir eru búnir að tapa málinu í héraði og ber að greiða þessa skuld," segir Einar, sem furðar sig á vinnubrögðum stjórnmálaflokksins. „Ég er mjög hissa á að flokkurinn skuli láta þetta fara þessa leið," segir hann.

Deilan er við flokksfélagið í Reykjavík en Einar útilokar ekki að reyna að sækja að æðri stofnunum. „Ég veit ekki hvernig regnhlífin virkar – hvort Framsóknarflokkurinn ber ábyrgð á þeim – en það er klárlega eitthvað sem við munum kanna." **stigur@frettabladid.is**



**SKULDA** Kosningabarátta Framsóknarflokksins fyrir alþingiskosningarnar 2009 hefur getið af sér tvö dómsmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Annað árangurslaust fjárnám í janúar

Þetta er í annað sinn á þessu ári – hið minnsta – sem gert er árangurslaust fjárnám hjá Framsóknarflokknum. Í janúar gerði Sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám sem reyndist árangurslaust hjá flokknum sjálfum, en ekki Reykjavíkurfélaginu eins og í tilfelli JCDecaux, að kröfu þrotabús auglýsingastofunnar Góðs fólks.

Þar var einnig um að ræða vinnu við kosningaherferðina árið 2009 og sú tveggja milljóna króna krafa fyrir líka fyrir dóm þar sem flokkurinn taldi að stofan hefði verðlagt vinnu sína of hátt. Skuldin fékkst ekki greidd fyrr en eftir fjárnámið árangurslausa.



**VERÐANDI FORELDRAR** Viktoría krónprinsessa og Daníel prins.

Sænska krónprinsessan:

# Fær barnabætur eins og aðrir

**SVÍÞJÓÐ** Viktoría krónprinsessa af Svíþjóð og Daníel prins, eiginmaður Viktoríu, fá hefðbundnar barnabætur frá sænsku tryggingastofnuninni þegar barn þeirra er komið í heiminn hvort sem þau vilja það eða ekki.

Fréttavefur Dagens Nyheter vitnar í starfsmann tryggingastofnunarinnar sem segir að allir foreldrar fái þessar bætur. Vilji krónprinsessan og eiginmaður hennar ekki halda bótunum verði þau að gefa peningana.

Viktoría og Daníel eiga einnig rétt á fæðingarorlofsgreiðslum en þó ekki fullum greiðslum. **- ibs**

## MENNTAMÁL

### Erla Björk skipuð rektor

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur skipað Erlu Björk Örnólfsdóttur í embætti rektors Hólaskóla – Háskólans á Hólum til fimm ára frá 1. apríl næstkomandi.

AGS heimsækir Ísland:

# Fundað um efnahagsmálin

**EFNAHAGSMÁL Starfshópur á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er staddur hérlendis til reglubundinna funda um stöðu efnahagsmála hér. Fundaröðin hófst í gær og lýkur á föstudag eftir viku.**



**FRANEK ROZWADOWSKI**

**Viðræðurnar eru hluti af reglubundnu efnahagssamráði samkvæmt svonefndu Article IV ákvæði í samningum AGS við aðildarríki, auk þess sem þær eru hluti af reglubundnu eftirliti með þjóðum sem lokið hafa efnahagsáætlun í samstarfi við AGS.**

**„Í viðræðunum við stjórnvöld metur starfshópur AGS efnahagslega áhættuþætti, jafnt innlenda sem erlenda, og ráðleggur um viðbrögð," segir Franeks Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi, í tilkynningu.** **- óká**

Þjófar stálu peningaskápum:

# Spor kom lögreglu á slóðina

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir í gær og játuðu að hafa brotist inn á tveimur stöðum aðfaranótt mánudags og stolið peningaskápum.

Þjófarnir fóru tómhentir frá fyrri staðnum þar sem peningaskápur þar var of þungur, en þeir höfðu á brott með sér tvo minni peningaskápa frá síðari staðnum.

Lögreglumenn fundu skófar á vettvangi og heimsóttu í kjölfarið þekktan brotamann. Þar sáu þeir skó í forstofu sem litu kunnuglega út. Maðurinn var handtekinn og í kjölfarið vitorðsmenn hans tveir. Lögreglu tókst að endurheimta hluta ránsfengsins, sem mun ekki hafa verið stór. **- bj**






Maður sem var langþreyttur á dyraati mátti ekki svipta níu ára dreng frelsi sínu:

# Hrekkjalómur gerði á sig af hræðslu

**DÓMSMÁL** Fjölskyldufaðir var í gær fundinn sekur um frelsissviptingu í Héraðsdómi Reykjavíkur og gert að greiða ellefu ára dreng hundrað þúsund krónur í bætur fyrir að valda honum miklu andlegu áfalli í janúar 2010.

Drengurinn, þá níu ára, gerði dyraat heima hjá manninum að kvöldi til ásamt vini sínum. Maðurinn bar við yfirheyrslu hjá lögreglu að hann hafi verið orðinn langþreyttur á reglubundnu dyraati heima hjá sér undanfarna þrjá mánuði. Hann hafi því hlaupið út á sokkaleistunum, staðráðinn í að hafa hendur í hári pörupiltanna.

Hann náði öðrum þeirra, og var ákærður fyrir að hafa tekið helst til harkalega á honum, gripið í háls hans, hrist hann svo hann féll, hótað að flengja hann og svo farið með hann í íbúð sína og haldið honum þar nauðugum þar til föður drengsins bar að garði. Ríkissaksóknari taldi að maðurinn hefði gerst sekur um líkamsárás, hótun og brot gegn frjálsræði og barnaverndarlögum.

Drengnum varð svo mikið um aðfarirnar að hann missti bæði þvag og hægðir og hefur átt mjög erfitt með að jafna sig.

Dómurinn segir að manninum „hafi verið rétt, eins og á stóð og lýst hefur verið, að reyna að hafa hendur í hári þess eða þeirra sem höfðu valdið honum og fjölskyldu hans ónæði". Við það hafi hann ekki farið yfir strikið og hvorki beitt ofbeldi né hótunum. Hins vegar hafi hann átt að fara með drenginn rakleiðis heim til hans, en ekki heim til sín. Það sé frelsissvipting.

Ákvörðun refsingar er frestað í tvö ár. **- sh**

## Daglegt líf hefur raskast mjög

Drengurinn er haldinn áfallastreituröskun eftir atburðinn, að mati geðhjúkrunarfræðings sem mat ástand hans. Fljótlega á eftir fór að bera á því að drengurinn óttaðist að vera einn, þyrði ekki að sofa einn og svefntruflanir með martröðum gerðu vart við sig. Hann var hræddur og kvíðinn heima hjá sér, einkum á kvöldin, sá atburðinn fyrir sér og athugaði í sífellu hvort dyr eða gluggar væru lokuð og læst. „Hans daglega líf hefur því raskast mikið," segir í matinu. Stuttu áður en dómur féll hitti geðhjúkrunarfræðingurinn hann aftur og hafði hann þá ekki enn náð sér að fullu.

BARNALAND/
BARNAPÖSSUN
500 kr. fyrir öll börn
í Barnalandið og
frí andlitsmálning

# Ösku dagur

Komdu með börnin í Smáralind í dag og njóttu tilboða í tilefni dagsins. Verslanir taka vel á móti syngjandi börnum **kl. 11-13** og launa þeim með góðgæti.

Kötturinn verður sleginn úr tunnunni sem er full af nammi í boði **Freyju**. **Ölgerðin** gefur krökkum Floridana safa.

## Dagskrá

| | |
|---|---|
| 11.00-13.00 | Börnin syngja og fá nammi í verslunum Smáralindar |
| 13.00-14.00 | Kötturinn sleginn úr tunnunni fyrir framan Hagkaup |
| 14.00 | Skemmtun í Skemmtigarðinum |

Skemmtigarðurinn Smáralind · Freyja · Ölgerðin Egill Skallagrímsson




*Gildir ekki um kranana og Tívolíleikir safna ekki punktum



ENNEMM / SIA / NM50721

## GENGIÐ 21.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,27 | 123,85 |
| Sterlingspund | 194,88 | 195,82 |
| Evra | 163,11 | 164,03 |
| Dönsk króna | 21,934 | 22,062 |
| Norsk króna | 21,676 | 21,804 |
| Sænsk króna | 18,516 | 18,624 |
| Japanskt jen | 1,5438 | 1,5528 |
| SDR | 190,59 | 191,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,3517

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari krefst fimm ára fangelsis fyrir mann sem ætlaði að flytja þýfi úr landi:

# Játaði aðild að úraráni fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Marcin Tomasz Lech játaði fyrir dómi í gær að hafa ætlað að flytja armbandsúr sem rænt var úr úraversluninni Michelsen við Laugaveg í október í fyrra.

Ríkissaksóknari krafðist þess við aðalmeðferð málsins í gær að Lech yrði dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir aðild sína að ráninu, að því er fram kom á Vísi í gær. Lech er einn fjögurra pólskra ríkisborgara sem komu hingað til lands til að ræna verslunina.

Samverkamenn hans rændu úrunum og komu sér í kjölfarið úr landi. Hlutverk Lechs var að koma ránsfengnum úr landi. Hann sagði fyrir dómi í gær að hann hafi grunað að lögreglan væri komin á slóð sína þegar bíll sem hann hafði falið þýfið í var gegnumlýstur á leið í ferjuna Norrænu. Verðmæti þýfisins er talið hafa numið 50 til 70 milljónir króna.

Verjandi Lechs sagði fyrir dómi í gær að ásættanlegur dómur fyrir brotið væri þriggja til fjögurra ára fangelsisdómur, samkvæmt frásögn Vísis. Lech hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því að hann var handtekinn í október í fyrra, og myndi sá tími dragast frá fangelsisdómi sem hann mun að líkindum þurfa að afplána. **- bj**



**JÁTAÐI** Marcin Tomasz Lech játar að hafa ætlað að flytja úr sem rænt var úr úraverslun við Laugaveg úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vildi umræðu um Hverahlíð:

## Meirihlutinn tjáði sig ekki

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingar vildu ekki tjá sig um verkefnisfjármögnun Hverahlíðarvirkjunar á fundi borgarstjórnar í gær.

Málið var tekið á dagskrá að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna. Umræðan varð hins vegar endaslepp af ofangreindum ástæðum.

Nú standa yfir óformlegar viðræður Orkuveitu Reykjavíkur við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda í Hverahlíð. **- bj**



**ÍSAFJÖRÐUR** Talið er að um 26.000 erlendir ferðamenn hafi heimsótt bæinn síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fleiri heimsækja Vestfirðina:

## Helmingi fleiri ferðamenn

**ÍSAFJÖRÐUR** Árið 2011 komu rúmlega helmingi fleiri ferðamenn til Ísafjarðar heldur en árið 2008. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar vann fyrir Markaðsstofu Vestfjarða og greint er frá á vef Bæjarins besta.

Áætlað er að um 26 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Ísafjörð síðasta sumar. Talið er að bættar vegasamgöngur um Þröskulda og brú yfir Mjóafjörð hafi þar umtalsverð áhrif, sem og aukin fjölbreytni skipulagðra ferða um norðanverða Vestfirði síðustu ár. **- sv**

HH funda með forsetanum:

## Afhentu 38.000 undirskriftir

**FORSETI Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) fundaði með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, á mánudag. Þar voru honum afhentar tæplega 38.000 undirskriftir til stuðnings kröfunni um leiðréttingu á stökkbreyttum lánum heimilanna og afnám verðtryggingar eða þjóðaratkvæðagreiðslu þar um.**

**„Áhugavert verður að fylgjast með því á næstunni hvað forsetinn gerir með þær og hvort hann bregst við með einum eða öðrum hætti til verndar almannahagsmunum," segir meðal annars í tilkynningu frá HH. - sv**

# Þjóðin fái að kjósa um stjórnarskrána

**Umræðu um hvort bera eigi drög stjórnlagaráðs að stjórnarskrá undir þjóðina lauk á Alþingi í gærkvöld. Atkvæði verða greidd um málið í dag. Meirihlutinn vill kalla stjórnlagaráð saman á ný fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna.**

**ALÞINGI** Drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá verða borin undir þjóðaratkvæði samhliða forsetakosningum í sumar verði þingsályktunartillaga þess efnis samþykkt í dag.

Hart var deilt um málið á þingi í gær. Seinni umræðu lauk á tíunda tímanum í gærkvöldi en atkvæði verða greidd um málið síðdegis í dag.

Deilt var um breytingatillögu meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar við tillögu Þórs Saari og fleiri um málið í gær. Samhliða þjóðaratkvæðagreiðslunni stendur til að leggja fram spurningar um helstu atriði stjórnarskrárinnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í nefndinni gagnrýndu málsmeðferðina og töldu tillöguna ekki þingtæka. Þeir töldu breytingartillöguna svo umfangsmikla að í raun væri um nýja tillögu að ræða. Þá fylgdi henni ekki skrifleg kostnaðaráætlun, líkt og kveður á um í þingsköpum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði hins vegar að um breytingartillögu væri að ræða, meðal annars vegna þess að tillagan bæri enn sama heiti og sú upphaflega. Þá sagði hún að hefð væri fyrir því að ganga ekki hart eftir því að skrifleg kostnaðaráætlun fylgdi. Þá hygðist fyrsti flutningsmaður breytingartillögunnar, Valgerður H. Bjarnadóttir formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, upplýsa um kostnaðinn í framsögu sinni. Olli þetta nokkru orðaskaki hjá þingmönnum, en að því loknu var tillagan tekin á dagskrá.



**STJÓRNARSKRÁ** Til stendur að kalla stjórnlagaráð saman á ný í sumar fyrir væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgerður sagði eðlilegt að leggja fram breytingar á tillögunni þar sem hún mundi ganga aftur til stjórnlagaráðs áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi. Tími væri kominn til að stíga næsta skref í málinu. „Við þurfum að efla samráð, fyrst við stjórnlagaráð sem gjörþekkir tillögurnar sem liggja fyrir, og síðan við fólkið í landinu."

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, gagnrýndi að tillögur að þeim spurningum sem beina ætti til stjórnlagaráðs að leggja ætti fyrir þjóðina samhliða atkvæðagreiðslunni lægju ekki fyrir við upphaf umræðunnar, slíkt væri óðagotið. Undir það tóku fleiri.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, hafði uppi miklar efasemdir um að tillagan væri þingtæk. Efnislega sagði hann hana vera skemmri skírn á tillögu Þórs Saari. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og fleiri þingmenn kvörtuðu yfir því að Alþingi hefði ekki fengið að ræða málið efnislega og segja skoðuna sína á breytingum stjórnarskrárinnar. Það væri ótækt með jafn mikilvægt efni.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Barði gamlan kennara sinn:

## Rasisti á borði ákæruvalds

**LÖGREGLUMÁL Mál yfirlýsts rasista sem réðst á fyrrverandi kennara sinn eftir deilur á Facebook hefur verið sent Ríkissaksóknara til ákærumeðferðar. Þar verður ákveðið fljótlega hvort maðurinn verður ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Mönnunum sinnaðist eftir að árásarmaðurinn, sem er á fertugsaldri, lýsti sig samþykkan fjöldamorði hins norska Anders Breivik á Facebook-síðu kennarans fyrrverandi, sem er um sextugt. Stuttu síðar bankaði hann upp á hjá kennaranum og barði hann með hnúajárni.**

**Farið er með málið sem sérstaklega hættulega líkamsárás þar sem vopni var beitt. - sh**

Hundruð ölvaðra ungmenna:

## Bjórkvöld fór úr böndunum



**LÖGREGLUMÁL** Tvö til þrjú hundruð ungmenni voru á bjórkvöldi framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu um liðna helgi, þar af mörg undir áhrifum áfengis án þess að hafa til þess aldur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu.

Lögregla stöðvaði áfengissöluna og lokaði staðnum. Í tilkynningunni segir að bjórkvöldið svokallaða hafi farið algjörlega úr böndunum.

Þar kemur jafnframt fram að lögregla hafi undanfarið fylgst með dvöl ungmenna á veitinga- og skemmtistöðum og að svo verði áfram. Eru rekstraraðilar hvattir til að fara að lögum því að ella geti þeir búist við viðurlögum. **- sh**




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**ÖSKUDAGUR** Það verður slydda eða él á öskudagslið N-lands í dag en minni væta S-til. Á morgun verður víða strekkingur með úrkomu, einkum sunnan til. Víða él á föstudaginn en lægir fram á kvöldið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 11° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 13° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 2° |
| París | 10° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# FRÁBÆRT VORTILBOÐ

KÖBEN FRÁ:
**11.900 KR.***

BERLÍN / VARSJÁ FRÁ:
**13.900 KR.***

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 11.900 kr. til Köben og frá 13.900 kr. til Berlínar og Varsjár, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00–23.59
**Áfangastaðir:** Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá.
**Ferðatímabil: Köben:** 24. feb–20. apríl,
**Berlín:** 26. mars–28. maí / **Varsjá:** 31. mars–26. maí.

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

FLUGSÆTI Í FEBRÚAR, MARS, APRÍL OG MAÍ



Iceland Express
- lækkar verð

AÐEINS Í DAG!
HEFST
Á HÁDEGI

FITON / SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Borðar þú saltkjöt og baunir á sprengidaginn?*

| | |
|---|---|
| Já | 72,2% |
| Nei | 27,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú lært skyndihjálp og endurlífgun?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is. vísir

Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa tæpum 15% meira fyrstu mánuði ársins 2011 en 2010:

# Fiskafli skilaði 143 milljörðum í þjóðarbúið

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðæti íslenskra fiskiskipa fyrstu 11 mánuði ársins 2011 nam 143 milljörðum króna. Það er aukning um 18,3 milljarða króna, samanborið við sama tíma árið 2010, þegar aflaverðmætið nam 125 milljörðum króna. Aukningin nemur 14,7 prósentum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Botnfiskur er sem fyrr verðmætastur og nam virði hans 87,4 milljörðum króna. Þar af skilaði þorskurinn 42,3 milljörðum. Verðmæti þorsks jókst um 2,3% á milli ára, en verðmæti ýsunnar dróst saman um 23,8 prósent, en hún skilaði 10,9 milljörðum. króna. Þá nam verðmæti karfaaflans 13,3 milljörðum, sem er 21,9% aukning og ufsa 8,3 milljörðum, sem er 6,2% meira en árið 2010.

Verðmæti flatfisksaflans jókst um 9,5% fyrstu 11 mánuði ársins og nam 9,4 milljörðum og verðmæti uppsjávarafla jókst um 59% á milli ára, en það nam 42,4 milljörðum.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu til vinnslu innanlands nam 60,5 milljörðum króna. Aflaverðmæti sjófrystingar var 57,4 milljarðar. **- kóp**

**Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar**







# Þurfa líklega enn frekari frest til svara

**Svör stjórnar FME við spurningum vegna fyrirhugaðrar uppsagnar forstjóra FME eru langt því frá fullnægjandi, að mati lögmanns forstjórans. Hann á að skila andsvörum á morgun. Stjórnarformaður FME segist ekki mega tjá sig.**

**STJÓRNSÝSLA** Ekki hafa borist fullnægjandi svör frá stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) við spurningum sem Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, sendi henni á mánudag vegna fyrirhugaðrar uppsagnar hans.

„Það er ekkert hæft í því að þarna sé að finna fullnægjandi svör. Því fer víðs fjarri," segir Skúli Bjarnason, lögmaður Gunnars, og furðar sig á því að Aðalsteinn Leifsson, formaður stjórnar FME, hafi haldið öðru fram í fjölmiðlum. „Á spurningunum er ákaflega skýr framsetning, en því er nú kannski ekki alveg að heilsa með svarbréfið."

Eðli málsins samkvæmt segir Skúli viðbúið að fara verði fram á frekari frest til andsvara vegna fyrirhugaðrar uppsagnar Gunnars, berist ekki fullnægjandi svör í tíma.

Fyrri frestur Gunnars til andsvara rann út á mánudag, en stjórn FME ákvað á fundi sínum á mánudagskvöld að veita honum frekari frest til andsvara þar til á morgun, fimmtudag.



GUNNAR Þ. ANDERSEN

## Ráðherra upplýstur um málið fyrir helgi

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, upplýsti Steingrím J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, um uppsagnarferli Gunnars Þ. Andersen á fundi í síðustu viku. Í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær sagði Steingrímur fundinn einvörðungu hafa verið í upplýsingaskyni og hann hafi ekki haft afskipti af ákvörðunum stjórnar FME.

„Varðandi fréttaflutning af uppsögn þá sagðist ég ekki hafa vitað af því að uppsögn hefði farið fram fyrr en ég heyrði um slíkt fjallað í fjölmiðlum," sagði Steingrímur. „Enda kom á daginn að það var ekki rétt. Forstjóra Fjármálaeftirlitsins hefur ekki verið sagt upp heldur hefur stjórnin rætt við hann um möguleg starfslok. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa það á hreinu að Fjármálaeftirlitið er og á að vera sjálfstætt í störfum."

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokks, spurði Steingrím út í málið.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



> Það er ekkert hæft í því að þarna sé að finna fullnægjandi svör. Því fer víðs fjarri.

**SKÚLI BJARNASON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Skúli segist jafnframt undrandi á ákvörðun formanns stjórnar FME að fara fram á að trúnaður ríki um þau svör sem þegar hafi verið send við fyrirspurnum Gunnars. „Það er ekki að okkar beiðni. Venjulega er slíkur trúnaður settur á með hagsmuni starfsmanns í huga, en það er ekki okkar ósk. Því fer fjarri og við viljum gjarnan og skorum á hann að leggja þetta fram."

Eins áréttar Skúli að forstjóri FME sé samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra opinber embættismaður og njóti verndar laga sem slíkur. Því þýði lítið að vísa til „brottreksturs á grundvelli ráðningarsamnings", líkt og stjórnarformaður FME hafi gert. „Í landinu eru lög og almennt er það svo að ef þau veita ríkari rétt þá ganga þau framar slíkum samningum."

Aðalsteinn Leifsson, formaður stjórnar FME, segist ekki geta tjáð sig frekar um mál Gunnars á þessu stigi.

„Ég er til fyrirsvars fyrir stjórnvald og get þar af leiðandi, þó ég vildi, ekki tjáð mig um eða birt þau samskipti sem eiga við forstjórann við undirbúning hugsanlegrar stjórnsýsluákvörðunar," segir hann. **olikr@frettabladid.is**

Aurum-málið slitastjórnar í biðstöðu á meðan saksóknari rannsakar það:

# Dómari bíður eftir sérstökum

**DÓMSMÁL** Sex milljarða skaðabótamál slitastjórnar Glitnis, kennt við félagið Aurum Holding, á hendur stjórnendum bankans er nú í biðstöðu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari vill vita hvað kemur út úr rannsókn sérstaks saksóknara á málinu áður en lengra verður haldið.

Einkamálalög veita dómara heimild til að fresta máli hafi hann vitneskju um að opinber rannsókn standi yfir á refsiverðu athæfi og að sú rannsókn geti skipt verulegu máli um úrslit einkamálsins. Þetta, og það að enn er beðið eftir gögnum í málinu, varð til þess að dómarinn Arngrímur Ísberg frestaði málinu fram í byrjun maí við fyrirtöku í gær.

Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis er stefnt til greiðslu bóta í málinu.

Það snýst um sex milljarða lán sem Glitnir veitti félaginu F38 í eigu Pálma Haraldssonar sumarið 2008 til að kaupa bréf Fons, einnig í eigu Pálma, í bresku skartgripakeðjunni Aurum Holdings. Lánið er talið hafa runnið til þess að gera upp skuldir Fons við Stím, Pálma og Jón Ásgeir.

Sérstakur saksóknari rannsakar málið ásamt mörgum öðrum sem tengjast Glitni. **- sh**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



LÁRUS WELDING



PÁLMI HARALDSSON


Domino's Pizza
MEGAVIKA
1.390 KR.
Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.
Vikuna 20. – 26. febrúar 2012
HVÍTLAUKSOLÍA FYLGIR FRÍTT MEÐ ÖLLUM PÖNTUNUM
2L COKE FYLGIR FYRSTU
700 PÖNTUNUM DAGSINS!
dominos.is
58·12345

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir fjármálaráðherra Þýskalands?
2. Hversu margir voru ákærðir fyrir tilraun til manndráps vegna skotárásar í Bryggjuhverfinu?
3. Hvaða bandaríski rappari hefur verið sakaður um að stela lagi hljómsveitarinnar Brain Police?

**SVÖR**

1. Wolfgang Schäuble 2. Þrír 3. Skepta

Íbúar í Jemen kusu forseta í stað Ali Abdullah Saleh, sem féllst á að segja af sér:

# Varaforsetinn einn í framboði til forseta

**JEMEN, AP** Abed Rabbo Mansour Hadi, varaforseti Jemens, var eini frambjóðandinn í forsetakosningum sem haldnar voru í gær.

Mikil stemning virtist engu að síður vera í þjóðfélaginu fyrir þessum kosningum, enda gafst landsmönnum þar tækifæri til að staðfesta endanlega brotthvarf forvera hans, Ali Abdullah Saleh, sem hafði ríkt í 33 ár.

Saleh féllst á, á síðasta ári, að segja af sér í kjölfar fjölmennra mótmæla, óeirða og átaka sem stóðu mánuðum saman. Hann setti þó það skilyrði að varaforseti sinn yrði kosinn forseti.

Saleh er fjórði leiðtogi arabaríkis sem missir völdin vegna mótmælaöldunnar sem fór af stað í arabaheiminum fyrir rúmu ári.

Saleh verður þó áfram búsettur í landinu, hefur fullt frelsi til að taka þátt í stjórnmálum og getur hæglega haft mikil áhrif enn.

Sjálfur segist hann ætla að þjóna landinu áfram, en kvaddi þó völdin í sjónvarpsávarpi á mánudagskvöld og hvatti landsmenn til að taka þátt í kosningunum. **- gb**



**STEMNING Á KJÖRSTAÐ** Jemenar veifa persónuskilríkjum, hæstánægðir með tækifæri til að kjósa einhvern annan en Saleh. NORDICPHOTOS/AFP


**FYRIRLESTUR**

Ragnar Hauksson segir frá leiðangri Dr.Wegeners og Vigfúsar Sigurðssonar með íslenska hesta þvert yfir Grænlandsjökul veturinn 1912/13 í sal Volcano House Tryggvagötu11, miðvikudagskvöldið 22. febrúar kl. 20. Allir velkomnir.

**KALAK íslensk/grænlenska félagið**



**Sumarhúsafélagið Úthlíð**

**Framhaldsfundur Sumarhúsafélags Úthlíðar verður haldinn á Grand Hótel miðvikudag 7. mars 2012, í Hvammi.**

**Fundurinn hefst kl. 20.00.**

**Efni fundarins:**
Fyrir liggur tillaga þess efnis að sett verði upp öryggishlið við afleggjara að landinu auk myndavéla sem staðsettar verða á Skarðaveg, Skútuveg og Skyggnisveg.

Með vísan til 22. greinar laga 75/2008 þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða og þarf minnst einn þriðji félagsmanna að sækja fundinn svo ákvörðun verði lögleg.

Greidd verða atkvæði á fundinum um tillögu þessa. Þeim aðilum sem vilja koma umboði til formanns eru beðnir að hafa samband við formann félagsins Magnús Ólafsson maggi@altak.is

Umboð sent með tölvupósti telst lögmætt umboð, nema gerðar verði sérstakar athugasemdir á fundinum.

**f.h. Sumarhúsafélags Úthlíðar**
Magnús Ólafsson


# 200 milljarða króna sveifla í sjávarútvegi

**Sjávarútvegsráðherra segir stefna í 200 milljarða viðsnúning á eigin fé sjávarútvegs á fjórum árum. Hann sé að ná sama styrk og fyrir hrun. Stjórnarandstaða gagnrýnir óvissu í greininni. Kallað eftir nýju frumvarpi ráðherra.**

**ALÞINGI** Reikna má með að eigið fé sjávarútvegsins hafi verið um 100 milljarðar um áramótin og stefnir í að það nái 140 milljörðum í lok þessa árs, að mati Steingríms J. Sigfússonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það er viðsnúningur um 200 milljarða frá árslokum 2008 þegar það var neikvætt um 60 milljarða.

Steingrímur sagði þetta til marks um að sjávarútvegurinn væri að endurheimta sinn fyrri styrk frá því fyrir hrun. Fjárfestingar væru að aukast og í heildina tekið væri afkoman góð með framlegð upp undir 30 prósent af tekjum.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, var málshefjandi í sérstakri umræðu á Alþingi í gær um starfsumhverfi sjávarútvegsins. Hann sagði sjávarútveginn búa við meiri skattlagningu en aðrar atvinnugreinar. Hann greiddi til að mynda 4,5 milljarða króna í veiðigjald sem að öllum líkindum hefðu að öðrum kosti runnið til fjárfestinga og framþróunar í greininni. Gunnar Bragi minnti á að sjávarútvegur væri hátækniiðnaður en byggi við mun meiri óvissu en aðrar greinar.

„Hvernig gengi ferðaþjónustunni ef menn vissu ekki hvaða flugfélög myndu fljúga næsta sumar til og frá landinu?“

Þetta endurspeglaði áhyggjur flestra stjórnarandstæðinga sem töldu óvissuna í greininni allt of mikla. Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ríkisstjórnina hafa skapað óþolandi óvissu um greinina, ekki síst með frumvarpi þáverandi sjávarútvegsráðherra, Jóns Bjarnasonar. „Það er ekki langt síðan sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir að það tæki hann ekki meira en um þrjár vikur að ganga þannig frá málum að hann gæti komið með frumvarp inn í þingið,“ sagði Illugi. Steingrímur hefði verið tvo mánuði í embætti, en ekkert bólaði á frumvarpinu.



**LÖNDUN** Viðsnúningurinn í sjávarútveginum er um 200 milljarðar íslenskra króna frá árslokum 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/



**ÁRNI JOHNSEN**



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, vitnaði til þess að hagnaður sjávarútvegsins á síðasta ári hefði verið á fimmta tug milljarða króna. Tímabært væri að sjávarútvegurinn skilaði almenningi eðlilegri hlutdeild í þeim arði. „Það eru dregin að landi sem nemur 10 kg af fiski á hvern íbúa á landinu á hverjum einasta degi allan ársins hring.“ Tryggja yrði hlutdeild þjóðarinnar í aflaverðmætinu.

Steingrímur sagði óvissu í sjávarútvegi ekki uppfinningu ríkisstjórnarinnar. Lengi hefði verið deilt um fyrirkomulag fiskveiða og sú deila yrði ekki leyst fyrr en menn tækju höndum saman um málið.

Af orðum Árna Johnsen, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, var ekki að sjá að sú sátt væri í sjónmáli: „Það er lífsspursmál að spúla dekkið og losna við óværuna. Ríkisstjórnina burt.“

**kolbeinn@frettabladid.is**


Rio Tinto Alcan



*Ágústa ásamt meistara sínum Rúnari Pálssyni*

**Til hamingju með framúrskarandi árangur**

Við óskum Ágústu Ýri Sveinsdóttur til hamingju með þær viðurkenningar sem hún hlaut á nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, fyrir að hafa náð bestum árangri allra nemenda á sveinsprófi í rafvirkjun síðastliðið sumar.

Ágústa lauk starfsnámi sínu hjá álverinu í Straumsvík undir handleiðslu meistara síns Rúnars Pálssonar en hann hefur starfað hjá álverinu í ríflega 40 ár.

Metnaður Ágústu er okkur öllum hvatning.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is




Fyrstu matarúthlutanir ársins hjá Fjölskylduhjálp Íslands verða í vikunni:

# Með fjóra bása í Kolaportinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands verður með fjóra sölubása í Kolaportinu fyrstu þrjár helgarnar í mars. Tugir sjálfboðaliða munu selja þar notaðan og nýjan fatnað til styrktar starfinu.

„Nú biðlum við til landsmanna að fara í gegnum fataskápa sína og koma með það sem þeir eru hættir að nota og leyfa okkur að gera matarpeninga úr því,“ segir í tilkynningu frá Fjölskylduhjálpinni. Ágóðinn af sölunni fer í matarsjóð samtakanna, en í desember á síðasta ári fengu 9.900 einstaklingar matargjafir og þar af voru þrjú þúsund börn. Fyrsta reglulega úthlutun ársins verður á morgun í Reykjavík og þann 23. á Reykjanesi. Tekið verður á móti fatagjöfum alla virka daga milli klukkan 10 og 14 í Eskihlíð 4 í Reykjavík og eftir samkomulagi. **- sv**



**MATARÚTHLUTUN** Fjölskylduhjálp biðlar nú til landsmanna um fatagjafir sem seldar verða í Kolaportinu í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ókeypis búnaður**

Brotist var inn í starfsstöð Fjölskylduhjálparinnar í Reykjanesbæ aðfaranótt síðastliðins jóladags. Ýmsum munum var stolið, meðal annars tölvu, og skemmdir voru unnar á húsnæðinu. Securitas vinnur nú að úrbótum og er að tengja báðar starfsstöðvar samtakanna þjófavarnarbúnaði, þeim að kostnaðarlausu.

# ÓSKUM SOLLU TIL HAMINGJU MEÐ ÁRANGURINN!



Solla á Gló

## Solla var kosin besti hráfæðiskokkur í heimi!

Hún sigraði í þeim tveimur flokkum sem hún var tilnefnd í „BEST of RAW Gourmet Chef" og „Best RAW Simple Chef".




HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**FORSETI Á KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ** Evo Morales, forseti Bólivíu, tekur þátt í kjötkveðjuhátíð í námubænum Oruru. NORDICPHOTOS/AFP

Málflutningur fór fram í meiðyrðamáli á hendur Teiti Atlasyni bloggara:

# Tekist á um frávísun á hluta málsins

**DÓMSMÁL** Tekist var á um frávísunarkröfu á atriði sem Guðlaugur Sigmundsson og eiginkona hans bættu við meiðyrðamálsókn sína á hendur Teiti Atlasyni kennara í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag.

Málið var höfðað gegn Teiti eftir að hann bloggaði um svonefnt Kögunarmál, en færsluna byggði hann á eldri umfjöllun Morgunblaðsins.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Teits, segir að áður hafi hún verið búin að krefjast frávísunar á skaðabótakröfum sem uppi voru hafðar í málinu, þrjár milljónir í upphaflegri stefnu og einni og hálfri milljón í viðbótarstefnunni. „Eftir að frávísunarkrafan var sett fram var fallið frá bótakröfunni,“ segir hún, en eftir stendur þá málarekstur til þess að fá dæmd dauð og ómerk ummæli í bloggfærslu Teits. Hún segir málareksturinn engu að síður kunna að verða kostnaðarsaman fyrir Teit, jafnvel þótt málið vinnist þar sem málakostnaður gæti hlaupið á hundruðum þúsunda.



**TEITUR ATLASON**



**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON**

Að loknum málflutningi í gær tók dómari sér umþóttunarfrest áður en tekin verður afstaða til frávísunarkröfunnar. **- óká**

Flúði til annars Evrópulands:

# Viðurkennir árás með hníf

**SVÍÞJÓÐ** 28 ára gamall maður hefur viðurkennt að hafa stungið tíu ára gamla stúlku í hálsinn í Gautaborg í byrjun febrúar.

Maðurinn stakk stúlkuna á lóð grunnskólans sem hún gengur í. Hann flúði svo af vettvangi. Lögregla segir að hann hafi flúið til annars Evrópulands en vill ekki gefa upp hvaða land um ræðir. Maðurinn gaf sig fram og er þess nú beðið að hann verði framseldur til Svíþjóðar.

Stúlkan er á batavegi eftir árásina. **- þeb**


## Aðalfundur Vina Þórsmerkur

**Aðalfundur Vina Þórsmerkur verður haldinn í í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6, miðvikudaginn 29. febrúar kl. 20:00.**

Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf auk þess að ný göngukort um Þórsmerkursvæðið verða kynnt ásamt kynningu á starfi félagsins við viðhald gönguleiða.

Allt áhugafólk um velferð Þórsmerkursvæðisins er velkomið og eru nýjir félagar velkomnir.

Stjórn Vina Þórmerkur




**BLINDIR MÓTMÆLA Í AÞENU** Mótmæli gegn niðurskurðaráformum stjórnvalda eru daglegt brauð í Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Enn er Grikkjum komið til bjargar

**Gríska ríkinu verður forðað frá greiðslufalli í næsta mánuði með samkomulagi sem tókst í Brussel í fyrrinótt. Mikil óvissa ríkir um hvort fjárhagasaðstoðin dugi til að Grikkjum auðnist að ná tökum á ríkisfjármálum til lengri tíma.**

**GRIKKLAND** Leiðtogar grísku ríkisstjórnarinnar fögnuðu samkomulaginu sem tókst á fundi fjármálaráðherra evruríkjanna í fyrrinótt. Samkomulagið tryggir Grikkjum fjárhagsaðstoð, sem vonast er til að létti verulega skuldabaggann sem hvílir á ríkissjóði.

Lúkas Papademos, forsætisráðherra Grikklands, segir að samkomulagið verði að teljast sögulegt. Þeir Andreas Papandreú og Georg Samaras, leiðtogar stjórnarflokkanna tveggja, sögðust einnig ánægðir með niðurstöðuna. „Fórnir grísku þjóðarinnar verða ekki bara ekki til einskis, heldur skila þær árangri,“ sagði Papandreú, leiðtogi sósíalistaflokksins PASOK. Og Samaras, leiðtogi hægri manna, sagði samkomulagið „ýta hættunni á gjaldþroti til hliðar“.

Stærstu verkalýðsfélög landsins boða hins vegar til mótmæla í dag fyrir utan þinghúsið í Aþenu, þegar þingmenn þar greiða atkvæði um enn frekari niðurskurð í ríkisfjármálum með lækkun launa og lífeyris.

Samkomulag evruríkjanna tryggir að gríska ríkið getur greitt 14,5 milljarða evra afborgun af lánum sínum 20. næsta mánaðar.

Mikil óvissa er þó eftir sem áður um það hvort aðstoðin dugi til að Grikkjum takist smám saman að ná tökum á skuldum ríkissjóðs. Stefnt er að því að ríkisskuldirnar verði eftir átta ár komnar niður fyrir 120 prósent af landsframleiðslu, en það er engu að síður helmingi hærra en það 60 prósenta skuldahámark, sem evruríkjunum er gert að miða við.

Miskunnarlaus niðurskurður í ríkisfjármálum hefur auk þess í för með sér enn frekari samdrátt í efnahagslífinu, þannig að hagvöxtur með betri greiðslugetu er ekki í sjónmáli fyrr en árið 2014, standist forsendurnar sem samkomulagið miðast við.

„Áhættan er veruleg,“ segir í trúnaðarskýrslu frá þriggja manna sérfræðinganefnd framkvæmdastjórnar ESB, seðlabanka ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem komst í hendur fjölmiðla: „Vera má að langvarandi opinber aðstoð verði nauðsynleg gegn viðeigandi skilyrðum.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

## Helstu samkomulagsatriðin

### Beinn fjárstuðningur
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðildarríki evrusvæðisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætla að útvega Grikklandi samtals 130 milljarða evra. Þar af kemur 100 milljarða lánveiting úr opinberum sjóðum til 30 ára með aðeins tveggja prósenta vöxtum til ársins 2020 en 4,3 prósenta vöxtum eftir það. Til viðbótar verður gengist í ábyrgð fyrir nýjum lánum frá einkafyrirtækjum upp á 30 milljarða evra.

### Eftirgjöf skulda
Mörg helstu fjármálafyrirtæki Evrópu, bæði bankar og vogunarsjóðir, hafa fallist á að gefa Grikkjum eftir 53,5 prósent af skuldum þeirra, eða 107 milljarða af 200 milljarða skuld gríska ríkisins við þessi einkafyrirtæki. Afganginum, alls 93 milljörðum evra, verður breytt í nýjar skuldir með mun lengri afborgunartíma. Þar eru meðtaldar þær 30 milljónir, sem evruríkin ætla að ábyrgjast. Enn er reyndar ósamið um vexti, fjármálafyrirtækin vilja helst fá 4 prósent en Grikkir telja sig varla hafa efni á nema 3 prósentum.

### Frekari framlög
Evruríkin hafa samþykkt að lækka um helming vexti á fyrri lánapakkanum, sem samþykkt var að veita Grikkjum vorið 2010 og nam 110 milljörðum evra. Einnig hefur verið samþykkt að allur hagnaður seðlabanka ESB og seðlabanka evruríkjanna af grískum lánum verði endurgreiddur Grikkjum, sem hefur þá til lækkunar ríkisskuldunum.

### Markmiðið
Markmið aðstoðarinnar er að ná skuldum gríska ríkisins, sem nú eru um 350 milljarðar evra, niður í 120,5 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2020, sem er hálfu prósenti hærra en upphaflega var að stefnt. Ríkisskuldirnar eru nú rúmlega 140 prósent, fara að mati AGS væntanlega upp í 150 prósent á næsta ári og eiga síðan að fara lækkandi, standist þessar væntingar. Fari allt á versta veg gætu þær hins vegar endað í 160 prósentum innan fárra ára.

### Eftirlit og aðhald
Gripið verður til ýmissa varúðarráðstafana til að tryggja að aðstoðin komi að tilætluðu gagni. Féð verður lagt inn á sérreikning, sem gríska stjórnin hefur ekki aðgang að nema til þess eins að greiða vexti og til að greiða niður skuldir. Þá verður þriggja manna sérfræðinganefnd, með fulltrúa frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, seðlabanka Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, framvegis með fast aðsetur í Grikklandi í stað þess að koma reglulega í eftirlitsheimsóknir.










# Krakkar fá Andrésblað í Arion banka í dag

Lesum saman
Arion banki




Í tilefni af öskudeginum ætlar Arion banki að gefa öllum krökkum sem koma í útibú bankans og syngja, sérstakt Öskudags-Andrésblað, fullt af skemmtilegum sögum og myndum.

**Blaðið verður afhent öllum börnum á meðan birgðir endast.**
**Arion banki styður lestur barna.**

**Góða skemmtun!**

Arion banki

arionbanki.is – 444 7000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Frumvarp til nýrrar stjórnarskrár:

## Hvað næst?

Flestir eru sammála um að tímabært sé að þjóðin eignist nýja og frumsamda stjórnarskrá. Sú sem staðið hefur lítið breytt frá stofnun lýðveldisins er, auk þess að vera gömul, aðlöguð útgáfa af þeirri stjórnarskrá sem gilti í Danmörku um miðjan fimmta áratug síðustu aldar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þrátt fyrir ágætan vilja um nokkurra áratuga skeið þá hefur ekki tekist að ná samstöðu um nýja stjórnarskrá eða verulegar breytingar á þeirri sem fyrir er.

Stjórnlagaþing, sem eftir ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninga var breytt í stjórnlagaráð, var því góð hugmynd: að fá breiðan hóp af fólki til að koma að hreinu borði til að smíða frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Vinna stjórnlagaráðs var einnig til fyrirmyndar. Þar vann fólk vel og af heilum hug að því að ná sameiginlegri niðurstöðu.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Jafnljóst er að slíkt grundvallarplagg sem stjórnarskrá er verður aldrei fullsamið á fáeinum mánuðum og er þá í engu verið að varpa rýrð á þá vinnu sem unnin var í stjórnlagaráði. Engu að síður stóðu væntingar ýmissa, ekki síst stjórnlagaráðsfulltrúa sjálfra, til þess að litið yrði á lokaafurð stjórnlagaþingsins, stjórnlagafrumvarpið sem fullfrágengna stjórnarskrá tilbúna til þess að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ábyrgðin á verkefninu er þó alltaf hjá Alþingi. Þess vegna er spurning hvort ekki sé verið að snúa hlutverkum á hvolf með því að kalla saman stjórnlagaráð að nýju til að leggja blessun sína á meðferð Alþingis á frumvarpi ráðsins.

Það liggur fyrir samkvæmt núgildandi stjórnarskrá að það er verkefni Alþingis að samþykkja nýja. Þingið valdi að fela 25 manna hópi að semja frumvarp til stjórnskipunarlaga en láðist að negla niður og skrá á nægjanlega nákvæman og skýran hátt þann farveg sem svo tæki við.

Skortur á skýrleika um hlutverk stjórnlagaráðs hefur verið vatn á myllu þeirra sem frá upphafi voru andsnúnir hugmyndinni um að óbundinn hópur utan þings kæmi að því að leggja grundvöllinn að nýrri stjórnarskrá. Umræða um vinnsluferil fyrirhugaðrar stjórnarskrár kemur inntaki hennar hins vegar að litlu gagni. Fyrir stjórnarskrá sem á að geta staðið í áratugi væri mun gagnlegra að umræðan snerist um innihald tillagna stjórnlagaráðs.

Það er vissulega brýnt að þjóðin fái nýja stjórnarskrá sem heldur og getur helst staðið í gegnum meirihluta 21. aldarinnar. Það er einnig og ekki síður afar brýnt að um þá stjórnarskrá ríki góð sátt.

Til að svo geti orðið þá verður þetta grundvallarplagg stjórnskipunarinnar að vera vel ígrunduð og vel skrifað. Stjórnlagaráð hefur lagt þar fram veigamikla grundvallarvinnu. Þeirri vinnu verður að halda áfram á uppbyggilegum nótum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Málþing um tækifæri í hjólaferðamennsku á Íslandi**

**Föstudaginn 24. 02. 2012 kl. 10.30 – 15.30 í Sal Eflu Höfðabakka 9**

- Opportunities for Iceland with the Eurovelo network, Jens Erik Larsen DK, Eurovelo sérfræðingur frá Frie Fugle
- Cycle Tourism: Iceland's time has come Tom Burnham UK, sérfræðingur í hjólaferðamennsku í dreifbýli

*Innlendir fyrirlesarar flytja eftirfarandi erindi:*

- Reiðhjólaferðir fyrir erlenda ferðamenn - Bísness eða hobbý?
- Erlendir hjólaferðamenn á Íslandi
- Græni stígurinn – draumur eða veruleiki
- Hvað er hjólavænn (bicycle friendly) ferðaþjónustuaðili?
- Staða hjólreiðamála í sveitarfélögum landsins
- Hjólaleiðir í Mývatnssveit
- Hjólabókin
- Fram í heiðanna ró – að hjóla um Ísland
- Málstofur - umræður



Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ávarpar málþingið

Fundarstjóri: Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Skráning á www.lhm.is – málþingið er einnig sent út á Netinu. Opið er fyrir skráningu til hádegis fimmtudaginn 23. febrúar

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einhver annar veruleiki

Birni Bjarnasyni gremst að hér og þar skuli minnt á skyldleika hæstaréttardómarans Ólafs Barkar Þorvaldssonar við Davíð Oddsson og hann settur í samhengi við það að Ólafur skuli hafa viljað hlífa Baldri Guðlaugssyni, góðvini Davíðs, við fangelsisdómi. Björn segir svona útúrsnúninga marklausa í allri umræðu. Þeir séu „aðeins staðfesting á því að hér séu menn sem telji að til sé einhver annar veruleiki en við blasir beiti menn heilbrigðri skynsemi," skrifar hann. Þetta er hárrétt hjá Birni. Þessir menn eru víða og blogga sumir villt og galið.

### Allt í plati

Það segir sitt um Bessastaðakapphlaupið að bitastæðasta fréttin af því snúist um að Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leikkona í Los Angeles, ætli ekki í forsetaframboð þótt hún hafi grínast með það á Facebook í hálft ár. Það er hins vegar tæpast von á miklum alvörutíðindum á meðan sitjandi forseti lætur eins og honum komi kosningarnar í sumar ekki við.



### Merkilegt

Ástráður Haraldsson segir við Pressuna að það sé „merkileg tilviljun" að frétt af fjármálum hans hafi birst í DV um leið og álit hans á hæfi Gunnars Andersen leit dagsins ljós. Það má vera rétt hjá Ástráði. Það er margt merkilegt í heimi hér. Telji Ástráður hins vegar að forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi lekið þaðan upplýsingum í fjölmiðla til að koma á hann höggi mætti hann alveg segja það svo við þurfum ekki að geta í eyðurnar.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




# Skráargatið

Lýðheilsumál

Siv Friðleifsdóttir
alþingismaður



Flestir eru sammála um að heilsan er ein aðalforsenda góðra lífsgæða. Ánægjulegt er að fylgjast með því hve áhugi á lýðheilsumálum vex á Íslandi. Æ fleiri íhuga mataræði sitt og reyna að velja hollar matvörur. Líkamsrækt í einhverju formi er líka að verða eðlilegur þáttur daglegs lífs. Stjórnvöld hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að bæta lýðheilsu. Á síðasta ári var samþykkt að takmarka hlutfall leyfilegs magns transfitusýra í mat. Neytendur geta því nú gengið að því vísu að transfitusýrur í mat séu ekki meira en 2% af fitumagni vörunnar. Ísland er annað landið í heiminum sem samþykkti slíkt, Danmörk var fyrst.

Undirrituð hefur einnig unnið að fleiri málum sem hafa verið í skoðun á Alþingi og tengjast hollustu matvæla. Eitt þeirra er um að skyndibitastaðir upplýsi neytendur um hitaeiningainnihald skyndibitanna, sem staðirnir selja, þannig að neytendur eigi auðveldara með að taka upplýsta ákvörðun þegar slíkur matur er keyptur. Nú þegar er slíkt fyrirkomulag komið á sumstaðar erlendis. Hér á landi hefur t. d. Metro tekið slíkar merkingar upp og er það til fyrirmyndar.

> Alþingi hefur nú samþykkt að taka upp Skráargatið á Íslandi. Nú þegar hefur t. d. Mjólkursamsalan merkt tvo skyrdrykki með Skráargatinu.

Hitt málið fjallar um að Ísland taki upp norræna hollustumerkið Skráargatið. Neytendur geta gengið að því vísu að matvara sem merkt er Skráargatinu uppfyllir þá kröfu að vera hollust í sínum matvöruflokki. Þegar metið er hvort matvara er nógu holl til að verðskulda merkingu með Skráargatinu er sérstaklega skoðað innihald hennar s.s. sykur, fita og salt.

Alþingi hefur nú samþykkt að taka upp Skráargatið á Íslandi. Nú þegar hefur t.d. Mjólkursamsalan merkt tvo skyrdrykki með Skráargatinu. Íslenskir neytendur munu því eiga auðveldara með að velja holla matvöru hratt og örugglega þegar merkið hefur fest sig í sessi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Við mótum framtíðina

Fjármál
Páll Harðarson
forstjóri NASDAQ OMX Iceland



Merki eru um að heldur sé að lifna yfir íslenskum þjóðarbúskap. Tvísýnt er þó um hversu viðvarandi eða kröftugur batinn í efnahagslífinu verður enda ýmislegt sem letur fyrirtæki til fjárfestinga og uppbyggingar. Má þar nefna gjaldeyrishöft, blikur á lofti í alþjóðlegum efnahagsmálum og óvissu um framtíðarumhverfi sjávarútvegs. Brýnt er því að huga að leiðum sem glætt geta vöxt efnahagslífsins og bætt lífskjör.

Framtíðarhagvöxtur mun að líkindum öðru fremur hvíla á árangri fyrirtækja sem nú flokkast sem smá eða meðalstór. Þau skapa stóran hluta nýrra starfa. Hér á landi, eins og víða annars staðar, er takmarkað aðgengi þessara fyrirtækja að fjármagni tækjum kleift að sækja um stuðning í formi skattfrádráttar. Alls voru greiddar rúmar 440 milljónir króna til 53 nýsköpunarfyrirtækja vegna ársins 2010.

Æskilegt er að fylgja eftir þessum aðgerðum með umbótum á starfsumhverfi smárra og meðalstórra fyrirtækja. Á ákveðnu stigi í þroskaferli fyrirtækja getur það ráðið úrslitum að hafa aðgang að fjármagni frá breiðum hópi fjárfesta. Árangur fyrirtækja á borð við Marel, Össur og Actavis er skýr vitnisburður um það. Öll hafa margfaldast að stærð frá því þau voru skráð í Kauphöllina á síðasta áratug síðustu aldar.

Marel er nú stærsta félagið á markaði miðað við markaðsvirði. Það var metið á um 300 milljónir króna við skráningu í Kauphöllina á árinu 1992. Starfsmenn voru 45, þar af 5 starfandi erlendis. Nú, tæplega 20 árum síðar, er fyrirtækið alþjóðlegt og leiðandi á sínu sviði. Virði þess er metið ríflega 100 milljarðar króna. 3.900 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu þar af um 450 hér á landi. Þetta er dæmi um mikinn slagkraft í atvinnusköpun og þessi árangur hefði verið óhugsandi án aðgangs að fjármagni á íslenskum hlutabréfamarkaði. Álíka má segja um Össur og reyndar fyrirtæki víðar, en nýleg rannsókn frá Bandaríkjunum hefur sýnt fram á að atvinnusköpun og þeim fyrirtækjum sem skrá sig á hlutabréfamarkað hefst fyrst fyrir alvöru eftir að á hlutabréfamarkað er komið. Þarf það ekki að koma á óvart enda skiptir fjármögnun sköpum í vexti fyrirtækja.

> Viðskiptavettvangur er því til staðar, einnig áhugasöm fyrirtæki og fjárfestar en aðrar hindranir eru í veginum. Mörgum þeirra mætti þó ryðja úr vegi með litlum tilkostnaði.

sérstakt áhyggjuefni. Í Evrópu huga stjórnvöld að sérstökum aðgerðum til að styðja við starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja. Í Bandaríkjunum hafa breytingar á regluverki undanfarin ár gert slíkum fyrirtækjum mun örðugara um vik en áður að sækja sér fjármagn til vaxtar á hlutabréfamarkaði. Þeim hefur því gengið brösuglega að vaxa á eigin forsendum og óttast er að þetta verði til þess að vöxtur og atvinnusköpun verði mun minni en ella. Því er einnig í Bandaríkjunum rætt um leiðir til úrbóta.

Mikil gróska er í starfsemi nýsköpunarfyrirtækja hér á landi og full ástæða er til að ætla að þau geti skapað þúsundir starfa á næstu árum ef mótað er hagstætt umhverfi til vaxtar. Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem samþykkt voru síðla árs 2009 voru skref í rétta átt. Lögin gerðu nýsköpunarfyrir-

Kauphöllin rekur nú sérstakan markað sem er sniðinn að smáum og meðalstórum fyrirtækjum, First North Iceland. Reglur First North markaðarins eru til þess fallnar að stuðla að góðum viðskiptaháttum og markvissri upplýsingagjöf fyrirtækja en jafnframt stilla kostnaði í hóf. Viðskiptavettvangur er því til staðar, einnig áhugasöm fyrirtæki og fjárfestar en aðrar hindranir eru í veginum. Mörgum þeirra mætti þó ryðja úr vegi með litlum tilkostnaði.

Það dregur úr möguleikum nýsköpunarfyrirtækja að afla sér fjár á markaði að hlutabréf fyrirtækja á First North markaðnum flokkast sem óskráð verðbréf í eignasafni lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa því takmarkaða möguleika á að styðja við fyrirtækin þegar þau taka sín fyrstu spor á markaði sem aftur letur þau til að fara á markað. Breytingar á lífeyrissjóðalögum sem lyftu þessum verðbréfum skör ofar en óskráðum verðbréfum, eins og eðlilegt má teljast, myndu í senn auka getu lífeyrissjóðanna til að styðja við íslenskt efnahagslíf og stuðla að aukinni fjölbreytni í eignasafni þeirra.

Tæknileg útfærsla auðlegðarskatts dregur jafnframt úr hvata eigenda nýsköpunarfyrirtækja til að afla fjár á markaði enda er hún þess valdandi að skráning á markað leiðir í flestum tilfellum til hækkunar á auðlegðarskatti eigenda. Þetta mætti leiðrétta með einfaldri lagabreytingu. Ólíklegt er að ríkissjóður yrði af verulegum fjármunum vegna þessa.

Einnig mætti huga að skattalegum hvötum. Ein hugmynd sem viðruð hefur verið í Bandaríkjunum er að veita þeim fjárfestum sem taka þátt í útboði smárra og miðlungsstórra fyrirtækja í aðdraganda skráningar á markað afslátt af fjármagnstekjuskatti ef þeir halda hlutabréfunum að lágmarki í ákveðinn árafjölda. Þessi leið myndi ekki kosta ríkissjóð neitt til að byrja með.

Fleira mætti nefna en aðalatriðið er að ráðast má í áhrifaríkar aðgerðir sem hafa lítinn kostnað í för með sér. Þær hefðu strax marktæk jákvæð áhrif og þau áhrif færu vaxandi með tímanum. Þrátt fyrir sveiflur í alþjóðlegu efnahagsumhverfi og önnur utanaðkomandi áhrif eru það þó fyrst og fremst við sjálf sem þurfum, líkt og frumkvöðlar nýsköpunarfyrirtækja að sýna frumkvæði og horfa fram á veginn. Við sjálf mótum okkar framtíð.

Ferðaþjónusta á Akranesi







Hvað eiga ferðamenn að gera á Akranesi?

Viltu taka þátt í að byggja upp fjölbreytta og spennandi afþreyingu fyrir gesti og ferðafólk á Akranesi? Við viljum heyra í fólki sem hefur áhuga á að bjóða upp á skemmtilega afþreyingu, s.s. hvalaskoðun, sjóstangveiði, hestaferðir, skipulagðar gönguferðir, fuglaskoðun, hjólaferðir, köfun o.s.frv. Við erum sannfærð um að á Akranesi eru fjölbreytt tækifæri í ferðaþjónustu. Allar góðar hugmyndir eru vel þegnar!

Áhugasamir hafi samband við Tómas Guðmundsson, verkefnastjóra Akranesstofu - tomas.gudmundsson@akranes.is eða í síma 433 1000 fyrir 5. mars 2012.

Akraneskaupstaður

FordTransit
Standard heitur alla morgna

Ford
Nýtt tákn um gæði

FordTransit sendibíll
Verð án vsk. frá 3.338.645 kr. (áður 3.577.690 kr.)
Verð með vsk. frá 4.190.000 kr. (áður 4.490.000 kr.)
300.000 kr. lækkun

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastillanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kauptu Ford.



FordTransit 8-9 sæta
fyrir leigubílstjóra / bílaleigur
FordTransit 14-18 sæta
fyrir hópferðaleyfishafa
FordTransit 6 sæta
með palli, fyrir vinnuflokka

VERÐLÆKKUN



FordTransit Connect sendibíll
Verð án vsk. frá 2.382.470 kr. (áður 2.541.833 kr.)
Verð með vsk. frá 2.990.000 kr. (áður 3.190.000 kr.)
200.000 kr. lækkun

skoðaðu greiðslukjörin
nýttu verðmætin í gamla bílnum
við kaupum hann kaupir þú nýjan
Komdu í kaffi á milli kl. 9 og 17

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

FordTransit fjórhjóladrifinn (AWD) sendibíll
Verð án vsk. frá 4.772.908 kr. (áður 5.250.996 kr.)
Verð með vsk. frá 5.990.000 kr. (áður 6.590.000 kr.)
600.000 kr. lækkun

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

# Nýtingarsamningar sem framtíðarleið

Sjávarútvegsmál

*Seinni grein*



**Jóhann Ársælsson**
fv. alþingismaður

Hér fer á eftir tillaga að leið sem er ætlað að skapa jafnræðisgrundvöll fyrir útgerðarfyrirtæki til að þróast í, jafnframt því að þjóðin fái notið eðlilegs arðs af nýtingu auðlindarinnar. Leið sem er ætlað að koma á stöðugu en lifandi og þjálu umhverfi fyrir sjávarútveginn. Þessi tillaga er um aðferð (% og árafjölda ber að taka með fyrirvara) við að ná markmiðum um þjóðareign á auðlindum sjávar á grundvelli „samningaleiðarinnar“. Hér er einungis fjallað um langtíma veiðirétt (aflahlutdeildir).

1. Gerðir verði nýtingarsamningar við einstakar útgerðir til 15 ára á grundvelli þeirra aflahlutdeilda sem þær hafa nú.
2. Nýtingarsamningarnir verði afmarkaðir í 15 hluti og verði stysti samningurinn til eins árs en sá lengsti til 15 ára. Ári eftir gildistöku kerfisins koma því fyrstu samningarnir til endurráðstöfunar og stöðugt og jafnt eftir það.
3. Nýir nýtingarsamningar verði afmarkaðir og boðnir til leigu á kvótaþingi til 15 ára.
4. Þeir sem fá nýtingarsamninga við upphaf þessa kerfis skulu fá 85% af því endurgjaldi (meðaltalsverði tegundar á viðkomandi ári) sem fyrir upphafssamningana fæst á kvótaþingi að frádregnu andvirði þeirrar nýtingar sem á sér stað eftir að lengsti upphafssamningurinn rennur út.

### Greinargerð

Með þeirri leið sem hér er lýst yrði öllum langtímaveiðirétti komið fyrir í nýtingarsamningum sem endurúthlutað yrði með stöðugu framboði á kvótaþingi. Framtíðarfyrirkomulagið færi strax að virka og tryggði jafnræði í greininni og eðlilega verðmyndun á nýtingarsamningunum.

Gert er ráð fyrir þeirri einföldu aðferð að hverri útgerð verði úthlutað nýtingarsamningum fyrir þeim veiðirétti sem þeir hafa nú. Dæmi: Skip hefur sem svarar 150 tonna kvóta. Það fengi 15 samninga upp á 10 tonn hvern, einn rynni út eftir 15 ár, einn eftir 14 ár o.s.frv. sá stysti eftir eitt ár. Þar með hefur forgangi skipsins til kvótaúthlutunar verið lokið og framvegis verður útgerðarmaðurinn að sækja sér viðbót á kvótaþingi ef hann ætlar að halda í horfinu eða bæta við sig.

Það yrði útgerðarmanni skipsins líklega of erfitt að tapa fimmtánda hluta nýtingarsamninganna árlega og þess vegna er þörf á mótvægisaðgerðum. Einföld leið til að koma til móts við hann væri að hann fengi á aðlögunartímanum (15 árum) mikinn hluta þess andvirðis sem fæst fyrir heimildirnar á kvótaþingi við endurúthlutun þeirra í fyrsta sinn. Hann fengi þess vegna mest þegar stysta samningnum lýkur en ekki neitt þegar þeim lengsta lýkur. Verðið ræðst á kvótaþingi. Það að útgerðarmaðurinn fái ekki allt andvirðið á aðlögunartímanum er nauðsynlegt til að þeir sem eru núna í útgerð geti ekki sprengt upp verðið til að útiloka aðra. Með þessari leið er ekki verið að kaupa kvótann af útgerðinni. Miklu frekar ber að líta á hana sem tímabundið fyrirkomulag sem kemur í stað þeirrar úthlutunar kvótans sem nú gildir. En þessi aðferð gerir kleift að koma á stöðugu og þjálu úthlutunarkerfi strax sem stendur til framtíðar.

> Það að útgerðarmaðurinn fái ekki allt andvirðið á aðlögunartímanum er nauðsynlegt til að þeir sem eru núna í útgerð geti ekki sprengt upp verðið til að útiloka aðra.

Þessi aðferð fjármagnar sig sjálf og gott betur. Ef nýtingarsamningar verða leigðir út til 15 ára rennur í ríkissjóð andvirði þeirra ára sem veiðiheimildirnar ná til eftir 15 árin og auk þeirra 15% af verðinu sem fæst á kvótaþingi fyrir tímann fram að því.

Með þessari aðferð er einföld leið opin til að koma meira til móts við „gömlu“ útgerðirnar ef vilji er til sátta, það er að hafa tímann sem útgerðir hafa rétt til andvirðis upphafssamninganna lengri en hér er sett fram. Eðlilegt er að fella núgildandi veiðigjald niður þar sem og þegar leiga fyrir nýtingarsamninga kemur í stað þess .

Kostirnir við þessa aðferð er að framtíðarkerfið fer strax að virka, öllum langtíma veiðirétti hefur þá verið breytt í nýtingarsamninga og einn fimmtándi hluti þeirra fer á kvótaþing hvert ár. Einingarnar sem verða leigðar út geta verið hvaða stærð sem er.

Aðferðin leysir endurnýjunarvandann sem annars myndast eftir 15 ár. Hún opnar klárlega fyrir nýliða inn í greinina, tryggir fullt jafnræði og getur rúmað verulegan sveigjanleika.

Skynsamlegt væri að leyfa framsal slíkra nýtingarsamninga a.m.k. upphafssamninganna sem hér er fjallað um en einnig gætu útgerðir í stað þess haft innskilunarrétt á kvótaþing.

# Ónóg vernd gegn mismunun

Kynþátta-
fordómar



**Baldur Kristjánsson**
sérfræðingur í ECRI
tilnefndur af íslenskum
stjórnvöldum

Í fjórðu skýrslu ECRI um Ísland, sem kom út í vikunni, kemur fram að ECRI telur að 65. grein stjórnarskrárinnar veiti ekki fullnægjandi vernd gegn mismunun og hvetur Ísland til þess að samþykkja samningsviðauka númer 12 við mannréttindasáttmála Evrópu sem bannar mismunun af hálfu „hvers konar opinbers yfirvalds af nokkurri ástæðu“. Að dómi ECRI ættu yfirvöld sem vilja í raun og veru útrýma hvers kyns mismunun (t.d. launamisrétti kynja) að samþykkja samningsviðaukann ekki síðar en í gær.

Þá er gagnrýnt að Íslendingar hafi ekki staðfest Félagsmálasáttmála Evrópu, sáttmála UNESCO gegn mismunun á sviði menntunar, rammasamning um vernd Þjóðernisminnihlutahópa, Evrópusáttmálann um tungumál minnihlutahópa og sáttmála um réttindi farandverkamanna.

Þessa sáttmála hafa „nýju“ ríkin í Evrópu óðum verið að staðfesta og skríða þannig fram úr okkur í mannréttindalegu tilliti. Í skýrslunni er verulegu hornauga litið hvernig Íslendingar hafa dregið það í 12 ár að veita múslímum leyfi til að byggja mosku. Dregið er fram að á einni sjónvarpsstöð og vefsíðum tíðkist fjandsamleg ummæli í garð múslíma. Þá er gagnrýnt að Ísland hafi ekki komið á fót sjálfstæðu embætti sem hafi það hlutverk að sporna gegn kynþáttafordómum. Áhyggjum er lýst af því að Fjölmenningarsetrið á Íslandi sé ekki í alfaraleið (Ísafirði) en áður hefur ECRI hrósað mjög starfsemi þess. Þá eru fjölmiðlamenn gagnrýndir fyrir það að tíunda þjóðerni grunaðra oftar en ástæða er til og ýti þannig undir fordóma.

Þrjú megintilmæli ECRI til íslenskra stjórnvalda ganga út á það að virða 9. grein mannréttindasáttmála Evrópu og veita samfélagi múslíma á Íslandi leyfi til að byggja moskur. Þá hvetur ECRI stjórnvöld til þess að leggja fram hið fyrsta lagafrumvarp um bann við mismunun til þess að sporna gegn kynþáttafordómum og kynþáttamisrétti. Þá ítrekar ECRI fyrri tilmæli sín um að ákvæði verði tekið upp í hegningarlög sem mæli sérstaklega fyrir um að meta beri það til refsihækkunar ef kynþáttafordómar liggja að baki broti.

ECRI mun fylgja sérstaklega eftir þessum þremur tilmælum þegar tvö ár eru liðin. ECRI hefur ekkert tilskipunarvald yfir aðildarlöndum, sem eru 47, frekar en Evrópuráðið sjálft. Aðeins áhrifavald og leiðbeiningarvald. Og skýrslur eins og þessar hafa hlotið blessun ráðherraráðs Evrópuráðsins sem er skipað utanríkisráðherrum aðildarríkjanna eða staðgenglum þeirra. Í tilviki Íslands er það Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra í París.

# Hvað tefur, Ögmundur?

Samgöngur



**Eyjólfur Þorkelsson**
læknir

Í nýjasta hefti Læknablaðsins er einkar áhugaverð grein eftir Þórodd Bjarnason og Svein Arnarsson um hættulegustu vegarkafla landsins.

Vermir þar vegurinn milli Neskaupstaðar og Stöðvarfjarðar hið vafasama efsta sæti en skammt á hæla hans vegurinn frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar. Vegarkaflarnir yfir Oddskarð og Fjarðarheiði eiga raunar fleira sameiginlegt en háskann. Þeir eru hæstu fjallvegir á landinu milli þéttbýlisstaða, þeir eru eina akleið Norðfirðinga og Seyðfirðinga til annarrar þjónustu og eina tenging sjúklinga á Sjúkrahúsunum á Neskaupstað og Seyðisfirði við flugvöllinn á Egilsstöðum. Og þessir fjallvegir eru miklir farartálmar; ekki bara á vetrum, því í 600 m hæð getur hæglega verið skafrenningur og hálka á hvaða árstíma sem er.

### Eitthvað annað?

Á byggingartíma Kárahnjúkavirkjunar var mikið rætt um „Eitthvað annað“. Hafandi fylgst með fjölmörgum tilraunum til „Einhvers annars“ sem runnið hafa út í sandinn eða barist í bökkum á Mið-Austurlandi, er grátlegt að vita hve margar þeirra hugmynda hefðu getað blómstrað ef einungis samgöngur væru greiðari, tryggari, áreiðanlegri. Því ef fjármagn er súrefni samfélagsins og viðskipti blóðið, þá eru samgöngumannvirki svo sannarlega æðarnar. Og vaxtarsprotarnir eru nægir. Hugmyndir um lýðháskóla, kvikmyndahús, bruggsmiðjur, handverk og hönnun, meðalstór iðnfyrirtæki, nýsköpun matvæla. Ferðamennsku; menningar-, matar-, veiði-, útivistar-. Þarf virkilega að minna á að árlega fara tugþúsundir ferðamanna um Seyðisfjörð með Norrænu. Stærsta hindrun vetrarferðamennsku og vöruflutninga með Norrænu skyldi þó ekki vera einmitt Fjarðarheiði?

### Samgöng

Fyrir nokkrum árum sameinuðust menn á Mið-Austurlandi um hugmyndina „Samgöng“ sem myndu gera svæðið frá Seyðisfirði að Fáskrúðsfirði auk Egilsstaða að einu búsetu- og atvinnusvæði í raun og veru; með T-göngum undir Reindalsheiði og út í botn Stöðvarfjarðar næði það að Breiðdalsvík og með þverun Berufjarðar suður til Djúpavogs. Unnar voru skýrslur um fýsileika gangnanna, m.a. með heilborun, drög að kostnaðaráætlun, viljayfirlýsingar um veggjöld o.fl. o.fl. Með öðrum orðum þá gætu Samgöng slegið í einu höggi allar flugur innanríkisráðherra: 1) aukið umferðaröryggi, 2) rofið einangrun, 3) stuðlað að sameiningu sveitarfélaga, 4) greitt sig með veggjöldum, 5) eflt „Eitthvað annað“ og 6) dregið stórkostlega úr kostnaði við vetrarþjónustu og útköll björgunarsveita. En hefur ríkissjóður efni á slíkri framkvæmd núna?

### Jarðgöng fyrir Jöklabréf

Fréttir berast af gjaldeyri sem er fastur í landinu og skortir fjárfestingarmöguleika. Bjóðum eigendum Jöklabréfanna að fjárfesta í jarðgöngum! Það er fjárfesting sem gefur arð áratugum saman, öll ávöxtun er betri en engin og ríkissjóður gæti skuldbundið sig til að kaupa fjárfestana út smám saman. Allir græða! Svo hvað tefur?



# *Myllu heilkornabrauð*
# LÍFSKORN
*Heilt hveitikorn & rúgur*

# ÚPPPS!

## Vinsældir Lífskorns fóru langt fram úr björtustu vonum og kláruðust umbúðirnar áður en ný sending barst. Afsakið.

## *Láttu þér ekki bregða að sjá þennan miða á Lífskorninu næstu daga:*




## Prófaðu nýtt heilkornabrauð Myllunnar

Lífskorn er nýtt heilkornabrauð sem er trefja- og próteinríkt og hefur hátt hlutfall heilkorns. Lífskorn inniheldur einnig B-vítamín og steinefni sem eru hollu lífi nauðsynleg. Veldu heilkornabrauð og líkami þinn fær mikilvæg næringarefni eins og B- og E-vítamín. Plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins styrkja varnir líkamans og draga úr blóðsykursveiflum. Nýja heilkornabrauð Myllunnar færir þér hollustu og orku fyrir annríki dagsins. Smakkaðu Lífskorn.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



43 **JOAQUÍN CORTÉS** dansari er 43 ára í dag.

*„Sígaunar hafa alltaf haft á sér orð fyrir að vera þjófar sem búa í hreysum. Ég vil styrkja hinar jákvæðu hliðar menningar minnar.“*



†

*Ástkær sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Fannar**

tannlæknir, Háteigsvegi 20, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 15. febrúar. Útför fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjörgæslu- eða Grensásdeild Landspítala.

**Hanna Aðalsteinsdóttir**
**Soffía D. Halldórsdóttir** **Daði Friðriksson**
**Halla D. Halldórsdóttir** **Bjarni Adolfsson**
**Halldór Fannar Halldórsson**
**Róbert Fannar Halldórsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þórarinsson**

tónskáld, Grænuhlíð 4, Reykjavík,

lést að Droplaugarstöðum í Reykjavík sunnudaginn 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Sigurjóna Jakobsdóttir**
**Anna María Jónsdóttir**
**Þorsteinn M. Jónsson** **Ingibjörg Egilsdóttir**
**Hallgerður Jónsdóttir** **Rögnvaldur Hreiðarsson**
**Benedikt Páll Jónsson**
**Þórarinn Jónsson**
**Ágúst Jónsson** **Edda Erlendsdóttir**
**Rafn Jónsson** **Sigríður Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bertha Sigurðardóttir**

Háaleitisbraut 24, Reykjavík,

lést mánudaginn 13. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Jakob H. Richter** **Þorgerður Bjargmundsdóttir**
**Guðlaug Richter**
**Gyða Richter**
**Bryndís Richter** **Valur Guðnason**
**Bertha Richter**
**Stefán Richter** **Karen Richter**
**Guðrún Richter**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÞETTA GERÐIST:** 22. FEBRÚAR 1952

## *Þjóðminjasafnið flytur á Suðurgötu*

Þjóðminjasafnshúsið við Suðurgötu í Reykjavík var tekið í notkun á þessum degi árið 1952. Það var teiknað á árunum 1945 til 1952 af arkitektinum Sigurði Guðmundssyni í samstarfi við Eirík Einarsson.

Saga safnsins hófst með stofnun Forngripasafnsins árið 1863, en þá var stiftsyfirvöldum í umboði íslensku þjóðarinnar fært nokkurt safn forngripa að gjöf með því skilyrði að stofnað yrði íslenskt forngripasafn.

Fyrstu árin var Forngripasafnið á lofti Dómkirkjunnar, svo í tukthúsinu við Skólavörðustíg, Landsbankahúsinu við Austurstræti og Alþingishúsinu. Árið 1908 var safnið flutt í sérbyggt safnahús á efstu hæð Safnahússins við Hverfisgötu og var þar til 1952 þegar það fluttist í eigið húsnæði við Suðurgötu. Safnhúsið gekkst undir endurbætur á árunum 1998 til 2004 og var þá lokað almenningi.



**VEFSÍÐAN NÖRD NORÐURSINS:** EFNIR TIL SAMKEPPNI UM HÚÐFLÚR

# Leita að nördalegum tattúum

„Þessari hugmynd skaut upp þegar ég fór að pæla almennt í tattú-menningunni. Það er ekki svo mörg ár síðan nánast eingöngu sjóarar eða eitilharðar naglar voru með húðflúr, en í dag virðist önnur hver manneskja vera flúruð, hvort sem það er með Batman-merkinu eða einhverju öðru,“ segir Bjarki Þór Jónsson, ritstjóri vefsíðunnar Nörd norðursins. Vefsíðan hefur, í samstarfi við húðflúrsstofuna Bleksmiðjuna, hafið leit að nördalegasta tattúi Íslands og hvetur Bjarki stolta eigendur slíkra flúra til að senda inn myndir og taka þátt í baráttunni.

Aðspurður segir Bjarki nokkuð erfitt að útskýra nákvæmlega hvers konar tattú teljist nördalegri en önnur, því sitt sýnist hverjum í þeim efnum. „Nördaleg flúr geta til dæmis tengst tækni, tölvuleikjum, vísindaskáldskap, ofurhetjum, hryllingi eða teiknimyndasögum á einhvern hátt, en að sjálfsögðu kemur ótalmargt annað til greina. Þó má segja að mjög hefðbundnir eða „mainstream“ hlutir dragi dálítið úr nördaskapnum,“ útskýrir Bjarki, sem er ekki með húðflúr sjálfur en hefur lengi dreymt um að fá sér eitt slíkt. „Ef ég fengi mér tattú yrði líklega ThunderCats-merkið, eftir samnefndum teiknimyndum, fyrir valinu. Það minnir mig á barnæskuna og svo hófust líka sýningar á nýjum ThunderCats-þáttum fyrir skömmu.“

Strax á fyrsta degi leitarinnar bárust nokkrar myndir af nördalegum húðflúrum í keppnina, sem lofar væntanlega góðu fyrir framhaldið, en lokað verður fyrir þátttöku þann 22. mars klukkan 23.59. „Tattúin sem þegar hafa borist eru allt frá tveggja sentimetra teiknimyndum yfir í ítarlega flúraða hálfa handleggi,“ segir Bjarki, sem hefur verið búsettur í London í hálft ár, en þar stundar hann MA-nám í tölvuleikjafræði við Brunel University.

Vefsíðan Nörd norðursins fór í loftið snemma á síðasta ári, en hugmyndina fékk Bjarki þegar hann skrifaði BA-ritgerð í sagnfræði um sögu nörda á Íslandi. Umfjöllunarefnin eru margvísleg en eiga þó sameiginlegt að þykja nördaleg: Tækni, kvikmyndir, bækur, borðspil, tölvuleikir og leikjatölvur. „Vefsíðan er ekkert gríðarlega stór eins og er því við sem sjáum um hana erum áhugamenn og ekki í vinnu við að sinna henni. Við vonum því að sem flestir heyri af keppninni, því þannig verður meira varið í hana,“ segir Bjarki. Allar frekari upplýsingar um leitina að nördalegasta húðflúrinu er að finna á nordnordursins.is.

kjartan@frettabladid.is



**NÖRD NORÐURSINS** Bjarki Þór Jónsson, ritstjóri vefsíðunnar Nörd norðursins, leitar nú að nördalegasta húðflúri landsins. Sjálfur er hann ekki með tattú en dreymir um að fá sér eitt slíkt. MYND/ERLA JÓNASDÓTTIR

## Guðmundur Andri í Bókakaffi

Rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson fjallar um nýjustu skáldsögu sína, Valeyrarvalsinn, í Bókakaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í kvöld klukkan 20.

*Í bókinni segir* Guðmundur Andri, sem er fæddur 1957, frá lífinu í þorpi þar sem allt virðist fara fram fyrir opnum tjöldum en ýmislegt er samt sem áður dulið, jafnvel þaggað niður og bælt eða einfaldlega grafið djúpt í fortíðinni.

*Í Bókakaffinu,* sem hóf göngu sína síðasta haust, er spjallað um bækur af ýmsu tagi á léttum nótum á meðan gestir kaffihússins njóta veitinga í notalegu andrúmslofti. Markmiðið er að kynna áhugaverðar bókmenntir, ræða um þær á óformlegan hátt og sýna fjölbreytileika íslenskra bókmennta og sagnamennsku.



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

### AFMÆLI



**JÓHANN G. JÓHANNSSON,** tónlistar- og myndlistarmaður er 65 ára í dag.



**RAJON RONDO** körfuknattleiksmaður er 26 ára í dag.



**SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR** er 54 ára í dag.



**DREW BARRYMORE** leikkona er 37 ára í dag.



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas H. Haralz**

hagfræðingur, Efstaleiti 12, Reykjavík,

lést mánudaginn 13. febrúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 27. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Halldór Haralz** **Gyða Rafnsdóttir**
**Belinda Ýr Albertsdóttir** **Atli Már Ólafsson**
**Jónas Halldór Haralz**
**Guðrún Gyða Haralz**
**Ásdís Gyða Atladóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Magnússon**

húsasmíðameistari frá Hellissandi, Sóleyjarima 7,

sem andaðist þriðjudaginn 14. febrúar á Landspítalanum í Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju í dag, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Þorbjörg Gísladóttir**
**Gísli Guðmundsson** **Margrét Geirsdóttir**
**Magnús Guðmundsson** **Þórunn Sveinsdóttir**
**Elín S. Guðmundsdóttir** **Freygarður Þorsteinsson**
**Jón H. Guðmundsson** **Hanna Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. febrúar 2012 | 4. tölublað | 8. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Þarf prentun?
Vistvæna prentun?
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



## Stutt í skráningu Horns á markað

- Horn hyggur á skráningu á hlutabréfamarkað í lok mars eða byrjun apríl.
- Eimskip hyggur á skráningu í september eða október.
- Öll sjö félögin sem ætla á markað á næstunni tengjast Landsbankanum.

## Ruslflokkurinn að baki

Ákvörðun matsfyrirtækisins Fitch um að hækka lánshæfismat Íslands úr ruslflokki í fjárfestingaflokk er vísbending um að betur ári í íslensku efnahagslífi. Það mun þó varla hafa mikil áhrif hér á landi, önnur en táknræn, enda er Ísland eina ríkið sem notið hefur aðstoðar AGS sem hefur komist aftur upp í fjárfestingaflokk.

- ÞJ / SÍÐA 4

## Gengi Pandoru hrundi í gær

Gengi hlutabréfa í danska skartgripaframleiðandanum Pandoru féll um 9% í gær í kjölfar þess að fyrirtækið birti ársuppgjör sitt fyrir 2011. Virði hlutabréfa Pandoru hefur bein áhrif á virði seljendaláns sem Seðlabanki Íslands veitti nýjum eigendum FIH bankans haustið 2010. Eins og standur stefnir í tugmilljarða króna tap Seðlabankans vegna veitingu lánsins.

Pandora skilaði hagnaði upp á um tvo milljarða danskra króna í fyrra en niðurstaðan var þó langt frá því sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir árið 2011. Í henni var gert ráð fyrir að velta Pandoru myndi aukast um 30% á síðasta ári. Niðurstaðan varð þó sú að hún stóð nánast í stað á milli ára. Þegar Pandora var skráð á markað í október 2010 var tilkynnt um að fyrirtækið myndi greiða 35% af hagnaði sínum eftir skatt út sem arð. Skráningargengið tók mið af því og var 210 danskar krónur. Í kjölfar þess að fjárhagsáætlunin var kynnt reis gengið í 386 danskar krónur um miðjan janúar í fyrra. Þegar ljóst var að hún myndi alls ekki standast hrundi gengið. Það fór lægst í 35 danskar krónur í október og stóð í rúmum 77 dönskum krónum við lok viðskipta í gær.

Axcel III, sjóður í eigu FIH bankans, á 57,4% hlut í Pandoru. Eignarhluturinn er nánast eina eign sjóðsins. Virði seljendaláns sem Seðlabanki Íslands veitti þegar hann seldi FIH bankann er bundið við virði þess hlutar. Til að lánið skili Seðlabankanum einhverju þarf hagnaður vegna Axcel III að vera á bilinu 15,4-32,7 milljarðar íslenskra króna. Virði eignarhlutarins í Pandoru er í dag um 6,7 milljarðar króna. - ÞSJ



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Vaxtamunur og óvissa um verðbólgu

Raunávöxtunarkrafa verðtryggðra Íbúðabréfa hefur farið lækkandi undanfarna mánuði. Útgáfa Íbúðalánasjóðs hefur minnkað verulega og sömu sögu má segja af verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Raunávöxtunarkrafa á Íbúðarbréfum með gjalddaga 2024 er nú um 1,10%. Til samanburðar er raunávöxtun Íbúðabréfa með gjalddaga 2034 nú um 2,19%. Ávöxtunarkrafa á verðtryggðum bréfum er því komin vel undir viðmiðunarmörk lífeyrissjóða um 3,5% raunávöxtun.

Hins vegar hefur nafnávöxtunarkrafa á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum farið hækkandi undanfarið. Á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum með gjalddaga 2025 er hún nú 7,38% og 7,34% á bréfum með gjalddaga 2031. Sé vaxtamunurinn á milli verðtryggðra Íbúðarbréfa og óverðtryggðra Ríkisbréfa með gjalddaga árið 2024 og 2025 skoðaður, sést að hann er nú um 6%. Séu lengri flokkarnir skoðaðir, annars vegar óverðtryggð Ríkisbréf með gjalddaga 2031 og verðtryggð Íbúðabréf með gjalddaga 2034 er vaxtamunurinn þar um 5%.

Vaxtamunurinn hér endurspeglar að vissu marki trú markaðar á verðbólgu næstu árin og því áhættuálagi sem fjárfestar gefa sér um óvissuna með verðbólgu.

### Raun – og nafnvaxtakrafa á HFF og RIKB bréfum:




http://data.is/yr8JRF

### Vaxtamunur




http://data.is/yx44tv

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 22. FEBRÚAR**
- Greiðslujöfnunarvísitala og mánaðarleg launavísitala
- Útboð verðbréfa – SÍ

**FIMMTUDAGUR 23. FEBRÚAR**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði
- Íslenska ánægjuvogin
- Áhrif flugs á Íslandi – Samtök Ferðaþj.
- Office 365: Hvað er það – morgunf. Nýherja

**FÖSTUDAGUR 24. FEBRÚAR**
- Nýskráningar og gjaldþrot og vísitala neysluverðs í febrúar 2012
- Fiskiskipastóllinn í árslok 2011
- Sláturfélag Suðurlands, ársuppgjör
- Bankakerfi, verðbr.-, fjárfest.- og fagfjárfestasjóðir-SÍ

**MÁNUDAGUR 27. FEBRÚAR**
- Ýmis lánafyrirtæki – hagtölur SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR**
- Væntingavísitala Gallup
- Fjöldi útgefina vegabréfa
- Vísitala framleiðsluverðs
- Nemendur og starfsfólk í grunnskólum
- Verðbréfaviðskipi og staða markaðsbréfa-hagtölur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* **vísir**

# Tal þarf að draga verulega saman

**Lúkningargjöld Tals eiga að lækka mikið í næstu viku samkvæmt ákvörðun PFS. Tal hefur áfrýjað ákvörðuninni. Forstjórinn segir hana hafa veruleg áhrif.**

**FJARSKIPTI**
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur ákveðið að Tal verði að lækka lúkningargjöld sín úr 12,5 í 5,5 krónur á mínútu. Frá og með næstu áramótum eiga þau síðan að lækka niður í 4,0 krónur á mínútu. Forstjóri fyrirtækisins segir að ákvörðunin setji verulegt strik í reikninginn hjá Tali, sem hefur áfrýjað henni.

Tal hefur verið starfandi frá árinu 2006 en þorra þess tíma var fyrirtækið endursöluaðili á þjónustu Vodafone. Á árinu 2010 komu nýir eigendur að Tali og gerðu kaupleigusamning um farsímastöðu við Símann. Frá þeim tíma hefur Tal rukkað 12,5 krónur á mínútu í lúkningargjöld, en slík gjöld eru greidd þegar viðskiptavinir annarra símafyrirtækja hringja í viðskiptavini Tals. Á grundvelli þeirra breytinga sem urðu á viðskiptamódeli Tals þegar símstöðin var keypt vildu forsvarsmenn fyrirtækisins fá að rukka hin háu lúkningargjöld áfram í nokkur ár í viðbót áður en þau yrðu lækkuð í takt við það sem samkeppnisaðilar þeirra rukka. Í samtali við Markaðinn 26. október 2011 sagði Viktor Ólason, forstjóri Tals, að framtíðarrekstrarhæfi fyrirtækisins ylti á því hvernig PFS myndi meðhöndla kröfuna.

Um miðjan janúar síðastliðinn tilkynnti PFS að stofnunin mæli fyrir því að lúkningargjald Tals lækki í 5,5 krónur á mínútu eigi síðar en 1. mars næstkomandi. Auk þess hefur PFS tekið ákvörðun um að lúkningargjöld allra íslenskra símafyrirtækja eigi að verða í mesta lagi 4,0 krónur frá og með 1. janúar 2013.

Að sögn Viktors setur þessi ákvörðun verulegt strik í reikninginn hjá Tali. „Við áfrýjuðum þessari ákvörðun til áfrýjunarnefndar póst- og fjarskiptamála í síðustu viku og bíðum viðbragða þaðan um hvort hún standi. Þetta setur verulegt strik í reikninginn en við höfum haft tíma til að bregðast við og erum að vinna að nokkrum málum þar að lútandi.“

Viktor segir að ákvörðunin hafi strax tekið gildi en í henni eru ákvæði um að það sé hægt að fresta réttarfarsáhrifum hennar. Tal hefur sótt um slíkt þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir í málinu. Samkvæmt Viktori skilaði Tal hagnaði á árinu 2011 en að ákvörðun PFS muni hafa þau áhrif að það þurfi að draga verulega saman í rekstri fyrirtækisins til að endar nái saman á þessu ári. „Við þurfum að endurhugsa okkar framtíðarstefnu. Félagið fór út í það að kaupa símstöð til að koma inn á þennan markað hafandi séð hvernig önnur fyrirtæki hafa verið afgreidd með ákveðinni lengd á lúkningarframkvæmdum til að ná fjárfestingu sinni til baka. Þessi ákvörðun kippir stoðunum undan því.“



**ÁFRÝJAÐI** „Við áfrýjuðum þessari ákvörðun til áfrýjunarnefndar póst- og fjarskiptamála í síðustu viku og bíðum viðbragða þaðan um hvort hún standi. Þetta setur verulegt strik í reikninginn,“ segir Viktor Ólason, forstjóri Tals. FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT

### BÆTTU VIÐ SIG VIÐSKIPTAVINUM

Tal var með um 18 þúsund viðskiptavini um mitt síðasta ár. Um 97% þeirra voru í farsímaþjónustu. Fyrirtækinu tókst að bæta við sig um 1.200 nýjum viðskiptavinum á fyrri hluta árs 2011 og var með um 4,8% markaðshlutdeild.

Rekstur Tals hefur þó ekki gengið sem skyldi. Á árunum 2008-2010 tapaði það um 900 milljónum króna og eigið fé þess var neikvætt í byrjun árs 2011. Viktor Ólafsson, forstjóri Tals, segir að fyrirtækið hafi skilað hagnaði í fyrra en ársreikningur liggur þó ekki fyrir.

Auður 1, fjárfestingasjóður í vörslu Auðar Capital, keypti Tal á 594 milljónir króna í júlí 2010. Inni í þeirri tölu var 80 milljóna króna eiginfjárframlag. Síðan þá hefur Kjartan Örn Ólafsson bæst í eigendahópinn.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53910 02/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

Bíll á mynd: Cayenne Diesel með aukahlutum - verð kr. 14.500.000




Cayenne Diesel

## Porsche Cayenne Diesel: Kr. 13.900 þús.

| | |
|---|---|
| Eyðsla: | 7,2 l /100 km í blönduðum akstri |
| Co2: | 189 g/km |
| Tog: | 550 Nm |
| Hröðun: | 7,6 sek. 0-100 km/klst. |

PORSCHE INTELLIGENT PERFORMANCE

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

PORSCHE

Porsche á Íslandi - Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - porsche@porsche.is - www.benni.is

Framtakssjóður Íslands:

# Nýr framkvæmdastjóri ráðinn á næstu tíu dögum

Stjórn Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) vonast til þess að ráða nýjan framkvæmdastjóra á næstu dögum. Þetta staðfestir Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður FSÍ, í samtali við Markaðinn. Finnbogi Jónsson, sem stýrt hafði sjóðnum frá stofnun hans, lét af störfum í byrjun janúar.

Þorkell vill ekki gefa upp hversu margir hafi sótt um framkvæmdastjórastarfið en segir að ekki sé búið að ganga frá ráðningu. „Ég á von á því að þetta klárist innan viku til tíu daga. Það þarf að vanda sig í svona ferli. En það fer að styttast í þessu.“

FSÍ var stofnsettur í lok árs 2009 af sextán lífeyrissjóðum. Tilgangur hans var að taka þátt í og móta fjárhags- og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar bankahruns. Síðar komu Landsbankinn, sem nú er stærsti einstaki eigandi sjóðsins, og VÍS inn í eigendahópinn. Í endurmati á eignum FSÍ, sem Finnbogi kynnti daginn áður en hann hætti störfum hjá sjóðnum, kom fram að virði þeirra hefði aukist um tæplega 100% á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Samkvæmt því endurmati var virði eignanna um 33,3 milljarðar króna um mitt ár 2011 og hafði þá aukist um 16,6 milljarða króna á einu ári. - þsj



**HÆTTUR** Finnbogi Jónsson var framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins frá stofnun hans og þar til í byrjun janúar 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**AFLEIÐA** Þróun á heimsmarkaðsverði á áli kostaði HS Orku um 1,5 milljarða króna í fyrra. MYND/HREINN MAGNÚSSON

Gerðardómur í Svíþjóð kostaði hundruð milljóna:

# Sveiflur í álverði voru HS Orku dýrar í fyrra

Lækkun á heimsmarkaðsverði á áli kostaði HS Orku tæpa 1,5 milljarða króna á síðasta ári. Auk þess var gengistap fyrirtækisins um 850 milljónir króna. Þessir þættir urðu fyrst og síðast til þess að HS Orka tapaði 937 milljónum króna í fyrra. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrirtækisins sem birtur var í síðustu viku.

Hluti orkusölusamninga HS Orku er bundinn við sveiflur í heimsmarkaðsverði á áli, sem hefur lækkað um þriðjung frá því að það reis hæst sumarið 2008. Álframleiðendur hafa í kjölfarið dregið framleiðslu sína mikið saman. Þrátt fyrir það búast greinendur við offramboð verði á áli á þessu ári og hinu næsta.

Í ársreikningnum kemur einnig fram að stjórnunarkostnaður HS Orku jókst úr 181 í 521 milljón króna í fyrra. Í skýringum með reikningnum kemur fram að þorri þess viðbótarkostnaðar sé vegna gerðardómsmáls í Svíþjóð þar sem fyrirtækið tókst á við Norðurál um hvort orkusölusamningur frá árinu 2007 milli þeirra skyldi standa. Niðurstaða gerðardómsins, sem lá fyrir í desember í fyrra, var sú að samningurinn skyldi gilda en að hann verði að skila HS Orku viðunandi arðsemi, sem er sérstaklega tilgreind í niðurstöðunni. Í kjölfarið hafa viðræður staðið yfir á milli HS Orku og Norðuráls vegna málsins, en orkan sem um ræðir á að nýtast í rekstur fyrirhugaðs álvers í Helguvík. - þsj

Ársuppgjör Eyris Invest fyrir árið 2011 birt:

# Hagnaður Eyris minnkar

Fjárfestingarfélagið Eyrir Invest hagnaðist um 957 þúsund evrur á síðasta ári, jafngildi 157,5 milljóna króna. Var hagnaður félagsins umtalsvert minni en árið áður þegar það hagnaðist um 51,8 milljónir evra.

Skýrist munurinn einna helst af því að virði verðbréfa félagsins lækkaði um tæpa 31 milljón evra á árinu samanborið við 65 milljóna evra hækkun árið 2010.

Rekstrartekjur námu samt sem áður rúmum 2,6 milljónum evra en miklu munar um að breytt var um aðferð við mat á virði eignar félagsins í Marel til að tryggja samræmi í ársreikningum. Hækkaði virði eignarinnar því um rúmar 30 milljónir evra.

Heildareignir Eyris námu í árslok tæpum 400 milljónum evra og lækkuðu um 7 milljónir milli ára. Skuldir lækkuðu úr 253 milljónum evra í 192 milljónir. Stærsta eign fyrirtækisins er 35,61% hlutur í Marel en Eyrir er stærsti einstaki hluthafi fyrirtækisins. - mþl




**BJARTARI TÍMAR?** Með uppfærslu matsfyrirtækisins Fitch er Ísland laust úr ruslflokki. Á meðan hafa matsfyrirtækin lækkað mat sitt á horfum ýmissa Evrópuríkja. SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

# Laus úr ruslflokknum

**Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur uppfært lánshæfismat Íslands úr ruslflokki í fjárfestingarflokk. Með því er Ísland því hið eina í hópi þeirra fimm Evrópulanda, sem nýlega hafa þegið hjálp Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hefur náð þeim áfanga.**

**EFNAHAGSMÁL**
**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

Ákvörðun matsfyrirtækisins Fitch Ratings um að hækka lánshæfi Íslands fyrir síðustu helgi upp í fjárfestingaflokk úr spákaupmennskuflokki, eða ruslflokki, markaði nokkur tímamót því að þetta var í fyrsta sinn frá hruninu sem lánshæfismat Íslands hefur verið hækkað.

Ekki nóg með það, heldur kemur þessi uppfærsla í skugga niðurfærslna á lánsmati eða framtíðarhorfum hjá fjölda Evrópulanda.

Vissulega eru úrskurðir matsfyrirtækjanna þriggja, Fitch, Moody‘s og Standard & Poor‘s engin lokauppsaga yfir örlögum og lánakjörum ríkja, og þau hafa sannarlega fengið sinn skerf af gagnrýni fyrir verk sín í aðdraganda fjármálakreppunnar 2008. Almennt er álitið að þau komi frekar í kjölfar markaðanna.

**„HIÐ NÝJA AAA“**

Það sést einna best á því að niðurfærsla S&P á Bandaríkjunum og síðar Frakklandi úr toppflokkunum AAA niður í AA olli engum stórvægilegum breytingum við fjármögnun. Raunar hafa margir það á orði að „AA sé hið nýja AAA“, þar sem nú séu tiltölulega fá ríki eftir í toppflokkum allra þriggja matsfyrirtækjanna.

Þar eru nú Norðurlöndin fjögur, Bretland, Þýskaland, Holland, Lúxemborg, Sviss, Liechtenstein, Kanada, Ástralía og Singapúr.

Raunar má bæta því við að Moody‘s breytti nýlega horfum Bretlands í neikvæðar, þannig að auknar líkur eru á því að landið verði fellt úr toppflokki á næstu misserum.

**ÖLDUDALUR ÍSLANDS**

Upp úr síðustu aldamótum og fram að því að útlitið tók að dökkna á árunum 2007 og 2008 var lánshæfi Íslands með ágætum. Hæst var matið hjá Moody‘s sem hafði Ísland í hæsta flokki allt frá 2002 fram að vordögum 2008.

Eftir það fór, skiljanlega, að halla undan fæti og við árslok 2008, eftir hrun bankakerfisins höfðu öll þrjú fyrirtækin fært lánshæfi ríkissjóðs niður í neðsta þrep fjárfestingarflokks. Þar hefur Ísland haldist hjá S&P og Moody‘s, en Fitch færði Ísland niður í ruslflokk í janúar 2010 eftir að forseti Íslands synjaði Icesave-lögum staðfestingar í fyrra skiptið.

Í rökum Fitch með uppfærslunni á föstudaginn segir að árangur hafi náðst í að endurheimta stöðugleika í hagkerfinu, framfylgja kerfisumbótum og endurbyggja lánstraust ríkissjóðs. Þá sé það mat fyrirtækisins að skuldir muni ekki fara upp fyrir 100% af landsframleiðslu, hagvöxtur sé orðinn jákvæður og ekki sé útlit fyrir að Ísland muni dragast inn í annað samdráttarskeið þrátt fyrir erfiðleika evrusvæðisins.

Möguleikar Íslands á því að klífa hærra á lánshæfislistanum eru sagðir velta á skuldamálum einkageirans, afnámi gjaldeyrishafta og því að samskipti við erlenda lánardrottna komist í eðlilegt horf. Aðstæður hér á landi séu frekar í ætt við það sem gerist í ríkjum ofar á listanum.

**ÁGÆTAR HORFUR**

Þegar litið er fram á veginn er ekki að sjá annað en að Ísland ætti að vera vel statt með tilliti til matsfyrirtækjanna þriggja.

Ríkisskuldabréfaútboð síðasta sumar gekk vel þar sem um 114 milljarða var aflað. Nú er hreinn gjaldeyrisforði Seðlabanka tæpir 600 milljarðar króna og því er fjármögnun ríkissjóðs trygg um fyrirsjáanlegan tíma.

Tíðindin í uppfærslu Fitch eru því mun frekar táknræn og varpa ljósi á að Ísland sé á réttri leið eftir allt sem gengið hefur á síðustu ár.

**SKJÓLSTÆÐINGAR AGS ENN Í RUSLI:**

Af þeim fimm Evrópuríkjum sem hafa notið aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar er Ísland hið eina sem er í fjárfestingarflokki hjá öllum þremur matsfyrirtækjunum.

Írland er enn í ruslflokki hjá Moody‘s, Lettland hjá S&P og Portúgal og Grikkland eru í ruslflokki hjá öllum þremur fyrirtækjunum.

Önnur Evrópusambandsríki sem eru sem stendur í ruslflokki eru Ungverjaland, Kýpur og Rúmenía.

**LÁNSHÆFISMAT ÍSLANDS 2007 - 2012**




Matið á langtímaskuldbindingum íslenska ríkisins í erlendri mynt fór að lækka eftir því sem óveðursský á alþjóðafjármálamörkuðum hrönnuðust upp árið 2008. Ísland hélst þó í fjárfestingaflokki hjá tveimur af þremur stærstu matsfyrirtækjunum. Fitch setti Ísland í ruslflokk eftir fyrri synjun forseta á Icesave-lögunum, en fyrir síðustu helgi var Ísland hækkað aftur upp í fjárfestingaflokk.



**Málþing um tækifærin** sem fólgin eru í hjólaferðamennsku á Íslandi verður haldið í húsnæði Eflu verkfræðistofu að Höfðabakka 9 á föstudag frá 10.30 til 15.30. Málþingið er liður í verkefninu Hjólaleiðir á Íslandi sem er samstarfsverkefni fjölmargra aðila um að skilgreina landsnet hjólaleiða á Íslandi.




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457
















**Gunnar Pétursson tók þátt í kjötkveðjuhátíð í brasilísku sveitaþorpi.**

# Íbúafjöldinn hundraðfaldaðist



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta var mesta klikkun sem ég hef upplifað, minnti á íslenska verslunarmannahelgi með bikiníum," segir Gunnar Pétursson hjúkrunarfræðingur sem tæplega átján ára gamall var skiptinemi í Brasilíu og tók að sjálfsögðu þátt í kjötkveðjuhátíð. „Ég held þetta hafi verið frekar óhefðbundin kjötkveðjuhátíð," segir hann. „Allavega var þetta allt öðruvísi en maður hafði ímyndað sér. Gekk eiginlega bara út á fyllerí og kvennafar."

Hátíðin sem Gunnar tók þátt í fór fram í Jardin, litlum bæ í miðvesturhluta Brasilíu. „Íbúafjöldinn hundraðfaldaðist þessa helgi," segir hann. „Þetta er 2.000 manna þorp og þegar flest var voru þarna um 200.000 manns, aðallega Brasilíumenn úr héraðinu og nærliggjandi fylkjum. Allir voru fullir og dansandi úti á götu alla helgina, algjörlega í ruglinu. Tónlistin var líka óhefðbundin. Þetta er rauðhálsasamfélag og þeir voru með nokkra stóra trukka hér og þar með hljómflutningsgræjum. Til að byrja með var sambað allsráðandi en svo leiddist það út í brasilískt fönk og loks bara hreinræktað teknó. En það var öllum sama. Það var dansað á götunum allan sólarhringinn, fólk lagði sig bara á næstu gangstétt smá stund ef það þurfti að sofa. Vaknaði svo og hélt áfram að drekka og dansa. Þetta var algjörlega ógleymanleg upplifun."

*fridrikab@frettabladid.is*






**Tæplega níu af hverjum tíu Íslendingum** ferðuðust innanlands í fyrra, að því er fram kemur í nýlegri skoðanakönnun MMR. 63,3% ferðuðust til útlanda. Júlí var sem fyrr langvinsælasti mánuðurinn til ferðalaga innanlands en þá lögðu 72% landsmanna land undir fót.






# Prjóna ullarskraut utan um sjötíu ljósastaura

**Kvenskörungar í Reykholti stefna á að prjóna litríkt ullarskraut utan um alla ljósastaura í þorpinu. Markmiðið er að lífga upp á umhverfið og vekja athygli ferðamanna á fjölbreyttri starfsemi á staðnum.**

„Hér keyrir daglega fram hjá fjöldi bíla á fullum hraða með ferðamönnum sem eru að fara að skoða Gullfoss og Geysi en fæstir nema hins vegar staðar þótt margt áhugavert sé að sjá. Það varð til þess að við fórum að brjóta heilann um hvernig best væri að lífga upp á umhverfið og vekja athygli á plássinu og niðurstaðan varð þessi."

Þetta segir Inga Þyri Kjartansdóttir, eigandi menningarmiðstöðvarinnar Bjarkarhóls í Reykholti. Hún stefnir ásamt fleiri kvenskörungum úr þorpinu á að prjóna ullarskraut utan um alla ljósastaurana á staðnum, hvorki meira né minna en sjötíu talsins, til að laða að ferðamenn.

Verkefnið kallar Inga Ullargraffiti en heitið vísar í svokallað garngraff sem er enn tiltölulega nýtt form götulistar hérlendis og náskylt hinu betur þekkta spreygraffi. Í stað þess að nota úðabrúsa og túss til að mála mannvirki, bekki, stöðumæla, gangstéttir, tré og fleira er gripið til prjóna og garns sem þykir ekki síður listræn og áhrifarík en þó kannski örlítið umhverfisvænni tjáningaraðferð. Auk þess þykir bæði einfaldara og ódýrara að fjarlægja verkin.

Tré, stöðumælar og styttur hafa hingað til verið skreytt með ullargraffi hérlendis en Inga segist þó ekki vita til þess að áður hafi verið ráðist í jafn umfangsmikið verkefni og nú stendur fyrir dyrum í Reykholti.

„Við erum búnar að skreyta átta staura með litríku garni í alls konar útfærslum þannig að 62 eru eftir og þetta er því rétt að byrja," segir Inga en henni reiknast að um hundrað kíló af garni fari í verkið. „Sumum finnst við vera alveg klikkaðar að sóa góðu garni í þetta en aðrir hafa hrósað okkur fyrir flotta tilraun til að trekkja að túrista."



Jenný Erla Jónsdóttir og Inga Þyri Kjartansdóttir hafa hrint verkefninu Ullargraffiti úr vör í Reykholti, en það gengur út á að laða ferðamenn til staðarins.

Inga segir verkefnið seinunnið og því verði að halda vel á spöðum til að það takist. „Fleiri konur úr plássinu ætla að vera með og eiginlega þurfum við á körlunum að halda ef þetta á að ganga vel fyrir sig," upplýsir hún hlæjandi og segir stefnt að ljúka verkefninu í júníbyrjun eða um svipað leyti og Reykholtshátíð ber upp. „Þá ætlum við að hengja síðasta skrautið upp í fánalitunum og enda þetta á þjóðlegum nótum." roald@frettabladid.is




Um firði og fjöll í Færeyjum

28. maí - 4. júní

Í þessari einstöku gönguferð um Færeyjar þræðum við gamlar gönguleiðir milli byggðarlaga, göngum upp á fjöllin Rógvukoll, Fjallið Lítla og Slættaratind (700 - 800 m) eftir því sem veður og útsýni bjóða upp á. Einkenni ferðarinnar eru hressandi dagleiðir og sögulegur fróðleikur í bland. Gengið verður yfir í Gásadal sem var einangraðasta byggðin í Færeyjum allt til ársins 2006. Sigling til Mykines sem er ægifögur klettaey og býður upp á dýrðlegar gönguleiðir. Farið verður til Saksunar en þar er að finna fyrrum bóndabýlið Dúvugarð, sem nú er minjasafn og munum við skoða það. Vinalega þorpið, Tjörnuvík, bíður okkar en þaðan er útsýni til Risans og Kellingarinnar, sem eru tveir drangar yst á flóanum milli Austureyjar og Straumeyjar. Farið verður í skemmtilega síðdegisgöngu í Þinganesi undir leiðsögn ásamt skoðunarferð um Kirkjubæ. Hér gefst gullið tækifæri til að njóta útivistar, hreyfa sig og skoða söguslóðir hjá nágrönnum okkar og vinum, Færeyingum.

**Fararstjóri: Sigrún Valbergsdóttir**
**Verð:** 189.900 kr. á mann í tvíbýli
**Innifalið:** Flug, skattar, gisting, morgunverður, 6 nestispakkar, 5 kvöldverðir, sigling, rúta alla dagana, gönguleiðsögn og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR


## Kynning

# Dáleiðslunemar bjóða meðferð

**Nemar á dáleiðslunámskeiði hjá dáleiðslukennaranum John Sellars bjóða ókeypis meðferð í æfingaskyni.**

Dáleiðslunámskeið stendur nú yfir í Reykjavík, en það er þriðja námskeiðið sinnar tegundar hér á landi á skömmum tíma. Kennari er dáleiðandinn og dáleiðslukennarinn John Sellars frá Bretlandi en hann hefur þrjátíu ára reynslu af dáleiðslu og hefur meðal annars þróað sérstaka dáleiðslumeðferð gegn þunglyndi. Sellars til aðstoðar er Alexis Main.

Fyrri hluta námskeiðsins er að ljúka og þurfa nemendur að fá til sín fólk í dáleiðslumeðferð til æfingar fram að seinni hluta námskeiðsins, sem hefst um miðjan mars. Nemendurnir eru þegar þjálfaðir í að veita slökun, fjarlægja kvíða, aðstoða við endurupplifun minninga, auka sjálfstraust, bæta sjálfsímynd og ýmislegt fleira. Eftir seinni hluta námskeiðsins er þess vænst að þeir geti aðstoðað fólk við að hætta að reykja og við að léttast, svo dæmi séu nefnd. Nemendurnir óska nú eftir sjálfboðaliðum til að prófa dáleiðslumeðferð án endurgjalds. Áhugasömum er bent á heimasíðuna http:/4.is/null þar sem hægt er að komast í samband við þá og fá tíma.



John Sellars segir mikinn áhuga á dáleiðslu hér á landi.


Lagerhreinsun

50 -70% afsláttur af völdum síðkjólum, stuttum sparikjólum og skokkum.

Aðeins miðvikudag og fimmtudag.

Tilvalið fyrir árshátíðina og ferminaveisluna.



FLASH

Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur

Laugaveg 54,
sími: 552 5201





REBOZO - nuddnámskeið
1. og 2. mars

**Rebozo**-nudd er slökunarnudd með ofnu sjali, hentar sérstaklega vel fyrir konur á meðgöngu og í fæðingu.

Námskeiðið er ætlað **ljósmæðrum**, **doulum** og **nuddurum**.

http://hondihond.is/rebozo-vinnusmidja/
Nánari upplýsingar í s. 862-4804 og
á soffia@hondihond.is


;TÍSKA



# Ósvikin amerísk „diner“ stemning

**Roadhouse er nýr veitingastaður við Snorrabraut 56 í Reykjavík. Staðurinn býður upp á úrvals hamborgara, steikur, rif, djöflakökur og bökur og fleira gott í anda amerískra „dinera“ frá seinni hluta síðustu aldar. Einungis ferskt og gott hráefni er notað í matseldina og allt búið til frá grunni á staðnum.**

Þetta er amerísk matseld eins og hún gerist best. Stórir 140 gramma hamborgarar, heimareykt rif, franskar kartöflur, laukhringir, steikur og fleira gott. Nánast allt gert frá grunni á staðnum. Meira að segja frönskurnar eru handskornar en það tók okkur „ekki nema“ ellefu daga að fullkomna þá list,“ segir Sigurður Karl Guðgeirsson, einn eigenda hins nýopnaða veitingastaðar Roadhouse að Snorrabraut 56.

Staðurinn er í anda dæmigerðra bandarískra „dinera“, eins og Sigurður orðar það sjálfur með áherslu á ferskt og gott hráefni. „Við erum eiginlega að snúa aftur til fortíðar þar sem matur og umgjörð eru undir áhrifum frá sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar,“ útskýrir hann og getur þess að meira að segja tónlistin sé valin með hliðsjón af því en enginn annar en Dr. Gunni hefur umsjón með henni.

Á Roadhouse er líka reykofn sem fjórar gerðir rifja verða reyktar í með mismunandi viði, kryddaðar með ólíkum kryddum og bornar fram með ýmsum gerðum af grillsósum. Þá ætti enginn að vera svikinn af eftirréttunum, djöflakökum, bökum og ostakökum, sem eru bornir fram á kökuvagni eftir að gestir hafa snætt aðalréttinn. Mottóið er að enginn fari svangur heim.

Hugmyndina segist Sigurður hafa fengið úr matreiðsluþættinum Diners, Drive-ins and Dives sem sýndur er á bandarísku sjónvarpsstöðinni Food Network við miklar vinsældir um allan heim. „Við konan mín fórum að horfa á þáttinn þar sem stjórnandinn, Guy Fieri, heimsækir litlar búllur um þver og endilöng Bandaríkin. Þar er gríðarlegur metnaður lagður í að búa allan matinn til á staðnum og þá varð mér allt í einu ljóst að einmitt þess konar veitingastað vantaði klárlega hérna á Íslandi.“

Óhætt er að segja að metnaðurinn sé í hávegum hafður á Roadhouse þar sem fjórir vanir matreiðslumenn starfa auk Sigurðar sem hefur töluverða reynslu af veitingahúsageiranum. Sigurður rekur veitingastaðinn suZushii á Stjörnutorgi ásamt Ástu konu sinni og þykir vera einn fremsti sushigerðarmaður landsins. Á Stjörnutorgi komst hann í kynni við Gunnar Chan, rekstrarstjóra veitingastaðarins Rikka Chan, og í kjölfarið var ákveðið að stofna saman stað. Úr varð Roadhouse.

En er staðurinn ekki ákveðin kúvending fyrir ykkur báða? „Jú, kannski má segja það,“ segir Sigurður og brosir út í annað. „En við erum rosalega miklir áhugamenn um ameríska matargerð og það skilar sér í góðri matseld.“



Á Roadhouse starfa einungis vanir matreiðslumenn, að sögn eigendanna Sigurðar Karls Guðgeirssonar og Gunnars Chan. MYND/STEFÁN





Stórir 140 gramma hamborgarar, franskar kartöflur, steikur og laukhringir eru aðeins brot af ljúffengum réttum á matseðli.



Fjórar gerðir rifja bjóðast, kryddaðar með ólíkum kryddum og bornar fram með heimagerðum grillsósum. MYND/STEFÁN




# Uppáhaldsstaðir kokkanna

**Fáum finnst jafn skemmtilegt að fara út að borða og matreiðslumönnum. Þeir segjast yfirleitt opnir fyrir nýjungum og vilja ekki viðurkenna að erfitt sé að gera þeim til hæfis. Við spurðum þrjá kokka hver eftirlætis veitingastaðurinn þeirra væri í útlöndum.**



Dóra Svavarsdóttir vill reyna eitthvað nýtt

## Dóra Svavarsdóttir er nýjungagjörn á mat

„Pure Food & Wine í New York kemur fyrst upp í hugann. Mega hráfæðisstaður á Manhattan sem ég hef borðað tvisvar á. Fyrst ein og svo með tveimur alætum og þær söknuðu einskis þegar við komum út. Þeim fannst þetta dásamleg matarupplifun þó það væri ekkert kjöt, fiskur eða mjólk á borðum og allt hrátt. Þarna er mjög metnaðarfull matreiðsla og enginn fer svangur út,“ segir Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari Á næstu grösum. Hún viðurkennir að leita sérstaklega uppi hráfæðisstaði á ferðalögum.

„Ég reyni að hlera vini og kunningja eftir svona stöðum. Bæði fyrir vinnuna og fyrir mig sjálfa. Það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt og lítið fjör í að fara alltaf á sömu staðina.“

En laumast hún í skyndibita? „Nei, aldrei,“ segir hún og hlær. „Ég sver það svo sem ekki af mér en reyni samt að ná einhverri matarupplifun þegar ég er á ferðinni í útlöndum. Ég fer bara ekki nógu oft. Ég á mér í raun engan uppáhaldsrétt. Uppáhaldsrétturinn er yfirleitt bara það sem ég er að smakka í fyrsta sinn hverju sinni. Upplifunin er að sjá einhverjar nýjar aðferðir og smakka nýjar samsetningar.“



Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari lætur nefið ráða ferðinni.

## Úlfar Eysteinsson lætur nefið ráða

„Það er reyndar búið að loka mínum uppáhaldsstað, Chicago Ribs í London! Til skamms tíma var líka Hard Rock í London í uppáhaldi, fyrsti staðurinn sem var opnaður. Það var svo skemmtileg saga á bak við hann en hann var opnaður af tveim Ameríkönum sem fengu ekki alvöru hamborgara í Englandi,“ segir Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari á Þremur frökkum. Hann segist ekki ferðast það oft til útlanda en þegar hann er á ferðinni leitar hann uppi þjóðlega rétti. „Ef ég er staddur í Þýskalandi þá borða ég saltaða grísaskanka með súrkáli og baunum. Á Spáni eltist ég við saltfiskinn og eins þegar ég er í Portúgal. Ég læt einfaldlega nefið ráða ferðinni, ef ég finn matarlykt og sé mikið af fólki á stað þá fer ég inn. Ég er líka alveg óhræddur við að prófa nýja hluti,“ segir hann og vill ekki viðurkenna að erfitt sé að gera honum til hæfis. „Nei, það er mjög gott að gera matreiðslumönnum til hæfis því við skiljum hvað hefur gerst ef einhver mistök verða, þá hugsar maður bara, æ, já, ég man þegar ég lenti í þessu.“



Leifur Kolbeinsson matreiðslumaður sneiðir hjá skyndibitastöðunum.

## Leifur Kolbeinsson

„Quinzi e gabrieli er í uppáhaldi hjá mér. Glæsilegur sjávarréttastaður í Róm þar sem maturinn er frábær og gaman að borða. Ég hef farið nokkrum sinnum og mæli eindregið með þessum stað,“ segir Leifur Kolbeinsson matreiðslumeistari á Kolabrautinni. Hann fer oft út að borða og góður matur skipar jafnan stóran sess þegar hann ferðast til annarra landa. „Ég ferðast töluvert og hef gert gegnum árin. Þá er matur náttúrulega í fyrsta sæti hjá mér. Ég reyni að prófa eitthvað nýtt en svo finnst mér líka gott að fara þangað sem ég veit að ég fæ gott að borða. Maður getur alltaf lent á slæmum veitingahúsum en annars er ekki erfitt að gera mér til hæfis.“

Laumast þú í skyndibita? „Helst ekki. Ég er sérstaklega mikið fyrir fisk og reyni að smakka nýja og nýja fiskrétti þegar ég er á ferðinni. Annars er ég alæta á mat.“





Sushibitarnir á Tokyo eru alltaf ferskir.



Eigandinn Andrey Rudkov og yfirmatreiðslumaðurinn Ari Kaewong ásamt starfsfólki sínu á Tokyo sushi í Glæsibæ. MYND/STEFÁN

# Fersk og fljótleg hollusta á Tokyo

Áherslan á ferskt hráefni og ferska vöru er nánast trúaratriði hjá Tokyo sushi í Glæsibæ, segja Andrey Rudkov eigandi og Ari Kaewong yfirmatreiðslumaður. Tokyo sushi er borið fram í bökkum, en þar er enginn dagstimpill. Á Tokyo sushi eru nefnilega aðeins til tvær dagsetningar, fyrir hádegi og eftir hádegi.

Hver dagur byrjar á því að taka á móti nýju grænmeti, ávöxtum og ferskum sjávarfangi á borð við lax og túnfisk. Hráefnið er skorið og sneitt jafnóðum og við útbúum fyrstu bitana þann daginn. Fyrstu sushi-bakkar dagsins koma í hillurnar, þegar fyrstu gestirnir ganga inn. Nýir viðskiptavinir á Tokyo verða stundum hissa þegar þeir sjá hversu fáir bakkar eru í hillunum, en það er með ráðum gert. Starfsfólkið fylgist náið með hillunum á tölvuskjáum í eldhúsinu og er á fullu yfir daginn að mæta breytilegri eftirspurn jafnóðum með fersku framboði. Eftir stutt hlé í eldhúsinu um miðjan dag, er allt hreinsað út og byrjað á ný með hreint borð. Galdurinn við gott sushi eru góð grjón, ferskt hráefni og rétt hlutföll, segja þeir félagar. „Við bjóðum aldrei grjón frá morgni í eftirmiðdaginn og að geyma grjón yfir nótt væru auðvitað hrein helgispjöll. Á Tokyo fær sushi-hráefnið líka að njóta sín, því hlutföllin eru vandlega stillt.“

## Spennandi nýjungar fram undan

Fram undan eru spennandi nýjungar á Tokyo. Í byrjun var seðillinn aðallega maki-rúllur, sem slógu strax í gegn, núðlusúpur og gyoza-koddar. Nigiri og sashimi hafa bæst við og á næstunni verður aukið úrval af núðlu- og súpuréttum með rækjum, kjúklingi eða nautakjöti og sjö tegundum af grænmeti. Afgreiðslutími Tokyo er frá 11 til 21 á virkum dögum, og 12 til 22 á laugardögum og vegna eftirspurnar stendur til að hafa opið á sunnudögum.

Jafnvel þótt þú borðir ekki sushi þá þarftu ekki að svelta á Tokyo, því þar er úrval af öðrum réttum fyrir þann hóp líka. Í hádeginu er mest um vinnandi fólk sem hefur gjarnan lítinn tíma, en vill samt mat sem er bæði hollur og góður. Á kvöldin og um helgar sést frábær blanda af fólki á öllum aldri og heilum fjölskyldum sem ýmist borða á staðnum eða taka matinn með heim.

„Áherslan á ferskleikann og að útbúa allt jafnóðum getur þýtt að uppáhaldsbakkinn þinn er ekki í hillunni. Láttu okkur þá endilega vita og við útbúum hann. Þú getur líka pantað fyrirfram og verið öruggur með uppáhaldið.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.tokyo.is



TOKYO sushi

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Sigríður Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is s. 512 5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.








## ÞRJÁR LEIÐIR Í HÁDEGINU ... 1, 2 OG 3

**Leið 1:** Súpa og salatbar.

**Leið 2:** Sérréttaseðill. Þar er meðal annars að finna sesarsalat, alvöru hamborgara, klúbbsamloku, grillaða kjúklingabringu og meðlæti.

**Leið 3:** Hefðbundið hádegisverðarhlaðborð þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval rétta eins og súpur, nýbakað brauð, wok- og salatrétti, sushi, fiskrétti, kjötrétti og eftirrétti.









„Hlaðborðin eru sívinsæl en við vildum gera enn betur og bæta við léttum réttum og salatbar í hádeginu til að koma til móts við þá sem vilja eitthvað léttara," segir sölu- og markaðsstjórinn, Þórey Ólafsdóttir. MYND/STEFÁN

# 1, 2 og 3 á Nítjándu

**Hádegisverðarhlaðborðið, kvöldverðarhlaðborðið og brunch-inn á veitingastaðnum Nítjánda njóta mikilla vinsælda en nýlega var fyrirkomulaginu 1, 2 og 3 komið á í hádeginu en með því geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.**



Þórey Ólafsdóttir.

Á veitingastaðnum Nítjánda á nítjándu hæð turnsins í Kópavogi er sífellt nóg að gera. Þar er boðið upp á hádegisverðarhlaðborð alla virka daga, gómsætan brunch allar helgar og fjörtíu rétta kvöldverðarhlaðborð frá fimmtudegi til sunnudags. Nýlega var bætt við valkostum í hádeginu en fyrirkomulagið er kallað 1, 2 og 3.

„Hlaðborðin eru sívinsæl en við vildum gera enn betur og bæta við léttum réttum og salatbar í hádeginu til að koma til móts við þarfir þeirra sem vilja eitthvað léttara. Nú er því hægt að velja um þrjár leiðir," segir Þórey Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Nítjándu og veisluþjónustunnar Veisluturnsins. „**Leið 1** er súpa og salatbar sem er léttur og góður valkostur. **Leið 2** er sérréttaseðill þar sem meðal annars má finna sesarsalat, alvöru hamborgara, klúbbsamloku, grillaða kjúklingabringu og meðlæti. **Leið 3** er síðan hefðbundið hádegisverðarhlaðborð þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval gómsætra rétta; súpur, nýbakað brauð, spennandi wok- og salatrétti, sushi, fisk- og kjötrétti og nokkra góða eftirrétti. „Það ætti því enginn að fara svangur út frá okkur," segir Þórey.

Brunch-inn og kvöldverðarhlaðborðið verða að sögn Þóreyjar með sama sniði og áður enda jafnan vel sótt. „Í brunch-inum bjóðum við fjölbreytt úrval af salatréttum, brauðmeti og bakkelsi ásamt áleggi og egg Benedict. Þá erum við með ommelettur, eggjahræru, beikon, nautasteik með Bérnaise, crème brulée og franska súkkulaðiköku svo fátt eitt sé nefnt." Kvöldverðarhlaðborðin eru ekki síður eftirsótt, þar er boðið upp á brot af því besta í matargerð fjölmargra landa. „Má þar nefna rétti sem eiga uppruna sinn í Singapore, á Indlandi, Ítalíu, í Frakklandi, Malasíu og Japan svo fátt eitt sé nefnt.

Yfir tuttugu réttir eru á hlaðborðinu en þar má finna sushi, heilsteikta nautasteik og ótrúlegt úrval franskra og ítalskra eftirrétta," upplýsir Þórey.

Veisluturninn teygir starfsemi sína yfir efstu tvær hæðir turnsins og þar er boðið upp á glæsilega veislu- og fundaraðstöðu með ótal möguleikum. Veitingastaðurinn Nítjánda er rekinn samhliða þeirri starfsemi. „Hjá okkur starfar samhentur hópur fagaðila sem tryggir fyrsta f lokks veitingar og framúrskarandi þjónustu hvort sem er á veitingastaðnum eða í Veisluturninum. Heimsókn á Nítjándu er því hrein og klár ávísun á frábæra upplifun," fullyrðir Þórey og leggur áherslu á að staðurinn sé fjölskylduvænn og því borða öll börn sex ára og yngri frítt.



Nítjánda í Turninum
Fjölskylduvænn Veitingastaður fyrir þig & þína
Hádegisverðarhlaðborð, krónur 3.490
Kvöldverðarhlaðborð, krónur 5.990
Brunchhlaðborð, krónur 3.990
nítjánda.
Smáratorgi 3 | Kópavogi | sími 575 7500

## ELDPIPAR ER HOLLUR



**Chili-pipar eða** eldpipar, eins og hann nefnist á íslensku, er í miklu eftirlæti hjá mörgum, enda er hægt að nota hann sem krydd í flesta rétti. Hann passar einstaklega vel í asíska karrírétti. Chili-pipar er hollur, hann er ríkur af A- og C- vítamíni. Piparinn er sagður hafa góð áhrif á háan blóðþrýsting auk þess sem hann er talinn auka brennslu líkamans.

## KJÚKLINGUR MEÐ NACHOS

**Kjúklingur í** ofni með nachos er afar vinsæll réttur sem auðvelt er að búa til. Hægt er að nota kjúklingalundir eða -bringur í réttinn. Einnig er ágætt að nota hakkað kjúklingakjöt.



**Það sem þarf:**

400 g kjúklingahakk
1 msk. olía
½ laukur, smátt skorinn
1 rauð paprika, í strimlum
3 dl salsasósa
3 dl rifinn ostur
1 poki tortilla-nasl

*Steikið kjúkling og lauk í olíu á pönnu. Bætið papriku saman við og látið allt hitna vel í gegn. Bætið 2 dl af salsasósu út á pönnuna og hitið. Setjið nachos í botn á eldföstu móti og kjúklingablöndu yfir. Stráið rifnum osti yfir.*

*Gratinerið í ofni við 225°C í 10 mín eða þar til osturinn er bráðnaður.*

*Berið fram með salsasósu, sýrðum rjóma og salati.*



## AMMA FITAR BARNIÐ

**Samkvæmt breskri** könnun er meiri hætta á offitu barna ef þau eru í gæslu hjá ömmu og afa heldur en ef þau eru á leikskóla. Könnunin náði til tólf þúsund breskra barna á aldrinum níu mánaða til þriggja ára. Áhættan á offitu hjá þessum börnum var 15% hærri en hjá leikskólabörnum miðað við gæslu hálfan daginn en 34% hærri ef börnin voru allan daginn hjá ömmu.

Þessi niðurstaða á ekki við um börn sem eru hjá dagforeldrum né heldur börn sem eru heima hjá foreldrum. Ástæðuna fyrir þessu telja þeir sem framkvæmdu rannsóknina vera þá að amman lætur eftir börnunum þegar þau biðja um kex eða annað sætmeti. Bent er á nauðsyn þess að setja ömmu reglur um hvað barnið megi borða yfir daginn.



## LEIÐIN TIL AÐ LÉTTAST

**Offita er** algeng hér á landi. Margir vilja léttast en skortir aga. Ef þú vilt fækka kílóunum þarf hugarfarsbreytingu. Gott er að setja sér reglur um breytt mataræði og sleppa því að borða á milli mála. Flestir vita að morgunverður er mikilvægasta máltíð dagsins. Betra er að sjóða matinn eða baka í ofni fremur en að steikja hann. Ekki borða unnar kjötvörur, beikon eða pylsur. Grænmeti á að fylla helming matardisksins, kjöt eða fiskur einn fjórða og kartöflur eða grjón rest. Reyndu að skera niður skammtastærðir. Gleymdu því sem mamma kenndi þér um að klára matinn. Það er engin ástæða til að sprengja sig. Áfengi er kaloríubomba og sömuleiðis gos. Best er að drekka vatn við þorsta.

# TAKK FYRIR KOMUNA



*Á síðasta ári tókum við á móti fjölmörgum skólahópum, þar sem við kynntum sögu íslensks útvarps og sjónvarps, fjölluðum um miðla okkar og gáfum gestum tækifæri til að líta á bak við tjöldin og skoða hvernig vinnsla efnis fer fram. Við þökkum öllum þessum áhugasömu hópum fyrir komuna og hlökkum til að taka á móti fleiri hópum á þessu ári.*

FRÉTTABLAÐIÐ vísir BYLGJAN 989 365

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir




**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málningavinna
Er komið að viðhaldi?
Öll almenn málningavinna og múrviðgerðir innan hús sem utan.
Faglærðir málarar og múrarar
S: 553 2200
Flísaverk ehf verktakar
Málningasvið

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Pípulagnir
Ertu að kaupa eða selja fasteign.
Metum ástand skolplagna, tillögur að úrbótum, endurnýjun og viðgerðir.
Allar almennar pípulagnir.
S: 897 5599 / 553 2200
Flísaverk ehf verktakar, lagnasvið

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla. Óli smiður, sími 698 9608.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Atvinna

LANDHELGI Fasteignasala

**Sölufulltrúi óskast**

Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð eru kostur.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknir sendist á thorgils@landhelgi.is**

Landhelgi fagmennska í fasteignaviðskiptum

omnis tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Spádómar

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. www.ditto.

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 868 7204 eða á www.myranaut.is



Til sölu peningaskápur á góðu verði, ca. 70x70x80 cm. Uppl. 8961498 eða 562 4257

Ódýrt blek og tóner
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
Sími 553 4000

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

554 4445
Biluð tæki?
Gerum við:
Þvottavélar
Þurrkara
Ísskápa
Frystiskápa
Rafmagnsverkfæri
Heita potta
Tökum einnig að okkur almennar vélaviðgerðir.
EGILL Miðhrauni 2 210 Garðabæ www.egill.is
EGILL - ALLT Á SAMA STAÐ

## Dýrahald



Labradorhvolpar, hreinr. HRFI ættbók, hagstætt verð. Uppl. í s. 8222118, 8220383 & á facebook.com/fornastekksræktun

Hreinræktaðir Ensk Setterhvolpar til sölu úr margverðlaunuðum línum. Uppl. thok@hi.is eða 699 6532.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. Sími 661 5219

Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 776-5441.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 5ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hreint ehf**
**óskar eftir starfsfólki í hlutastörf við ræstingar, dag- og síðdegisræstingar. 20 ára og eldri, íslensku- eða enskumælandi skilyrði með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar veitir Borghildur í s: 822-1885. Hægt er að sækja um störfin á www.hreint.is**

Manneskja óskast til þrifa á hóteli. Bílpróf æskilegt. Umsóknir skulu sendast á rs29@simnet.is

Óska eftir fólki í úthringinar á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Gísli í síma 820-3588 eða gh@tmi.is

Óskum eftir starfskrafti í kvöld- og helgarvinnu. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka og Skipholti.

## Atvinna óskast

45 ára iðnaðarmaður óskar eftir starfi Uppl. Kristinn 697 8694 eða kiddi66@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Almennur fundur Hollvinasamtaka líknardeilda í Neskirkju 23. febrúar k.l 17:15. Dagskrá: 1. Skýrsla stjórnar. 2. Ráðstefna um stefnumótun í heilbrigðismálum. 3. Önnur mál. Stjórnin

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

# Sjávarklasinn hagkerfinu mikilvægur

**Fjórðungur landsframleiðslu Íslands árið 2010 byggði á sjávarútvegi og þeim klasa sem myndast hefur í kringum fiskveiðar og vinnslu sjávarafurða. Þetta mat kemur fram í nýrri skýrslu um íslenska sjávarklasann. Höfundar telja enn vera mikil sóknarfæri í klasanum.**

SJÁVARKLASI
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Sjávarútvegur og klasi sem myndast hefur í kringum geirann stóðu undir fjórðungi af landsframleiðslu Íslands árið 2010. Þetta er niðurstaða þeirra Ragnars Árnasonar, hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands, og Þórs Sigfússonar, framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans, sem rannsakað hafa þýðingu klasans fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ragnar og Þór kynna niðurstöður sínar í skýrslu sem kom út í síðustu viku og er gefin út af Íslandsbanka og Íslenska sjávarklasanum. Félagið er samstarfsverkefni fjölda fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur það að markmiði að bæta samstarf, auka verðmæti og bæta skilning á mikilvægi þeirrar starfsemi sem undir sjávarklasann falla.

**UPPBYGGING SJÁVARKLASANS**

Í skýrslunni er áætlað að heildarframlag sjávarklasans til landsframleiðslu hafi á árinu 2010 verið um 400 milljarðar króna, sem jafngildir 26 prósentum af landsframleiðslu ársins. Það hlutfall skiptist svo aftur í beint framlag sem er 10,2 prósent, óbeint framlag sem er 7,3 prósent, eftirspurnaráhrif sem eru 7,0 prósent og aðra útflutningsstarfsemi klasans sem er 1,5 prósent.

Beina framlagið er mæling Hagstofunnar á virðisauka við útgerð og vinnslu. Þetta er kjarninn í sjávarútveginum þótt það séu veiðarnar sem séu hinn eiginlegi grunnatvinnuvegur. Óbeina framlagið er sá virðisauki sem höfundar meta að sé tilkominn frá greinum í nánum tengslum við sjávarútveginn, vegna viðskipta við hann. Mikilvægt sé að hafa í huga að forsenda þess að þetta óbeina framlag myndist er tilvera sjávarútvegsins. Dæmi um slíka atvinnugrein er textíliðnaður. Undir textíliðnað fellur netagerð og ýmis önnur veiðarfæragerð og um helming veltu geirans má rekja til viðskipta við sjávarútveginn.

Eftirspurnaráhrifin eru sá virðisauki sem skapast beint eða óbeint og birtist sem laun og hagnaður sem varið er til að kaupa neysluvörur og þjónustu í hagkerfinu utan sjávarklasans. Þessi áhrif koma meðal annars fram þegar starfsmaður sjávarútvegsfyrirtækis kaupir neysluvörur fyrir laun sín.




RAGNAR ÁRNASON ÞÓR SIGFÚSSON

Síðasti liðurinn er sá virðisauki sem myndast við annan útflutning greina í nánum tengslum við sjávarútveg en þann sem tengist sjávarútvegi beint. Nánar tiltekið er um að ræða útflutning fyrirtækja sem spruttu upp á grundvelli þjónustu við sjávarútveg en hafa síðan breikkað starfsemi sína. Dæmi um slíkt fyrirtæki er Marel.

**TUGIR ÞÚSUNDA STARFA**

Fram kemur í skýrslunni að um 8.600 manns starfa beint í sjávarútvegi á Íslandi. Jafngildir það um fimm prósentum af vinnuafli landsins. Höfundar meta hins vegar að sjávarklasinn skapi beint og óbeint á bilinu 25 til 35 þúsund störf. Þá benda höfundar á að talsverð fjölgun starfa hefur orðið síðustu ár í flestum greinum klasans auk þess sem launakjör eru yfirleitt betri en að meðaltali í hagkerfinu.

Sjávarklasinn hefur einnig mikla þýðingu fyrir útflutning. Útflutningur sjávarútvegsins var 220 milljarðar króna árið 2010. Auk þess var velta útflutningsfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi 38 milljarðar árið 2010 eða um 4 prósent af heildarútflutningi þjóðarbúsins.

**HVETJA TIL FREKARI SÓKNAR**

Þeir Ragnar og Þór hvetja að lokum til þess í skýrslunni að þess verði freistað að styrkja sjávarklasann enn frekar. Klasinn sé sá þáttur í íslensku atvinnulífi þar sem hlutfallslegir yfirburðir landsins séu hvað mestir og hafi alla burði til þess að vaxa og eflast enn frekar.

Til þess að svo megi verða er það mat höfunda að nauðsynlegt sé fyrir stjórnvöld að forðast að grafa undan sjávarklasanum með vanhugsuðum ráðstöfunum. Heldur eigi stjórnvöld að beina afli sínu að því að hlúa að klasanum og auðvelda honum að vaxa og dafna.

Minnst er á að í viðtölum við forsvarsmenn tæknifyrirtækja og annarra nýrri greina sjávarklasans hafi komið skýrt fram að þeir finni fyrir skorti á heildstæðri opinberri stefnumörkun fyrir klasann. Slíka stefnumörkun hafa mörg nágrannalönd Íslands lagst í með góðum árangri. Því hvetja höfundar til þess að hér verði hið sama gert með það fyrir augum að Ísland verði í forystu á sviðum tengdum hafinu.

## GRUNNATVINNUVEGIR OG KLASAMYNDUN

Þær niðurstöður sem kynntar eru í skýrslu Ragnars Árnasonar og Þórs Sigfússonar um þýðingu sjávarklasans fyrir íslenskt efnahagslíf byggja á rannsóknum sem unnar hafa verið við Háskóla Íslands og af starfsmönnum Sjávarklasans síðustu tvö ár. Rannsóknirnar byggja svo aftur á kenningum fræðimanna um svokallaða grunnatvinnuvegi og klasamyndun.

Grunnatvinnuvegur er skilgreindur sem atvinnuvegur sem er undirstaða eða forsenda annarra atvinnuvega á tilteknu landsvæði. Með öðrum orðum hefur slíkur atvinnuvegur meiri efnahagslega þýðingu á ákveðnu landsvæði en beint umfang hans gefur til kynna. Það er vegna þess að aðrir atvinnuvegir eru háðir starfsemi hans en hann á hinn bóginn ekki háður starfsemi þeirra, í það minnsta ekki í sama mæli. Grunnatvinnuvegir byggja oft á vinnslu náttúruauðlindar og síðan verður alls konar annars kyns starfsemi til í kringum vinnsluna.

Klasi í atvinnulífinu er síðan skilgreindur sem þyrping tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana, á sérhæfðu sviði sem keppa hvert við annað en vinna einnig saman. Klassíska dæmið um klasa sem myndast hefur er Kísildalurinn í Kaliforníu.

## HLUTDEILD SJÁVARÚTVEGS Í VELTU GREINA

| Atvinnugrein | Hlutdeild sjávarútvegs |
|---|---|
| Textíliðnaður | 49,59% |
| Stjórnsýsla utan almannatrygginga | 35,77% |
| Starfsemi félaga og samtaka | 34,54% |
| Málmsmíði og viðgerðir | 29,73% |
| Flutningaþjónusta og miðlun | 20,97% |
| Framleiðsla annarra farartækja | 16,29% |
| Trjáiðnaður | 13,34% |
| Vélsmíði og vélaviðgerðir | 12,04% |
| Samgöngur á landi | 7,76% |
| Samgöngur á sjó og vatnaleiðum | 7,30% |
| Umboðsverslun án ökutækja | 5,64% |

Lausnir, kaffi og með'í

**Office 365** – Morgunverðarfundur Nýherja, fimmtudaginn 23. febrúar

Ert þú að eyða fjármunum og tíma starfsmanna í daglegan rekstur póst-, upplýsinga- og samskiptakerfa?

Nýherji býður þér til morgunverðarfundar í Nýherjahúsinu, Borgartúni 37, þann 23. febrúar nk. kl. 8:30–10:30.

Þar mun einvalalið sérfræðinga í upplýsingatækni fjalla um Office 365, sem er samþætt hugbúnaðarlausn frá Microsoft og hentar öllum stærðum og gerðum fyrirtækja.

Office 365 er alfarið hýst í skýinu hjá Microsoft og er því aðgengilegt notendum hvar sem er, óháð endabúnaði.

Microsoft Office 365

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 8:30 | Skráning og morgunverður |
| 8:55 | Microsoft Office 365<br>Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi |
| 9:30 | Microsoft Lync<br>Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Nýherji |
| 9:45 | Microsoft Sharepoint 2010<br>Sigurður Unnar Einvarðsson, TM Software |
| 10:00 | Lausnaframboð Nýherja í Office 365<br>Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Nýherji |
| 10:20 | Reynsla Air Atlanta af Office 365 |

Fundurinn fer fram í ráðstefnusal Nýherja, Borgartúni 37 og er öllum opinn að kostnaðarlausu, meðan húsrúm leyfir.

Skráning fer fram á **nyherji.is/office365**

Nýherji hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

NÝHERJI BETRI LAUSNIR




**FYRSTA SKRÁNINGIN** Páll Harðarsson, forstjóri Kauphallarinnar, og Finnur Árnason, forstjóri Haga, hringja bjöllunni að morgni 16. desember síðastliðins þegar bréf Haga voru tekin til viðskipta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Horn á markað í mars eða apríl

**Horn, fjárfestingafélag í eigu Landsbankans, mun sækjast eftir skráningu á hlutabréfamarkað á næstunni. Eimskip mun fylgja í kjölfarið í haust. Alls er búist við sjö nýskráningum á þessu ári og í byrjun þess næsta. Landsbankinn beinn eða óbeinn eigandi að þeim öllum.**

FRÉTTASKÝRING

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Horn fjárfestingafélag hf. verður skráð á hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands í lok mars eða byrjun apríl næstkomandi, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Horn verður annað félagið til að skrá sig á markað frá bankahruni. Þá er búist við því að Eimskip muni skrá sig á markað í september eða október.

Formlegar áætlanir Kauphallar Íslands gera ráð fyrir að sjö félög alls muni skrá sig í Kauphöllina fyrir lok þessa árs. Búist er við að þunginn í þeim skráningum muni eiga sér stað í haust og að einhver þeirra muni mögulega dragast fram á fyrri hluta árs 2013. Þorri félaganna sem eru í skráningarferli tengist Landsbankanum, beint eða óbeint. Landsbankinn er í 81,3% eigu ríkisins og því ljóst að um stærsta einkavæðingarferli sögunnar er að ræða ef öll skráningaráformin ganga eftir.

### Unnið að skráningunni

Horn er í 100% eigu Landsbankans. Því er Horn óbeint í meirihlutaeigu íslenska ríkisins. Eignir félagsins voru metnar á tæpa 44 milljarða króna í lok september 2011 samkvæmt níu mánaða uppgjöri þess. Á meðal þeirra eru 49,9% hlutur í Promens, 12,5% hlutur í Eyri Invest, 6,7% hlutur í A bréfum og 42,6% í Bréfum Stoða (áður FL Group), 6,54% hlutur í Oslo Bors VPS Gropu og 3,95% hlutur í Eimskipi. Auk þess á Horn 1,9% hlut í Intrum Justitia sem er skráð á markað í Svíþjóð. Félagið hagnaðist um 10,1 milljarð króna á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er unnið að fullu að skráningu félagsins um þessar mundir.

Ákveðið var að klára ársuppgjör þess fyrir árið 2011 áður en það yrði skráð og í kjölfarið þarf að koma því inn í skráningarlýsingu Horns.

### Eimskip í haust

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. tilkynnti í desember að óskað yrði eftir að hlutir í félaginu yrðu teknir til viðskipta í íslensku Kauphöllinni á síðari hluta ársins 2012.

Í dag eiga tveir hluthafar, skilanefnd Landsbanka Íslands, og fjárfestingasjóðurinn Yucaipa, samtals um 70% hlut í félaginu. Heimildir Markaðarins herma að komið hafi fram á fundum stjórnenda Eimskips með væntanlegum fjárfestum að stefnt sé að skráningu í september eða byrjun október.

### Landsbankinn stærstur í FSÍ

Til viðbótar eru að minnsta kosti fimm önnur félög að undirbúa sig fyrir skráningu á hlutabréfamarkað. Þau eru Advania (áður Skýrr og tengd félög), N1, Reitir, Reginn og Landsbankinn. Framtakssjóður Íslands (FSÍ), sjóður í eigu sextán lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS, er stærsti eigandi N1 í dag með um 55% eignarhlut. Sjóðurinn er líka stærsti eigandi Advania með 79% eignarhlut. Stærsti eigandi FSÍ er Landsbankinn með 27,5% eignarhlut sem bankinn eignaðist þegar hann seldi eignarumsýslufélagið Vestia til sjóðsins. Landsbankinn hafði sett umtalsvert af eignum ,sem hann hafði tekið yfir eftir hrunið, inn í Vestia.

### Risavaxin félög og banki

Reginn er síðan fasteignafélag sem er að öllu leyti í eigu Landsbanka Íslands. Félagið heldur meðal annars á stórum fasteignum á borð við Smáralindina og Egilshöll. Eignasafn þess var metið á um 34 milljarða króna um mitt ár 2011.

Reitir, sem er m.a. reist á grunni Landic Property, er stærsta fasteignafélag landsins. Virði eigna félagsins var um 95 milljarðar króna um mitt síðasta ár. Á meðal eigenda er Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, með 42,7% hlut og Landsbankinn með 29,6% eignarhlut.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, var í viðtali við Klinkið á Vísi.is í lok desember síðastliðins. Þar lýsti hann yfir vilja til þess að skrá bankann á markað og að hann teldi það geta gerst á árinu 2012. Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, talaði á svipuðum nótum í lok síðasta árs.

## HAGAR VORU FYRSTIR EFTIR BANKAHRUN

Smásölurisinn Hagar var fyrsta félagið sem skráði sig í Kauphöll Íslands eftir bankahrun. Sú skráning átti sér stað í desember síðastliðnum. Skráningargengið var 13,5 krónur á hlut, en áttföld eftirspurn var eftir hlutabréfunum. Þeir sem fjárfestu í bréfum í Högum hafa þegar ávaxtað fé sitt um rúman fimmtung því að gengi félagsins nú er rúmlega 17 krónur á hlut.

Hagar voru að fullu í eigu Arion banka en um 44% hlutur var seldur til hóps sem kenndi sig við Búvelli á lægra gengi áður en ráðist var í almennt hlutafjárútboð. Arion banki á enn, í gegnum dótturfélag sitt Eignabjarg, um 20% hlut í Högum. Bankinn þarf að selja hlut sinn í Högum fyrir 1. mars næstkomandi vegna skilyrða sem Samkeppniseftirlitið setti þegar það samþykkti yfirtöku bankans á Högum.

## FIRST NORTH: LAGABREYTINGU ÞARF TIL

Hérlendis er starfræktur hliðarmarkaður af hlutabréfamarkaði Kauphallar Íslands, First North-markaðurinn, sem er hugsaður fyrir minni og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki sem skrá sig á hann þurfa að lúta sömu kröfum um upplýsingaskyldu og á almennum hlutabréfamarkaði en þurfa ekki að innleiða jafn ítarlega reikningsskilastaðla. Þá myndast ekki yfirtökuskylda við það að eignarhlutir einstakra aðila fari yfir ákveðin mörk.

First North-markaðurinn hefur aldrei náð almennilegu flugi hérlendis. Hann hefur þó virkað vel í sumum nágrannalöndum. Í Svíþjóð eru til að mynda yfir 100 félög skráð á hann. Heimildir Markaðarins herma að nokkuð stór hópur minni og meðalstórra fyrirtækja hafi áhuga á skráningu á þennan markað hérlendis. Til þess að svo verði þurfa lífeyrissjóðir, langstærstu fagfjárfestar landsins, þó að geta keypt bréf á þessum markaði og flokkað þau sem skráð bréf. Það mega þeir ekki samkvæmt lögum í dag.

## HS ORKA FYRSTA ORKUFYRIRTÆKIÐ

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í febrúarmánuði að Jarðvarmi, félag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, hefði ákveðið að auka hlut sinn í orkufyrirtækinu HS Orku í 33,4%. Þetta var fyrst og síðast gert vegna þess að þeir eru vongóðir um að samkomulag náist milli fyrirtækisins og Norðuráls um orkusölu til álvers í Helguvík. Verði af því samkomulagi er það skýr stefna lífeyrissjóðanna að skrá HS Orku á hlutabréfamarkað í kjölfarið.

HS Orka yrði þá fyrsta orkufyrirtækið sem skráð yrði á markað á Íslandi. Stærsti einstaki eigandi fyrirtækisins í dag er Alterra Power, sem áður hét Magma, með 66,6% eignarhlut. Það rekur tvö orkuver, á Reykjanesi og í Svartsengi.

# Frábært rými til að vinna



- Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi, sveigjanleiki í stærðum.
- 4. hæð, sem hefur verið endurnýjuð að fullu nýlega.
- Fjórar skrifstofur, bjartar og glæsilegar - glæsilegt útsýni.
- Laus nú þegar.



**TIL LEIGU**

**Lágmúli 9**
**108 Reykjavík**



**TIL LEIGU**

**Efstaland 26**
**108 Reykjavík**

- Vandað skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í Grímsbæ við Bústaðaveg.
- Svæðið er 682 m² – mögulegt að leigja í tveimur hlutum (350 m² / 332 m²).
- Húsnæðið skiptist í opin vinnurými, skrifstofur, fundarherbergi og eldhús.
- Laust nú þegar.



**TIL LEIGU**

**Höfðabakki 9**
**110 Reykjavík**

- Einn hagkvæmasti kosturinn í skrifstofuhúsnæði.
- Rými er 150 m² og stærra - ýmsar útfærslur.
- Reitir fjármagna breytingar sem henta hverjum og einum.
- Svæðið er vel tengt helstu umferðaræðum borgarinnar.

www.reitir.is

**REITIR**

*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is
klinkið Viðtal við Ragnar Árnason hagfræðiprófessor. vísir
ERLENT MYNDBAND Ítalir í miklum vanda vegna kreppunar. vísir

BANKAHÓLFIÐ



Þorgils Jónsson

## Grískur harmleikur

Margir önduðu léttar eftir að víðtækri endurskipulagningu skulda og efnahags Grikklands lauk á dögunum eftir þriggja ára karp. Niðurstaða Grikklands, lánardrottna þeirra, Seðlabanka Evrópu, ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er auðvitað gríðarlega íþyngjandi fyrir almenning í Grikklandi, sem sýpur nú seyðið af flónsku og undirferli þeirra sem hafa stýrt ríkinu síðustu árin og áratugina.

Í ljósi stöðunnar er þó fátt annað sem kemur til greina. Skuldirnar eru til staðar, en fjármunir ekki og gjalddagi nálgast óðfluga. Greiðslufall er valmöguleiki, en varla fýsilegri en nýja samkomulagið, þar sem það fæli í sér enn meira atvinnuleysi, fleiri gjaldþrot og almenna félagslega nauð, að ótöldum áhrifunum sem það gæti haft á fjármálalíf Evrópu og heimsins.

Lánardrottnar Grikklands hafa samið um allt að 70% niðurfærslu skulda á næstu árum og áratugum, til að landið muni geta ráðið við skuldir og ESB, AGS og Seðlabanki Evrópu hafa lánað Grikklandi 130 milljarða evra til viðbótar við þá 110 milljarða sem Grikkland hefur þegar fengið að láni.

Svik fyrri stjórna og getuleysi síðustu stjórnar hafa eðlilega skapað vafa um efndir á samningum og því eðlilegt að samkomulagið feli í sér einhvers konar eftirlit til að tryggja að allt fari ekki aftur í sama farið.

Þau sem bera hitann og þungann af öllu þessu máli er hins vegar gríska þjóðin og hennar er harmurinn og hún má ekki gleymast. Aðhaldsaðgerðirnar sem fram undan eru verða allar á herðum almennings, sem hefur verið dreginn í gegnum svaðið í umræðu síðustu missera. Grikkir hafa verið sagðir latir, sérhlífnir skattsvikarar, en eins og með allar slíkar alhæfingar byggjast þær á samspili fordóma og vanþekkingar. Rannsókn frá árinu 2009 sýnir að Grikkir unnu að meðaltali 40 stundir á viku sem var meira en tíðkast í ESB og umtalsvert meira en í löndum eins og Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi. Stærsta vandamálið er að stóreignafólk og fyrirtæki svíkjast undan samfélagslegri skyldu sinni og ábyrgð með undanskotum frá skatti í stað þess að leggja sitt af mörkum til að byggja þjóðfélagið upp að nýju.

Margir kerfisbundnir þættir liggja að baki núverandi ástandi þar sem helst má kenna um lýðskrumurum sem segja allt og gera allt til að komast til valda og sitja þar sem lengst. Vera Grikklands í evrusamstarfinu gerði stjórnmálamönnum svo auðveldara um vik að breiða yfir raunveruleg vandamál þar til að orðið var um seinan.

Nú, þegar samkomulag um næstu skref er í höfn, ríður á að stjórnmálamenn í Grikklandi sýni dug og forgangsraði með þeim hætti í ríkisfjármálum að hægt sé að styðja að uppbyggingu og endurreisn Grikklands án þess að reisn borgaranna sé fyrir borð borin.







SPORT
*besta sætið*

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
**216 KR.**
Á DAG



# ÆSISPENNANDI EVRÓPULEIKIR

**Það eru frábærir leikir fram undan í Meistaradeildinni og Evrópudeildinni á Stöð 2 Sport. Til dæmis fær franska stórveldið Marseille ítölsku risana Inter Milan í heimsókn auk þess sem Manchester liðin taka bæði á móti sögufrægum meistaraliðum, Ajax frá Hollandi og Porto frá Portúgal.**

## Í KVÖLD

- Europa League — 16:55 **Man. City – Porto** — Sport
- Champions League — 19:30 **Basel – Bayern Munchen** — Sport, Sport HD
- Champions League — 19:30 **Marseille – Inter** — Sport
- Champions League — 21:45 **Meistaramörkin með Þorsteini J.** — Sport

## Á MORGUN

- Europa League — 17:55 **Valencia – Stoke** — Sport
- Europa League — 19:55 **Manchester Utd. – Ajax** — Sport

Þorsteinn J. og gestir hita upp fyrir leikina í Meistaradeildinni og fara yfir allt það helsta í leikslok.

**TRYGGÐU ÞÉR BESTA SÆTIÐ!**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Marinó Davíðsson**

Dalbraut 18,

lést á Hrafnistu Reykjavík þann 4. febrúar. Útförin fór fram þann 16. febrúar. Innilegar þakkir fyrir hlýhug, samúð og vináttu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á H-2 Hrafnistu Reykjavík.

**Guðrún Dröfn Marinósdóttir Stefán Sigurjónsson**
**Eggert Már Marinósson**
**Hjördís Davíðsdóttir Halldór Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Lilja Kristinsdóttir**

Barðastöðum 9, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans, mánudaginn 13. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristinn Guðbjartur Guðmundsson Ingveldur Einarsdóttir**
**Salvör Kristín Héðinsdóttir Ingþór Pétur Þorvaldsson**
**Lilja Jónína Héðinsdóttir**
**Sigrún Eir Héðinsdóttir Karl-Johan Brune**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og vinur,*

**Gísli Garðarsson**

skipstjóri,
Vatnsholti 26, Keflavík,

fórst með Hallgrími SI 77 miðvikudaginn 25. janúar. Minningarathöfn fer fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Slysavarnaskóla sjómanna njóta þess.

**Valdís Árnadóttir og aðstandendur.**



†

*Eiginkona mín,*

**Jórunn Einarsdóttir**

frá Seyðisfirði,
Valhöll í Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þriðjudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 14.00.

**Friðþjófur Sturla Másson og fjölskylda.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Öskudagsball í Gerðubergi

Hið árlega öskudagsball verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi miðvikudaginn 22. febrúar frá klukkan 14 til 16. Nokkur ár eru síðan þessi gamla hefð var endurvakin í Gerðubergi.

Að þessu sinni leika Edda Borg og hljómsveit sígild barnalög fyrir dansi og töframaðurinn John Tómasson stígur á svið. Þá verður kötturinn sleginn úr tunnunni á torginu við Gerðuberg og Miðberg og eru gestir hvattir til að klæða sig vel því kalt getur verið að standa úti. Foreldar eru boðnir sérstaklega velkomnir með börnum sínum.



**ÖSKUDAGUR** Það verður fagnað í Gerðubergi í dag.



**ISLEX** Ritstjórn netorðabókarinnar á opnunardaginn í nóvember síðastliðnum.

# ISLEX-netorðabókin kynnt

Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri kynna netorðabókina ISLEX í hádegisfyrirlestri sem haldinn er í tilefni af níutíu ára afmæli Norræna félagsins á Íslandi í dag. Fyrirlesturinn er annar í röð fyrirlestra sem Norræna félagið og Þjóðminjasafn Íslands standa fyrir á afmælisárinu um norrænt samstarf á breiðum grundvelli.

ISLEX-orðabókin er viðamikið verk á netinu sem opnað var þann 16. nóvember síðastliðinn á Degi norrænnar tungu. ISLEX-orðabókin er fyrsta rafræna orðabókin sem tengir saman mörg norræn mál. Viðfangsmálið er íslenska en sænska, norskt bókmál, nýnorska og danska eru markmál. Hún hefur að geyma um 50.000 flettur og þýðingar á þeim. Orðabókin lýsir íslensku nútímamáli þar sem áhersla er lögð á að sýna fjölbreytileg orðasambönd, fasta orðanotkun og dæmi með þýðingum á markmálin.

Fyrirlesturinn hefst í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands klukkan 12.05. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# Að þekkja staði, fólkið og fjöllin

Sýning á ljósmyndum sem Þorsteinn Jósepsson tók í Þingeyjarsýslum um miðja 20. öld hefur verið sett upp í Safnahúsinu á Húsavík. Myndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Íslands og sýningin nefnist Þekkir þú staðinn, fólkið eða fjöllin? Því tilgangur hennar er meðal annars að fá gesti hennar til að grufla í myndefninu og aðstoða við heimildaöflun.

Þorsteinn var Borgfirðingur og varð á sínum tíma þekktur sem víðförull ferðalangur, rithöfundur, blaðamaður á Vísi og ekki síst ljósmyndari. Hann tók myndir af staðháttum og mannlífi í hverri einustu sýslu landsins og á stórum hluta hálendisins. Myndir hans birtust í bókum á borð við Ísland í myndum og Landið þitt.

Sýningin í Safnahúsinu á Húsavík er opin virka daga frá 10 til 16 og sunnudaginn 26. febrúar frá 13 til 17.



**Á HVERFISTEININUM** Maðurinn mun vera Helgi Vatnar á Grímsstöðum í Mývatnssveit, samkvæmt rannsóknum nyrðra. MYND/ÞORSTEINN JÓSEPSSON

# Sá glataði til Jótlands í júlí

Sá glataði, leiksýning leikfélagsins Hugleiks, hefur verið valin fulltrúi Íslands á alþjóðlega leiklistarhátíð Norður-evrópska áhugaleikhússambandsins (NEATA) sem fram fer í Sønderborg á Jótlandi í Danmörku í lok júlí.

Sýningin byggir á dæmisögum Nýja testamentisins, með sögurnar af týnda sauðnum og glataða syninum í forgrunni. Handritshöfundur er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir en Ágústa Skúladóttir leikstýrir. Alls taka ellefu leikarar þátt.

Sýningin var frumsýnd í upphafi þessa mánaðar og er áætlað að sýna fram í miðjan mars í húsnæði Hugleiks að Eyjarslóð 9.



**SÁ GLATAÐI** Úr sýningu leikfélagsins Hugleiks.



†

*Ástkær móðir mín,*

**Svanhildur Bára Albertsdóttir**

áður til heimilis að Hátúni 8, Reykjavík,

sem lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 12. febrúar, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

**Albert Birgisson**



†

*Okkar elskulegi faðir, bróðir og frændi,*

**Guðmundur Reynir Stefánsson**

Fjarðargötu 30, Þingeyri,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 2. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Aðstandendur.**



†

*Útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Ólafs Oddgeirssonar**

frá Eyvindarholti,
Stapaseli 13, Reykjavík,

verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 24. febrúar klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu LSH í Kópavogi, sími 543 1159.

**Dóra Ingvarsdóttir**
**Þórunn Ólafsdóttir Marteinn Sigurðsson**
**Berglind Marteinsdóttir Ólafur Marteinsson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Sigurðardóttir**

Hlíðarvegi 53, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum 17. febrúar. Jarðsett verður frá Digraneskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 11.00.

**Sigurður Kristjánsson Áslaug Sverrisdóttir**
**Svanhvít Kristjánsdóttir Guttormur Rafnkelsson**
**Leifur Kristjánsson Aðalheiður Bjarnadóttir**
**barnabörn, langömmubörn, langalangömmubörn og fjölskyldur.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1998 KR.KG**

*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTASNITSEL**




**1998 KR.KG**

*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**




EUROSHOPPER
**NÚÐLUR Í POKA**
85 GR /BEEF-CHICKEN
BEST FYRIR JÚNÍ 2012

**15 KR. PK**

KJARNAFÆÐI




**1395 KR. KG**

KJARNAFÆÐI **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**




**2298 KR.KG**

EKKI VIÐBÆTT VATN
ENGIN AUKAEFNI
HREIN AFURÐ

*ALI* **FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**




**2298 KR.KG**

EKKI VIÐBÆTT VATN
ENGIN AUKAEFNI
HREIN AFURÐ

*ALI* **FERSKT KJÚKLINGAFILLET**




**BÓNUS PYLSUR 10 STK**
**359 KR.** CA. 480 GR. PAKKI
**PYLSUBRAUÐ 5 STK 139 KR.**

**BÓNUS PYLSUR OG PYLSUBRAUÐ**




**298 KR.500 GR**

**398 KR.900 GR**

*HIMNESKT-LÍFRÆNT*
**TRÖLLAHAFRAR OG HAFRAMJÖL**



**129 KR.KG**

**RAUÐAR OG HVÍTAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR**
Í LAUSU




**498 KR. 1.2 LTR**

**ISIO4 OLÍA** 20% MEIRA MAGN




**795 KR 500 ML**

**LISTERINE**
MUNNSKOL




**259 KR. 330 ML**

HIMNESKUR-LÍFRÆNN
**ENGIFERDRYKKUR**




**398 KR. 500 ML**

LÍFRÆNT
**KÓKOS-VATN**




**398 KR. 500 GR**

BÓNUS
**KAFFI**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | | | 3 | |
| | | 8 | 9 | | 1 | 6 | 4 | |
| 6 | | | 4 | | | | | 7 |
| | | 9 | 3 | | 2 | | 6 | |
| 3 | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | 7 | | 9 | 2 | | |
| 8 | | | | | 3 | | | 9 |
| | 1 | 5 | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | | | 6 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS



**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glata, **6.** pot, **8.** ískur, **9.** fálm, **11.** samanburðartenging, **12.** rými, **14.** beikon, **16.** sjó, **17.** blóðhlaup, **18.** hluti verkfæris, **20.** nafnorð, **21.** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stökk, **3.** tvíhljóði, **4.** fjölmiðlar, **5.** tálbeita, **7.** raddbönd, **10.** blekking, **13.** er, **15.** krass, **16.** pumpun, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tapa, **6.** ot, **8.** urg, **9.** pat, **11.** en, **12.** pláss, **14.** flesk, **16.** sæ, **17.** mar, **18.** orf, **20.** no, **21.** gifs. **LÓÐRÉTT: 1.** hopp, **3.** au, **4.** pressan, **5.** agn, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sem, **15.** krot, **16.** sog, **19.** ff.


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hálsahverfi
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis. Í breytingunni felst að komið er fyrir strætisvagnabiðstöð við Vesturlandsveg ásamt því að gerð er vegtenging milli Vesturlandsvegar og Hestháls. Einnig er komið fyrir stígatengingu milli strætisvagnaskýlis og gatnamóta Hálsabrautar, Hestháls og Vesturlandsvegar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Bryggjuhverfi
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst að komið er fyrir innsiglingarljósum við höfnina í Bryggjuhverfi. Annað merkið (bakmerki) er staðsett á landi en hitt merkið (formerki) er botnfast í höfninni.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Elliðaárdalur
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að komið er fyrir tveimur göngu og hjólabrúm. Staðsetning brúa er við norðanvert Geirsnef þar sem Elliðaáin rennur í tveimur kvíslum. Stígar sem liggja að brúm munu tengjast við núverandi stígakerfi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 22. febrúar 2012 til og með 4. apríl 2012**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. apríl 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 22. febrúar 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


HEILSA

# Ég þekki ekki stjórnarskrána

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé



Bessaleyfi það skal tekið hér í upphafi pistilsins og það fullyrt að fyrir fimm árum hafi varla nokkur einasti ólöglærður Íslendingur þekkt innihald stjórnarskrár íslenska lýðveldisins. Jú mann rámar í að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn en ekki meira en það. Og hvað þýðir þingbundin stjórn? Og hvar kemur forsetinn inn í þetta? Hvar er hann í þingbundnu stjórninni sem á að ráða? Sjálfur þjóðkjörinn höfðinginn?

**NEI**, íslenska stjórnarskráin er illskiljanlegt torf, en það er að sumu leyti bara fínt. Annaðhvort eiga greinar stjórnarskrár að vera örfáar greinar með grunnréttindum þegnanna – og frekari útlistunum í sérlögum – eða ítarlegri plögg sem girða fyrir ýmislegt. Og þá verða þau illskiljanleg.

**ÞEGAR** hrunið varð leitaði íslenska þjóðin logandi ljósi að orsökum. Skiljanlega. Og þá var stjórnarskráin tínd til sögunnar. Það virtist á einhvern hátt skýra ofvöxt bankanna, aðgerðaleysi og illar aðgerðir stjórnvalda, daufdumbar eftirlitsstofnanir, samvitund íslensku þjóðarinnar að stjórnarskráin væri ekki nógu skýr. Þess vegna var hafist handa við að skrifa nýja stjórnarskrá.

**NÚ** mun ég fá yfir mig holskeflu gagnrýnisradda. Stjórnlagaráðsmenn og málsvarar þjóðarinnar munu hrópa að nú eigi að kæfa hið góða starf sem þegar hefur verið unnið. Endurreisnina. Nýja Ísland. Það verður þá bara að hafa það. Ég ætla samt að spyrja. Hvað liggur á? Af hverju verður að keyra í gegn nýja stjórnarskrá, nýjan grunn að samfélagi okkar, í sumar?*

**ÞESSARAR** spurningar hafa sumir spurt, jafnvel hafa fræðimenn leyft sér það. Þeir hafa umsvifalaust verið snupraðir og skoðun þeirra tengd þeirra hagsmunum. Það er lenskan í dag. En ég spyr aftur, hvað liggur á? Kannski er eitthvert svar við því, annað en að annar stjórnarflokkanna hefur lagt mikla áherslu á þetta mál. Og þá er það bara þannig. Þá verðum við að kyngja því að nauðsynlegt sé að kjósa um nýja stjórnarskrá í júní 2012, annað sé ófært.

**SÚ** verður líklega reyndin þegar Alþingi tekur málið fyrir. En þá skulu stjórnvöld vessgú standa sína plikt og kynna það almennilega fyrir þjóðinni um hvað á að kjósa; hver verður samfélagssáttmálinn fram að næstu endurskoðun stjórnarskrár.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Skemmtidagskrá öskudagsins kl. 11-17

- Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa
- Kötturinn sleginn úr tunnunni kl. 13:30 og 16:30
- Ókeypis myndataka
- Ókeypis andlitsmálun
- Lukkuhjól - engin núll
- Nammi og fjör

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# menning

menning@frettabladid.is



**JÓLABÆKURNAR** eru farnar að koma út í kilju. Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Konan við 1000°, kom til að mynda út í vikunni. Í henni er rakin viðburðarík ævi Herbjargar Maríu Björnsson sem er áttræð og farlama og býr í bílskúr í austurborginni.

# Tengja húðlitinn við vændi

**Lítilsvirðing í garð asískra kvenna er áberandi í íslenskum fjölmiðlum, bókmenntum og kvikmyndum. Þetta er niðurstaða rannsóknar Cynthiu Trililani, meistaranema í menntunarfræðum í Háskóla Íslands.**

„Íslendingar eru gjarnir á að alhæfa og setja allar asískar konur, að undanskildum þeim japönsku, undir einn hatt. Þegar ég var að vinna í ritgerðinni minni fann ég ekkert jákvætt í fjölmiðlum um asískar konur. Allar fréttir af þeim fjölluðu um barnabrúðir, vændiskonur og fórnarlömb ofbeldis.“ Þetta segir hin indónesíska Cynthia Trililani, sem lauk BA-prófi í íslensku fyrir útlendinga frá Háskóla Íslands árið 2009 og er í meistaranámi í menntunarfræði við sama skóla. Samkvæmt rannsókn hennar er neikvætt álit á asískum konum áberandi í íslenskum bókmenntum og kvikmyndum. Hún kveðst einnig tala út frá eigin reynslu og vinkvenna sinna. „Sérstaklega eru það karlmenn sem líta niður á asískar konur með dökkan húðlit. Ef ég fer í bæinn að skemmta mér fæ ég spurningar eins og: „Hvað kostar?“ Þeir setja útlit mitt í samband við vændi. Íslendingar tengja hins vegar japanskar konur meira við ferðamenn og peninga en ýmsar aðrar þjóðir en líta líka á þær sem undirgefnar geisur.“

Chyntia er menntuð í fjölmiðlafræði í heimalandi sínu en starfar hér á landi á barnaheimili með náminu í HÍ. Hún kynntist íslenskum manni í Noregi og þau fluttu hingað til lands í nóvember 1999. „Við eigum þrjá stráka og ákváðum að flytja til Íslands svo börnin gætu verið nálægt afa og ömmu og talað íslensku.“



**CYNTHIA TRILILANI HÁSKÓLANEMI** „Því miður vantar margar asískar konur sjálfstraust. Þær festast í láglaunastörfum og geta ekki stundað bæði fulla vinnu og íslenskunám.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Neikvæðar staðalímyndir gera mörgum asískum konum erfitt fyrir, valda sálarangist meðal þeirra sem aftur leiðir til einangrunar og einmanaleika, að mati Chyntiu. Hún telur menntun asískra kvenna lítils metna hér á landi. „Vinkonur mínar frá Asíu eru margar vel menntaðar, þær hafa próf í lögfræði, tölvunarfræði og fleiri háskólagreinum en geta ekki notað þekkingu sína vegna tungumálaerfiðleika og innbyggðar mótstöðu í íslensku samfélagi,“ segir hún.

Þó íslenskunám standi þessum konum til boða eins og henni segir hún þær því miður margar vanta sjálfstraust til að fara í skóla. „Þær festast í láglaunastörfum,“ segir hún, „og geta ekki bæði stundað fulla vinnu og nám.“ **- gun**



**NORÐUR** Verk eftir Solveigu Thoroddsen sem sýnt verður í Mjólkurbúðinni um helgina.

# NORÐUR á Akureyri

Solveig Thoroddsen opnar sýninguna NORÐUR í Mjólkurbúðinni Listagili á föstudaginn klukkan fimm. „Sýningin „Norður“ byggir á dvöl minni á Svalbarða í nóvember síðastliðnum. Í verkum mínum túlka ég áhrif náttúru, samfélags og umhverfis. Sérstaklega er mér hugleikið sambandið milli manns og náttúru, aðlögun beggja afla hvort að öðru og spennuna sem ríkir oft milli þessara ólíku en þó náskyldu afla, því maðurinn er, þegar allt kemur til alls, hluti af náttúrunni,“ segir Solveig um sýninguna.



**INNBLÁSINN AF SVALBARÐA** Sýning Solveigar í Mjólkurbúðinni byggir á dvöl hennar á Svalbarða.

Solveig Thoroddsen útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2010 og er þetta fyrsta einkasýning hennar. Solveig hefur tekið virkan þátt í samsýningum og má þar nefna meðal annars þátttöku Solveigar í myndlistarsýningunni Nýir þjóðhættir á vegum Úti á túni, Menningarfélags á Húsavík, á mærudögum 2011 og í samsýningu Dieter Roth Akademíunnar í Verksmiðjunni á Hjalteyri 2010.

Sýningin NORÐUR stendur aðeins þessa einu helgi. Opið er á föstudag frá fimm til átta, laugardag og sunnudag frá tvö til fimm.

Góðverk dagsins!
Hefur þú gert góðverk í dag?
Skátarnir

ÓSKAST TIL LEIGU

**15190 - Fullbúið Skrifstofu-, æfinga- og sýningarhúsnæði óskast á leigu fyrir Íslenska dansflokkinn**

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu ofangreint húsnæði fyrir Íslenska dansflokkinn. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 7ára með framlengingarmöguleika eftir það til allt að 5 ára, samkvæmt nánari ákvæðum í væntanlegum leigusamningi. Húsnæðið skal vera fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu þess innan póstnúmers 103, vegna samvinnu dansflokksins og Borgarleikhússins. Gerð er krafa um gott aðgengi og næg bílastæði.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð um 700 fermetrar og skiptist það í um 220 ferm skrifstofurými, um 150 ferm þjónusturými og um 325 ferm sýninga- og áhorfendasvæði.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is **fimmtudaginn, 23. febrúar 2012.**

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15190 (útboðsnúmer Ríkiskaupa) skulu sendar á netfangið www.utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út þriðjudaginn **28. febrúar 2012**, en svarfrestur við fyrirspurnum er til og með **föstudeginum, 2. mars 2012.**

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **þriðjudaginn, 6. mars 2012.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga óskar eftir uppeldisfjölskyldum fyrir leiðsöguhunda.**

Miðstöðin sér um þjálfun leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta. Hjá Miðstöðinni starfar þjálfari sem sér um þjálfun hundanna og eftirlit með þeim.

Hlutverk uppeldisfjölskyldunnar er mjög mikilvægt. Það að verðandi leiðsöguhundur fái að alast upp að hluta til á venjulegu heimili er stór hluti af undirbúningi og þjálfun leiðsöguhunda.

Skilyrðin fyrir því að hundur fái að vinna sem leiðsöguhundur eru ótalmörg en mikilvægast af öllu er að hundurinn sé áreiðanlegur, öruggur í umhverfi og öruggur með ókunnu fólki. Það er mikilvægt fyrir hvolpinn að fá að alast upp á „heimili“, hann fái að lifa hversdagslífi og vera hluti af fjölskylduheild. Allir hvolpar þurfa að alast upp við ást, umhyggju, virðingu og aga.

Hundaþjálfari Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga mun fylgjast með uppeldi hvolpanna og gefa góð ráð varðandi uppeldi. Þjálfari frá Miðstöðinni mun hitta uppeldisfjölskyldu einu sinni í mánuði þar sem farið verður yfir hvernig hundarnir eru að þroskast, farið í göngu/umhverfisþjálfun og grunnhlýðni. Miðstöðin borgar fóður og dýralæknakostnað fyrir hvolpana. Hvolpinum fylgir eigið bæli, búr og matardallar.

Reikna má með að hver hvolpur dvelji hjá fósturfjölskyldu í um það bil eitt ár, eða þar til þjálfarinn telur hann tilbúinn til þjálfunar.

Allar nánari upplýsingar veitir Drífa Gestsdóttir þjálfari leiðsöguhunda
sími 860-9499, netfang: drifa@midstod.is

# Yann Tiersen á Listahátíð

Franski tónlistarmaðurinn Yann Tiersen heldur tónleika á Listahátíð 31. maí. Tiersen er einn frumlegasti brautryðjandi sinnar tónlistarkynslóðar og dáður fyrir marglaga og djúpa músík sína sem hann setur fram í heillandi og melódískum tónsmíðum.

Ákveðinn hljómur er einkennandi í tónlist hans sem þekkja má á fjölda ólíkra hljóðfæra sem hann notar gjarnan saman: gítar, synthesizer eða fiðlu með hljóðfærum á borð við melódíku, xylofón, leikfangapíanó, sembal, harmóníku og jafnvel ritvél.

Yann Tiersen hefur undanfarna mánuði fylgt eftir sinni nýjustu plötu á tónleikaferðalagi um Evrópu og Bandaríkin en þaðan kemur hann beint til Íslands.

Yann Tiersen og félagar, þeir Stéphane Bouvier, Robin Allender, Lionel Laquerriere, Neil Turpin og Færeyingurinn Olavur Jakupsson, hafa sett saman sérstakt órafmagnað tónleikaprógramm úr Skyline fyrir Listahátíðargesti.

Yann Tiersen sló rækilega í gegn víða um heim með tónlist sinni í frönsku kvikmyndinni Amélie árið 2000 í leikstjórn Jean-Pierre Jeunet. Hann hefur gert fjölmargar plötur síðan sem hlotið hafa frábærar viðtökur og meðal annars kvikmyndatónlistina við Good Bye Lenin!

Nýjasta plata Tiersens, Skyline, kom út í Evrópu árið 2011 og er hún sú sjöunda sem hann sendir frá sér. Platan kemur út í Bandaríkjunum í apríl hjá Anti-Records, sem hann hefur verið á mála hjá frá 2010. Platan var að mestu tekin upp á heimili hans á lítilli eyju undan ströndum Bretagne-skagans og hljóðblönduð af Ken Thomas sem hefur meðal annars unnið með Sigur Rós.



**YANN TIERSEN OG HLJÓMSVEIT** Kemur fram á Listahátíð Reykjavíkur í vor.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 22. febrúar 2012**

### ➔ Uppákomur

**14.00** Öskudagsball verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Dansað verður og sungið auk þess sem kötturinn verður sleginn úr tunnunni á torginu við Gerðuberg og Miðberg. Aðgangur er ókeypis.

### ➔ Bókmenntir

**20.00** Guðmundur Andri Thorsson fjallar um nýjustu skáldsögu sína, Valeyrarvalsinn, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Allir velkomnir.

### ➔ Tónleikar



**12.15** Tónleikar í tónleikaröð Gerrits Schuil, Ljáðu mér heyra verða á sínum stað í Fríkirkjunni í Reykjavík. Dagskrá hverra tónleika er ekki auglýst fyrir fram né flytjendur. Allir velkomnir.

### ➔ Fyrirlestrar

**12.05** Halldóra Jónsdóttir verkefnastjóri og Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri kynna netorðabókina ISLEX með hádegisfyrirlestri í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af 90 ára afmæli Norræna félagsins á Íslandi. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



**12.15** Úlfar Bragason flytur erindi um Reykjarfjarðarbók Sturlungu í Þjóðmenningarhúsinu. Er fyrirlesturinn hluti af erindaröðinni Góssið hans Árna um valin handrit úr safni Árna Magnússonar. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




FEBRÚARTILBOÐ
þvottavélar á afslætti



ÞVOTTAVÉL - WA61412
6 kg
1400 snúninga
Orkunýtni A+
Þvottheæfni A
4-D Vatnsdreifarar
Ryðfrí tromla
Carbotech belgur
Hraðþvottur
SterilTub hreinsikerfi
Hurðarop 33 sm
Kaldur þvottur 15°C
KR. 89.900.- ÁÐUR KR. 99.900

ÞVOTTAVÉL - WA61414
6 kg
1400 snúninga
LED Skjár
Hægt að lækka vindu
Orkunýtni A+
Þvottheæfni A
4-D Vatnsdreifarar
Ryðfrí tromla
Carbotech belgur
Hraðþvottur
SterilTub hreinsikerfi
Hurðarop 33 sm
Kaldur þvottur 15°C
KR. 99.900.- ÁÐUR KR. 119.900

5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING



**KNÚS** Hörður gat ekki stillt sig um að knúsa vin sinn þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kossar og knús í minningu Hemma

„Þetta snýst um að stíga aðeins út fyrir þægindarammann,“ segir Hörður Ágústsson, verslunarmaður í Maclandi.

Hermann Valgarðsson lést fyrir aldur fram í nóvember í fyrra. Hann hefði orðið 32 ára í dag og til að heiðra minningu hans halda vinir hans Luv-daginn hátíðlegan, en Hemmi var einmitt þekktur fyrir einstakt lag á því að láta fólki líða vel í kringum sig.

Vinir Hemma mælast til þess að fólk leggi niður allar varnir og að faðmlög, ást og náungakærleikur fái að ráða ríkjum í dag. Hörður vonast svo til að dagurinn verði árlegur, eða jafnvel daglegur. „Við byrjum smátt,“ segir Hörður léttur. „Hemmi faðmaði mann og kyssti strax við fyrstu kynni. Það gat engum liðið óþægilega í kringum hann.“

Bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson koma fram í Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda í tilefni dagsins. Tónleikarnir hefjast klukkan 21. „Þeir eru frændur Hemma, þannig að það var lítið mál að plata þá í að taka nokkur lög,“ segir Hörður.

- afb

# Leikur Liz

**Það virðist allt vera á uppleið hjá vandræðagemlingnum Lindsay Lohan.**

**Hún hefur nú verið ráðin í hlutverk sjálfrar Elisabeth Taylor í væntanlegri mynd um líf leikkonunnar stórkostlegu og skaut hún þar með þokkadísinni Megan Fox ref fyrir rass.**

**Eitt skilyrði er þó fyrir hlutverkinu, og það er að hún haldi sig réttu megin við lögin, en hún hefur verið tíður gestur í dómsölum vestanhafs síðustu ár. Lohan er á skilorði eins og er en gangi allt upp eins og áætlað er ætti hún að ljúka við samfélagsþjónustu sína í lok mars og verður því laus í tökur á myndinni í tæka tíð.**



**EKKERT RUGL** Lohan þarf að hlýða lögum ef hún ætlar að halda hlutverkinu.

# Vafasamt kapphlaup

Bíó ★★☆☆☆

**This Means War**

Leikstjórn: McG

**Leikarar:** Reese Witherspoon, Chris Pine, Tom Hardy, Til Schweiger, Chelsea Handler, Angela Bassett

Leyniþjónustumennirnir FDR og Tuck eru bestu vinir í öllum heiminum en fara fyrir slysni að „deita“ sömu konuna. Þegar upp kemst um aðstæður ákveða þeir að búa til leikreglur og láta konuna velja þann sem henni líst betur á, en hún hefur ekki minnstu hugmynd um að þeir þekkist. Upphefst um leið mikið kapphlaup þar sem spæjararnir keppast við að vinna hug og hjarta konunnar, en í keppninni notfæra þeir sér aðstöðu sína innan leyniþjónustunnar til hins ítrasta.

Söguþráður myndarinnar er vægast sagt vafasamur, eða í það minnsta hafði ég ákveðnar efasemdir um siðferðiskennd aðalpersónanna, en margt er leyfilegt í þágu gríns og því reyndi ég að líta fram hjá því. FDR og Tuck eru skemmtilegar persónur og það örlar á eilitlum neista á milli þeirra. Handritið lumar á nokkrum góðum bröndurum en það er konan sem dregur myndina niður í hyldýpi heimskunnar. Hún er kynnt til sögunnar sem klár og eftirsóknarverð, en til þess að húmorinn gangi upp er greind hennar látin fara síversnandi þegar líða tekur á myndina.

Leikstjórinn með asnalega nafnið hefur sérhæft sig í hreinræktuðum afþreyingarmyndum en því fer fjarri að hann fái fyrir það einhverja undanþágu frá gagnrýni. Sagan býður upp á hressandi sprell en McG er einfaldlega ekki nógu sterkur leikstjóri til að stýra henni til sigurs. Þá og greindarskerðing Reese Witherspoon gera það að verkum að This Means War er algjörlega einnota.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Óvönduð útfærsla á ágætri hugmynd. Þolanleg í fluginu til Tenerife í sumar.



**SKEMMTILEGAR PERSÓNUR** Það örlar á eilitlum neista á milli persóna Tom Hardy og Chris Pine, en myndin er einnota.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| HUGO Ótextuð | kl. 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TAL Í 3D | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:20 - 10:10 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THIS MEANS WAR | kl. 10:30 | 2D | 14 |

ALVÖRU FRÍÐINDI
kynntu þér SAMbíóklúbbinn á
SAMbio.is



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THIS MEANS WAR | 10 |
| SAFE HOUSE | 5.40, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 - ISL TAL |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THIS MEANS WAR LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EP1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5 .30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10 | 14 |
| SAFE HOUSE | KL. 10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| SÁ SEM KALLAR | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is

Solaray
Laxalýsi
Smyr liðamót og vöðva, unnið úr fiskinum sjálfum.




Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 58217 01/12



BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS 16-23 (frítt inn) ■ A DANGEROUS METHOD 20:00, 22:00 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSYFIRLÝSING 18:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 20:00 ■ ELDFJALL 20:00 ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!



ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

# Rizzo Pizza

**ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á**
**1.380 KR EF ÞÚ SÆKIR**

# ELDBÖKUDAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI

pepsi MAX

**TILBOÐIÐ GILDIR**
**22. - 28. FEBRÚAR**

FOÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

# sport

sport@frettabladid.is



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR OG KRISTÍN ÝR BJARNADÓTTIR** munu spila með norska B-deildarfélaginu Avaldsnes í sumar en þær léku báðar með Val síðastliðið tímabil. Hólmfríður ætlaði að spila í Bandaríkjunum en tímabilið var blásið af í lok janúarmánaðar. Björk Björnsdóttir, markvörður frá Fylki, spilar einnig með liðinu næstkomandi tímabil.



**RANIERI** Var fenginn til Inter til að bjarga tímabilinu en liðinu hefur gengið illa að undanförnu. NORDIC PHOTOS/AFP

Meistaradeildin í kvöld:

## Starfið undir hjá Ranieri?

**FÓTBOLTI Fyrri umferð 16-liða úrslitanna í Meistaradeild Evrópu lýkur í kvöld með tveimur leikjum. Svissneska liðið Basel tekur á móti „stóra bróður“ frá Þýskalandi, Bayern München en síðarnefnda liðið verður að teljast talsvert sigurstranglegri aðilinn í þeirri rimmu.**

**Ítalska liðið Inter á erfiðan útileik gegn franska liðinu Marseille fyrir höndum en gengi liðsins í deildinni heima í ár hefur ekki verið upp á marga fiska. Liðið hefur tapað fimm af síðustu sex leikjum sínum, þar af heimaleikjum gegn Bologna og Novara.**

**Claudio Ranieri tók við liðinu á miðju tímabili en gæti misst starfið ef honum tekst ekki að ná hagstæðum úrslitum í Frakklandi í kvöld. Stjóri Marseille er Didier Deschamps en þessir kappar mættust í undanúrslitum Meistaradeildarinnar árið 2004. Ranieri var þá stjóri Chelsea sem tapaði óvænt fyrir Monaco og missti hann starfið sitt stuttu síðar. - esá**

# 34 TITLAR Á TUTTUGU ÁRUM

**Sigurður Ingimundarson gerði Keflvíkinga að bikarmeisturum um helgina og bætti enn einum bikarnum í safnið. „Búinn að vera heppinn að vera með besta þjálfarann,“ segir fyrirliðinn Magnús Þór Gunnarsson.**

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson er sigursælasti þjálfarinn í íslenskum körfubolta og hann er enn að bæta við titlum í afrekaskrána.

Karlalið Keflavíkur varð bikarmeistari undir hans stjórn um helgina og vann þar 21. titilinn sinn undir stjórn Sigurðar. Sigurður hefur einnig unnið 13 titla með kvennaliði félagsins og eru gullin því orðin 34 talsins síðan hann tók við kvennaliði Keflavíkur haustið 1991.

Sigurður var enn fremur að vinna sinn níunda bikarúrslitaleik í Höllinni um helgina en hann vann bikarinn tvisvar sem leikmaður (1993 og 1994), fjórum sinnum sem þjálfari kvennaliðsins (1993-1996) og nú í þriðja sinn sem þjálfari karlaliðsins (1997, 2003 og 2012).

Magnús Þór Gunnarsson hefur unnið marga titla með Sigurði og hefur verið fyrirliði liðsins í tveimur þeim síðustu: Íslandsmeistaratitlinum 2008 og svo bikarmeistaratitlinum um síðustu helgi. Hann þekkir Sigurð betur en flestir.

„Það sem gerir hann að besta þjálfaranum er að það er svo mikill agi hjá honum. Það skiptir engu máli þótt þú heitir Guðjón, Maggi, Gunni Stef, Hafliði eða Valur Orri. Hann lætur alla heyra það. Ég hef líka sagt við ungu strákana eftir tapleiki að ef við hlustum ekki á Sigga þá töpum við en ef við hlustum á hvert einasta orð sem hann segir þá vinnum við hvaða leik sem er,“ segir Magnús. „Þetta hefur verið svona í gegnum árin ef maður hugsar til baka. Ef maður gerir akkúrat það sem hann segir manni að gera þá vinnum við,“ segir Magnús Þór og hrósar Sigurði fyrir klókindi á hliðarlínunni.



**BIKARMEISTARI Í NÍUNDA SINN** Sigurður Ingimundarson lyfti hér bikarnum í Höllinni. FRÉTTABLAÐIÐ7VALLI

„Hann er ekki bara leiðinlegur því hann er líka skemmtilegur inn á milli. Hann nær að púsla þessu mjög vel saman og hefur gert það öll þessi ár sem hann hefur þjálfað mig,“ segir Magnús Þór en hann segir að Keflavíkurliðið hafi alltaf stefnt að því að vinna titla í vetur þrátt fyrir að margir hefðu ekki haft mikla trú á liðinu á haustmánuðunum.

„Það er búið að ala þetta upp í mönnum og það er ekki hægt að taka það í burtu. Svona er bara Keflavík og hefur alltaf verið og svoleiðis á þetta að vera. Maður á ekki bara að vera með, sætta sig við sjötta sætið og fara síðan í frí í mars. Maður á að reyna að vinna alla titla og sem betur fer er maður búinn að vera heppinn að vera með besta þjálfarann og hefur því unnið þá nokkra,“ segir Magnús og þeir eru ekki hættir í vetur.

„Það er hæpið að við náum þessum deildarmeistaratitli en við eigum einn stóran eftir og við ætlum að taka hann,“ segir Magnús.

Magnús gerir sér samt vel grein fyrir því að Sigurður er ekki allra en Njarðvíkurliðið náði sem dæmi ekki að blómstra undir hans stjórn.

„Hann er eins og flestir Keflvíkingar, montinn upp fyrir haus. Því miður eru ekki allir sem geta tekið því. Þessi maður á það fyllilega skilið að vera montinn því hann er búinn að sýna það að hann er fremsti þjálfari sem Ísland á,“ segir Magnús að lokum.

ooj@frettabladid.is

**34 titlar Sigurðar með Keflavík**

| | (Karlalið Keflavíkur + kvennalið Keflavíkur) |
|---|---|
| Íslandsmeistari | 10 sinnum (5+5) |
| Bikarmeistari | 7 sinnum (3+4) |
| Deildarmeistari | 10 sinnum (6+4) |
| Fyrirtækjabikarmeistari | 5 sinnum (5+0) |
| Meistari meistaranna | 2 sinnum (2+0) |
| *Samtals frá 1991-2012* | *34 titlar (21+13)* |






**SKORAÐI TVÖ** Ezequil Lavezzi fagnar með Edinson Cavani. NORDIC PHOTOS/GETTY

Napoli vann Chelsea í Meistaradeild Evrópu:

## Ensku liðin á útleið

**FÓTBOLTI** Það stefnir í að ekkert enskt lið komist áfram í fjórðungsúrslit Meistaradeildar Evrópu, nú síðast eftir 3-1 tap Chelsea fyrir Napoli á Ítalíu. Með tapinu jókst pressan enn á knattspyrnustjórann Andre Villas-Boas hjá Chelsea.

Manchester-liðunum City og United mistókst að komast áfram upp úr riðlakeppninni og Arsenal tapaði fyrri leik sínum í 16-liða úrslitunum gegn AC Milan, 4-0. Útlitið er því dökkt fyrir fulltrúa enska boltans í Meistaradeildinni.

Juan Mata kom reyndar Chelsea yfir í gær eftir að hafa nýtt sér klaufagang í varnarleik Napoli. En það var varnarleikur Chelsea sem átti eftir að reynast í sviðsljósinu því Ítalarnir svöruðu með þremur mörkum. Ezequil Lavezzi skoraði tvívegis og Edinson Cavani einu sinni og litu varnarmenn Chelsea afar illa út.

Í hinum leik gærdagsins náði CSKA Moskva 1-1 jafntefli gegn Real Madrid á heimavelli. Cristiano Ronaldo kom Real yfir í fyrri hálfleik en Svíinn Pontus Wernbloom tryggði Moskvumönnum jafntefli með nánast síðustu spyrnu leiksins. - esá

Theodór Elmar Bjarnason með slitið krossband:

## Frá í sex til átta mánuði

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Theodór Elmar Bjarnason getur ekki spilað fótbolta næstu sex til átta mánuði eftir að í ljós kom að hann sleit bæði krossband og innra liðband í hnénu í æfingaleik á móti OB um síðustu helgi. Þetta kom fram á heimasíðu Randers.

Theodór Elmar sem er 25 ára miðjumaður er nýgenginn til liðs við danska b-deildarliðið Randers frá sænska liðinu IFK Gautaborg þar sem hann hafði spilað frá 2009. Hann var valinn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikinn gegn Japan en missir að sjálfsögðu af þeim leik.

Fyrir leikinn afdrifaríka á laugardaginn hafði Theodór Elmar ekki misst af einni æfingu í sex ár ef marka má fréttina af meiðslum hans á heimasíðu Randers. - óój



# ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

**Vantar þig aðstoð?**
Hringdu og við aðstoðum þig við að innleysa ávísunina.
**440 2000**

Þessa dagana færð þú ásamt 19.872 öðrum tjónlausum og skilvísum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

**SJÓVÁ**
**STOFN**

Sjóvá er hluti af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1789

> **Stöð 2 kl. 21.05**
**Grey's Anatomy**

***Það verður líf og fjör í Grey's Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Derek fær systur sína í heimsókn, Cristina og Owen fara til hjónabandsráðgjafa og Meredith fær tækifæri til að láta ljós sitt skína þegar sjúklingur kemur á bráðavaktina með höndina fasta í kjötvinnsluvél.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ LIFÐI AF

# *Sjónvarpsdagskrá fyrir sjúka*

Á dögunum lenti ég í því að liggja veikur heima. Já, ég veit, það er aumingjaskapur sem á ekki að spyrjast út um fyrrum Herra Vestmannsvatn. En jafnvel meistarar í siglfirskum bringugelti þurfa endrum og eins að lúta lægra höfði fyrir náttúrunni. Annars hef ég það nú yfirleitt dandalafínt.

En nóg um það. Þar sem ég lá tvo daga heima fyrir, já dagarnir urðu tveir, naut ég þess heiðurs að fá innsýn í hugarheim þeirra sem setja saman sjónvarpsdagskrá. Þegar ég var ungur, já, ég er gamall, var þetta ekki flókið. Sjónvarpið hófst rétt fyrir fréttir með barnaefni og þyngdist þegar leið á kvöldið og lauk fyrir miðnætti. Það er liðin tíð.

Nú hefst morgunsjónvarp með sprikli glaðsinna fólks, sem er ekki þeim veiku að skapi, færir sig yfir í endursýnda þætti, stundum raunveruleikaþætti. Um hádegisbilið er gjarnan bandarísk bíómynd og svo hefst barnaefnið. Fyrst kemur efni fyrir börn í eldri kantinum, sem koma fyrr heim úr skóla, þá þau yngri. Loks hefst sjónvarpssápan og eitthvert grín fyrir fréttir. Síðan rekur hver dagskrárliðurinn annan fram á morgun.

Á tveimur dögum fékk ég mánaðarskammt af sjónvarpi, þar sem ég dormaði helsjúkur í sófanum. Eftir að ég hresstist hef ég ekki kveikt á sjónvarpi, þannig að til einhvers var unnið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Brynhildur og Angantýr **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Dansskólinn** (4:7) (Simons danseskole) (e) Sænsk þáttaröð.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (49:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (20:42)
**18.30 Gló magnaða** (43:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (94:109) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**20.45 Meistaradeild í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Iron Maiden á tónleikaferðalagi** (Iron Maiden: Somewhere Back in Time) Fylgst er með rokkhljómsveitinni Iron Maiden á tónleikaferðalagi árið 2008.
**23.20 Landinn** (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.15 Fréttir**
**00.25 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.40 30 Days Until I'm Famous**
**10.10 Marley & Me**
**12.05 Shark Bait**
**14.00 30 Days Until I'm Famous**
**16.00 Marley & Me**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Australia**
**22.40 One Night with the King**
**00.40 Zodiac**
**02.15 How Much Do You Love Me?**
**04.00 One Night with the King**
**06.00 A Fish Called Wanda**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (106:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (21:22)
**11.00 The Big Bang Theory** (15:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (17:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (66:78)
**13.25 Ally McBeal** (21:22)
**14.15 Ghost Whisperer** (6:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (7:22)
**19.45 Til Death** (12:18)
**20.10 New Girl** (2:24) Frábærir gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur. Hún finnur sér draumameðleigjendur þegar hún flytur inn með þremur karlmönnum og eru samskipti fjórmenninganna vægast sagt skopleg.
**20.35 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (8:10) Kalli Berndsen er mættur til leiks á Stöð 2 og ráðleggur konum með mismunandi vaxtalag um hvernig best sé að klæða sig til að ná fram því besta.
**21.00 Grey's Anatomy** (15:24)
**21.45 Gossip Girl** (4:24)
**22.30 Pushing Daisies** (3:13)
**23.15 Alcatraz** (2:13)
**00.00 NCIS: Los Angeles** (9:24)
**00.45 Rescue Me** (1:22)
**01.30 Damages** (7:13)
**02.15 Damages** (8:13)
**03.00 Festival Express**
**04.25 Grey's Anatomy** (15:24)
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**14.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin -** Endursýndur leikur
**16.30 Þorsteinn J. og gestir**
**16.55 Man. City - Porto** BEINT frá síðari leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**19.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Basel - Bayern** BEINT frá leik í 16 liða úrslitum.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir**
**22.10 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Internazionale**
**00.00 Þorsteinn J. og gestir**
**00.25 Þýskaland: Kiel - RN Löwen**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Stoke - QPR**
**18.40 Premier League Review 2011/12**
**19.35 Football League Show**
**20.05 Man. Utd. - Arsenal**
**21.55 PL Classic Matches: Manchester Utd - Chelsea, 2000**
**22.25 PL Classic Matches: Leeds - Newcastle, 2001**
**22.55 Man. City - Stoke**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (54:175)
**20.10 American Dad** (7:18)
**20.35 The Cleveland Show** (10:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (12:24)
**22.15 Mike & Molly** (24:24)
**22.40 Chuck** (23:24)
**23.25 Burn Notice** (7:20)
**00.10 Community** (20:25)
**00.35 The Daily Show. Global Edition**
**01.00 Malcolm In The Middle** (7:22)
**01.25 Til Death** (12:18)
**01.50 American Dad** (7:18)
**02.15 The Cleveland Show** (10:21)
**02.40 The Doctors** (54:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (2:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (2:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (13:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (2:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 7th Heaven** (10:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (2:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (2:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (19:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (26:26)
**19.45 Will & Grace** (10:27) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (11:13) Í þetta sinn fá fjórtán fyrrum keppendur að spreyta sig á ný. Áhugaverðustu atriði seríunnar eru rifjuð upp og myndefni sem aldrei hefur verið sýnt lítur dagsins ljós.
**21.00 Pan Am** (14:14) Það er komið að lokaþættinum um Pan Am. Árið 1964 nálgast óðfluga og áhöfnin sér fram á nýja tíma. Colette á í stormasömu sambandi við prins og Dean nagar sig í handarbökin yfir því að hafa misst hana. Brúðkaupsplön Amöndu og Ted eru í fullum gangi, fjölskyldu hans til mikillar gleði.
**21.50 CSI: Miami** (21:22) Horatio Caine og félagar hans eru á höttunum eftir endurskoðanda sem grunaður er um morð. Hinn sami segist hins vegar saklaus.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 Prime Suspect** (5:13) (e)
**00.15 HA?** (21:31) (e)
**01.05 The Walking Dead** (3:13) (e)
**01.55 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.15** Northern Trust Open 2012 (3:4) **11.15** Golfing World **12.05** Northern Trust Open 2012 (4:4) **16.35** Inside the PGA Tour (8:45) **17.00** World Golf Championship 2012 (1:5) **23.00** PGA Tour - Highlights (7:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.35** My Family **08.40** The Inspector Lynley Mysteries **10.15** Come Dine With Me **11.05** EastEnders **11.35** The Graham Norton Show **12.20** My Family **13.20** My Family **14.20** My Family **115.20** My Family **15.50** QI **16.50** Top Gear **17.40** The Graham Norton Show **18.25** Come Dine With Me **19.15** QI **20.15** The Graham Norton Show **21.00** QI **22.00** Peep Show **22.30** Live at the Apollo **23.20** My Family **00.20** My Family **01.50** The Inspector Lynley Mysteries **03.25** My Family **05.00** The Weakest Link

## DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **14.55** Rygepauser - Forår **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Dyrehospitalet **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Ved du hvem du er? **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **21.50** Taggart **22.40** Onsdags Lotto **22.50** Kæft, trit og flere knus

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Snowboard med Jake Blauvelt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Redd menig Osen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Helt patent! **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Lilyhammer **21.25** Program ikke fastsatt **22.10** Kveldsnytt **22.25** Nasjonalgalleriet **22.55** Sherlock

## svt1

**10.45** Dark night of the soul **11.10** Hübinette **11.40** Så ska det låta **12.40** Bombsäkert **14.30** X-Games **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den sjungande trappuppgången **21.00** Game of Thrones **22.00** Dag **22.25** Tv-cirkeln. Game of thrones **22.40** Erlend och Steinjo **23.05** Skavlan

## iNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðarkaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Ráðgjöf og úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is | Sími: 569 6900 | Grænt númer: 800 6969 | Borgartúni 21, 105 Reykjavík

www.ils.is

# Rýmingarsala
# á snyrtivörum
í Lyfjum & heilsu

**40%**
**Afsláttur af eldri vörulínum**
á meðan birgðir endast

**Gríptu tækifærið**

**22.–29. febrúar**

Biotherm
Bobbi Brown
Chanel
Clinique
Dior
Elizabeth Arden
Guerlain
Ilmir
Lancome
Shiseido

Vöruúrval getur verið mismunandi eftir apótekum

PIPAR\TBWA • SÍA • 120585



*Lyf & heilsa snyrtivörur*

Kringlunni
Glerártorgi Akureyri
Selfossi

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst grænmetisborgarinn á Búllunni ómótstæðilegur. Sushismiðjan stendur líka alltaf fyrir sínu en fyrir eitthvað aðeins fínna mæli ég með Grillmarkaðnum.“*

Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður og myndlistarkona.

# Gettu betur-krakkarnir óhugnanlega klárir

„Ég verð bara að vera hreinskilin og viðurkenna að ég er frekar kvíðin fyrir sjónvarpsútsendinguna,“ segir Þórhildur Ólafsdóttir, annar helmingur dómaratvíeykisins í Gettu betur.

Fyrsta sjónvarpsútsending ársins á þessum sívinsæla spurningaþætti framhaldsskóla landsins fer fram á föstudaginn en þá etja kappi Verslunarskóli Íslands og Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þórhildur er nýliðinn í hópnum en Edda Hermannsdóttir er spyrill líkt og í fyrra og Örn Úlfar Sævarsson er spurningahöfundur og dómari ásamt Þórhildi en embætti stigavarðarins var lagt niður í ár.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Við höfum fengið ágætis reynslu í útvarpinu síðan í janúar og erum búin að slípast vel saman. Þetta hefur verið lærdómsríkt ferli hingað til og ber kannski helst að nefna yfirlið spyrilsins í beinni útsendingu í útvarpinu. Ég vona að það endurtaki sig ekki,“ segir Þórhildur og vísar í atvik þegar útvarpskonan Guðrún Dís Emilsdóttir leið út af í beinni útsendingu þegar hún leysti Eddu af hólmi.

Þórhildur viðurkennir að hún sé frekar stressuð yfir föstudeginum en það síðasta sem hún vill er að það komi upp eitthvert vafaatriði varðandi dómgæsluna í beinni. „Þetta eru náttúrulega alveg óhugnanlega klárir krakkar og mig langar að gera þetta vel en það er snúið að búa til spurningar fyrir svona eldklára einstaklinga,“ segir Þórhildur sem ætlar að grípa til ýmissa ráða til að róa taugarnar á föstudaginn. „Ég ætla fyrst og fremst að slaka á í kaffidrykkjunni yfir daginn og skelli mér kannski í tabata-tíma til Eddu spyrils.“ Gettu betur er á dagskrá Rúv á föstudaginn klukkan 20.10.

- áp



**STRESSANDI FÖSTUDAGUR** Þórhildur Ólafsdóttir, nýliðinn í Gettu betur þríeykinu er stressuð yfir fyrstu sjónvarpsútsendingu þáttarins á föstudaginn.

Síðustu sætin!

Stökktu til

**Kanarí**

28. febrúar í viku eða 2 vikur

Frá kr. 69.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 28 febrúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Verð kr. 69.900**
Netverð á mann. Flugsæti 28. febrúar með heimkomu 6. mars eða 13. mars.

**Verð kr. 89.900**
Netverð á mann, m.v. 2 – 4 í studio / íbúð í viku.

**Verð kr. 99.900 með hálfu fæði**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á Hotel Beverly Park í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Krabbameinsfélagið

## Eru lögbundin réttindi krabbameinssjúklinga virt?

Örráðstefna á morgun
23. febrúar

| | |
|---|---|
| 16:30-16:35 | *Ráðstefnan sett.* **Ragnheiður Haraldsdóttir** forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. |
| 16:35-16:40 | *Ráðgjöf.* **Gunnjóna Una Guðmundsdóttir** félagsráðgjafi segir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. |
| 16:40-16:55 | *Framkvæmd laga um réttindi sjúklinga.* **Guðríður Þorsteinsdóttir** skrifstofustjóri Velferðarráðuneytinu. |
| 16:55-17:25 | *Reynslusögur.* **Tveir einstaklingar deila reynslu sinni af samskiptum við heilbrigðiskerfið.** |
| 17:25-17:40 | *Getur heilbrigðisþjónustan staðið sig betur?* **Vilhelmína Haraldsdóttir** framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Landspítalans. |
| 17:40-18:00 | *Spurningar og kaffi.* |

**Fundarstjóri: Laura Sch. Thorsteinsson** verkefnastjóri hjá Landlæknisembættinu.

Allir velkomnir - ókeypis aðgangur.

Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8, 105 Rvk, 540 1900, www.krabb.is



**MÆTIR Á FRUMSÝNINGUNA** Þorvaldi Davíð Kristjánssyni kom heim frá Los Angeles í snatri til að laga nokkrar setningar í myndinni Svartur á leik en það styttist óðum í frumsýninguna 2. mars.

**ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON:** LANGT FERÐALAG FYRIR LÍTIÐ

# Flýgur frá Hollywood til að taka upp nokkra setningar

„Þetta er án efa lengsta ferðalag sem ég hef lagt í fyrir jafn litla vinnu,“ segir leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem er nýkominn til landsins til að taka upp nokkrar setningar í myndinni Svartur á leik.

Þorvaldur leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni en það þurfti að laga nokkrar setningar sem Þorvaldur fer með fyrir frumsýningu myndarinnar hérlendis 2. mars. Þorvaldi fór því óvænt heim í snatri til að taka upp þessa hljóðbúta en hann er búsettur í Los Angeles ásamt unnustu sinni, Hrafntinnu Karlsdóttur. Þorvaldur kom á mánudag og var sérstaklega glaður yfir að geta verið viðstaddur frumsýninguna.

„Þetta er mjög lítið sem vantaði og ég klára að taka það upp í dag eða á morgun. Þetta er spurning um nokkrar setningar en fyrst þeir komu mér heim gat ég ekki staðist það að vera fram yfir frumsýninguna,“ segir Þorvaldur en myndin hefur þegar verið sýnd á kvikmyndahátíðum í Rotterdam og Berlín þar sem hún hefur fengið góðar viðtökur. „Hljóðið var klárað í flýti rétt fyrir heimsfrumsýninguna í Rotterdam og þetta var spurning um að fínpússa nokkra hluti.“

Þorvaldur er spenntur fyrir frumsýningunni hérlendis og óhætt er að segja að landinn sé það líka. Eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun vikunnar er bók Stefáns Mána, sem myndin er byggð á, komin á topp kiljulista Forlagsins. Óskar Þór Axelsson leikstýrir og Jóhannes Haukur Jóhannesson, María Birta og Damon Younger eru á meðal þeirra sem fara með önnur hlutverk í myndinni.

„Ég er mjög spenntur yfir að fá viðbrögðin. Myndin er gróf og lýsir undirheimunum á Íslandi vel,“ segir Þorvaldur og bætir við að hann sé sáttur við útkomuna.

Þorvaldur nær þó ekki að staldra lengi við á Íslandi en hann heldur aftur til Los Angeles daginn eftir frumsýninguna. Þar reynir hann fyrir sér í borg englana en hann útskrifaðist úr leiklistarnámi Julliard-skólans síðastliðið vor. „Ég er að fara á fundi og get vonandi tekið myndina með mér út til að sýna hana. Maður þarf að fylgja þessu eftir,“ segir hann.

alfrun@frettabladid.is

# Tjaldstemning á Þýska barnum

„Það verður alvöru þýsk stemning þarna. Hægt verður að fá bjór í lítrakönnum og allt starfsfólk verður klætt í hefðbundinn þýskan klæðnað, dirndl og lederhosen,“ segir Baldvin Arnar Samúelsson, einn eigenda Þýska barsins.

Stefnt er á að opna barinn um miðjan mars og eru framkvæmdir á fullu um þessar mundir. „Það er búið að rífa allt út úr húsinu og við ætlum að endurinnrétta algjörlega. Það verður fest efni í loftið til að mynda tjaldstemningu inni á staðnum, og verið er að smíða viðarbekki eins og þekkjast á bjórhátíðum þar ytra,“ segir Baldvin.

Hægt verður að fá fjölda tegunda af bjór á krana, þar á meðal hveitibjór, auk þess sem bruggaður verður sérstakur bjór fyrir Þýska barinn sem aðeins verður hægt að fá þar. Lifandi tónlist verður á hverju kvöldi, hljómsveitir spila allar helgar og útsendingar verða frá öllum helstu íþróttaviðburðum. „Við verðum yfirlýstur stuðningsaðili Þýskalands á EM í sumar,“ segir Baddi og bætir við að Ísland verði þó hvatt áfram á Ólympíuleikunum, komist liðið í gegnum umspil, þar sem þýska handboltaliðið verður ekki með.

Baldvin segir marga koma að þessu spennandi verkefni og hóp manna standa að baki barnum.

Staðurinn verður til húsa að Tryggvagötu 22, þar sem Bakkus var síðast og mun rúma á milli 350 og 400 manns.

- trs



**ÞÝSK STEMNING** Baldvin Samúelsson segir mikið verða lagt upp úr að skapa alvöru þýska stemningu á Þýska barnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BYLTINGIN HEFST Í DAG
OG ALLUR HEIMURINN SPILAR MEÐ
PS VITA
PS VITA KEMUR Í VERSLANIR Í DAG!
ENGAR MÁLAMIÐLANIR. ALVÖRU SPILUN.
Frá og með deginum í dag er heimurinn þitt leiksvæði. Splunkuný WiFi, 3G netleikjatölva
með 5" OLED snertiskjá og tveimur stýripinnum færir þér allan kraftinn úr PlayStation 3 í lófann.
Þú getur tekið hana með þér hvert sem er og leikið á ótrúlegustu stöðum. Aðeins í PlayStation Vita.
SONY
make.believe
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Brjálað gera hjá Kolfinnu



Fyrirsætan **Kolfinna Kristófersdóttir** var heldur betur iðin við kolann á nýafstaðinni tískuviku í London en hún gekk tískupallana fyrir sex hönnuði. Þeir hönnuðir sem fóluðust eftir kröftum Kolfinnu voru Topshop Unique, House of Holland, Jonathan Saunders, Acne, Christopher Kane og Giles. Kolfinna, sem er á mála hjá Eskimo fyrirsætuskrifstofunni, er nú flogin á vit ævintýranna í Mílanó og París þar sem hún mun eflaust láta til sín taka á tískupöllunum en hún er vinsælt andlit í tískuheiminum í dag.

### Hvað er svona fyndið?

Skrípóbloggarinn Henrý Þór fer á Facebook-síðu sinni yfir mismunandi reynslu sína af störfum fyrir ritstjóra DV, þá **Reyni Traustason** og **Jón Trausta Reynisson** annars vegar og hins vegar fyrir **Björn Inga Hrafnsson** á Pressunni. „DV hefur gefið mér algjörlega frítt spil til að skjóta á þá sem mér dettur í hug,“ segir Henrý og bætir við. „Hef aldrei fengið tölvupóst með „hvað er svona fyndið við þetta?“ eða „af hverju er þessi að tala um að gera eitthvað svona?“ eða „Ertu að gefa í skyn að þessi og þessi séu spilltir?“ o.s.frv.“ Í þessu ljósi segist hann hafa séð frámunalega skondnar dylgjur dúkka upp á öðrum miðlum um pólitísk tengsl og pólitík í efnistökum DV. **- áp, óká**



## Mest lesið VÍSIR

1. Kom að þjófum á heimili sínu
2. Strauss-Kahn handtekinn og yfirheyrður í Frakklandi
3. Klámiðnaðurinn boðar verkfall í mars
4. Segja að lögreglan gangi gegn tilmælum Ögmundar
5. Tveir fluttir á sjúkrahús vegna ammoníaksleka







Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M